


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. febrúar 2005 – 34. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir

LAUGARDAGUR



**MEIRI KVÓTI Á HIN SKIPIN** Tæplega 40 fjölskyldur á Akureyri og víðar um land missa fyrirvinnuna á næstu mánuðum þar sem 38 skipverjum á frystitogaranum Sléttbaki frá Akureyri hefur verið sagt upp. Útgerð togarans hefur borist gott tilboð í skipið frá Norður-Ameríku. Sjómannaforystan lýsir eftir nánari upplýsingum. **Sjá síðu 2**

**HÁLFUR MILLJARÐUR Í LANDNÁMSBÆINN** Oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn gagnrýnir það sem hann kallar gríðarlega mikinn kostnað borgarinnar vegna landnámsskálans við Aðalstræti. Borgarstjóri segir kostnaðinn vera í samræmi við áætlanir. **Sjá síðu 4**

**SÉRDEILD FYRIR UNGA FANGA** Ungir fangar koma hættulegri úr fangelsum en þeir voru þegar þeir fóru inn, segir Ólafur Ágúst Ólafsson alþingismaður. Hann vill sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18 til 24 ára í nýju fangelsi. **Sjá síðu 8**

VEÐRIÐ Í DAG




**MINNKANDI FROST** Talsvert frost nú í morgunsárið en það dregur úr frosti og þykknar upp þegar líður á daginn. Úrkomulítið eða úrkomulaust um allt land. **Sjá síðu 4**

DAGURINN Í DAG



**MYRKIR MÚSÍKDAGAR** Tinna Þorsteinsdóttir píanóleikari flytur verk eftir Mist Þorkelsdóttur, Kolbein Einarsson, Áskel Másson, Þorstein Hauksson og Steingrím Rohloff á Myrkum músíkdögum í Salnum, Kópavogi. Tónleikarnir hefjast klukkan átta.


| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 38 | Myndlist | 34 |
| Tónlist | 34 | Íþróttir | 30 |
| Leikhús | 34 | Sjónvarp | 40 |





# Fær falleinkunn hjá helmingi landsmanna

**Helmingur landsmanna telur að Halldór Ásgrímsson hafi staðið sig illa eða frekar illa sem forsætisráðherra samkvæmt könnun Fréttablaðsins. Prófessor í stjórnmálafræði segir útkomuna vera með því lakasta sem hann hafi séð.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Tæplega 17 prósent landsmanna telja að Halldór Ásgrímsson hafi staðið sig vel eða mjög vel sem forsætisráðherra samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Um 48 prósent landsmanna telja Halldór hafa staðið sig illa og 35 prósent sæmilega.

„Sígandi lukka er best,“ segir Björn Ingi Hrafnsson, aðstoðarmaður Halldórs, en forsætisráðherra er erlendis og því náðist ekki í hann.

Aðspurður um ástæður þessarar löku útkomu Halldórs í könnuninni segir Björn Ingi: „Á fyrstu og síðustu dögum Halldórs í forsætisráðherraembættinu hafa komið upp erfið mál eins og til dæmis kennaraverkfallið. Við erum samt sannfærðir um að með hækkandi sól muni landið rísa í þessum efnum. Auðvitað munum við reyna að standa okkur eins vel og við getum. Síðan er það að lokum kjósenda að dæma um það hvernig til hefur tekist.“

Aðspurður hvort Íraksmálið eða hræringar í flokknum undanfarið skýri útkomuna að einhverju leyti segir Björn Ingi: „Þessi mál hjálpa örugglega ekki til, en ég tel að það séu að verða vatnaskil í umræðunni um Írak og að mikill vilji sé til þess hjá þjóðinni að ræða um önnur verkefni sem ef til vill eru brýnni.“

Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, segir að þessi útkoma sé með því lakasta sem hann hafi séð.

Kannanir Gallup hafi líka sýnt að ánægjan með Halldór sé að minnka og þessi könnun endurspegli þá þróun ágætlega.

„Ríkisstjórnin hefur átt undir högg að sækja og það er alveg bersýnilegt að þessi byrjun á forsætisráðherraferlinum hjá Halldóri hefur verið honum erfið. Hann hefur lent í óþægilegum málum eins og Íraksmálinu og svo náttúrlega eldri málum eins og fjölmiðlamálinu. Það er samt nauðsynlegt að halda því til haga að formaður í flokki með lítið fylgi er viðkvæmari fyrir öllum sveiflum í svona könnunum, en formaður í flokki með mikið fylgi. **sjá síðu 6**

**- th**



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**ÞORRABLÓT Í SMÁRASKÓLA** Krökkunum í sjötta U í Smáraskóla þótti hákarlinn misgóður sem þau gæddu sér á í gær á þorrablóti sem haldið var í skólanum. Foreldrum var boðið á blótið og skemmtu sér með börnum sínum og bekkjarfélögum þeirra.

Kaupstefna á Íslandi:

## Búist við 500 gestum

**FERÐAÞJÓNUSTA** Mid-Atlantic-ferðakaupstefnan, sem haldin er á vegum Icelandair, hefst í kvöld. Kaupstefnan, sem stendur til 6. febrúar, er árlegur viðburður í ferðaþjónustu og er ætluð til að tengja kaupendur og seljendur í Ameríku og Evrópu.

Aldrei hefur jafnmikill fjöldi sótt kaupstefnuna og í ár en búist er við 500 gestum frá 17 löndum. **- bs**

Allur dómurinn yfir norska njósnaranum Arne Treholt birtur:

## Gaf upplýsingar um öryggi Íslands

**NOREGUR** Norsk dagblöð birtu í gær allan dóminn yfir Arne Treholt, Norðmanninum sem dæmdur var fyrir njósnir fyrir Sovétmenn í júní 1985, og er þetta í fyrsta skipti sem allur dómurinn er birtur.

Í dómnum kemur fram að Treholt hafi gefið Sovétmönnum upplýsingar um fund milli Bandaríkjamanna og Norðmanna en á honum hafi verið fjallað um Svalbarða, ágreining Sovétmanna og Norðmanna um efnahagslögsögu og hernaðarmátt Sovétmanna á Kolaskaga. Einnig var minnst á ágreining við Breta um veiðar á Íslandsmiðum og mögulegar afleiðingar áframhaldandi átaka, bresk herskip á miðunum, veru Íslands í Nato og herstöðina í Keflavík.

Í dómnum er einnig fjallað um hernaðarlegt gildi Íslands í friði, átökum og stríði og ljósi varpað á mögulegar breytingar í öryggispólitískri þátttöku Íslendinga. Treholt lét Sovétmönnum í té yfirlit yfir öryggismál á Norður--Atlantshafi, þýðingu Íslands og herstöðvarinnar í Keflavík og hugsanleg áhrif á norska og sovéska hagsmuni ef Bandaríkjamenn færu frá Íslandi. Hann taldi að Sovétmenn næðu þá undirtökunum á Norður-Atlantshafi. **- ghs**




Hallgrímur svarar fyrir sig:

*Ljúfur Kári*

SÍÐA 30 ▶



Jóhannes Páll II veikur:

*Kardinálar vilja aldurstakmörk á páfa*



SÍÐUR 32 & 33 ▶



## SPURNING DAGSINS

*Einar, eru brjóstamyndirnar teknar við vopnaleit?*

**Það eru teknar myndir við vopnaleit en ekki brjóstamyndir.**

Einar Marteinsson er eigandi skemmtistaðarins Palace en þar er gerð vopnaleit á gestum áður en þeir fara inn á staðinn. Á heimasíðu Palace má finna myndir af brjóstum og brjóstaskorum kvenkynsgesta staðarins.

Íslendingar í Helsingborg:

# Beið í vinnunni meðan hættan leið hjá

**HELSINGBORG** Um 10 þúsund tonn af brennisteinssýru láku úr tanki á starfssvæði Kemira-fyrirtækisins í Helsingborg í Svíþjóð í gærmorgun og er óttast að leki geti komið að öðrum tanki. Fjórir eða fimm Svíar voru fluttir á sjúkrahús.

Sýran rann niður að höfninni og myndaðist þar eiturský. Stórt svæði var afgirt og þurftu 4.500 íbúar að rýma íbúðir sínar og komast ekki heim fyrr en eftir helgi. Íbúar í nágrenninu voru hvattir til að halda sig inni. Skólar gáfu frí og samgöngur lágu niðri fram að hádegi.

Olgeir Einarsson háseti býr með fjölskyldu sinni í tveggja kílómetra fjarlægð frá höfninni í Helsingborg. Konan hans, Unnur Skúladóttir, starfar við ræstingar í skóla í miðborginni og var hún komin til vinnu þegar blásið var af almannavarnaflautunum. Engin börn mættu í skólann og varð Unnur að halda sig í skólanum fram eftir hádegi.

Sjálfur vinnur Olgeir á einni af ferjunum milli Trelleborgar og Rostock og hafði þetta því engin áhrif á hann.

- ghs

Þota með 104 farþega:

# Hrapaði í fjalllendi

**AFGANISTAN, AP** Farþegaþota með 104 einstaklinga innanborðs er talin hafa hrapað nærri Kabúl, höfuðborg Afganistans, í óveðri sem hún flaug í gegnum. Flugvélin hvarf af ratsjám yfir fjalllendi, suðaustur af borginni, þar sem henni var flogið gegnum snjóbyl.

Tyrkneskir embættismenn, sem sjá um flugvöllinn, tilkynntu að brak flugvélarinnar hefði fundist en það var síðar borið til baka. Leit var hætt í gær en átti að hefjast aftur í dag þegar birti.

Ættingjar þeirra sem voru um borð og þeir sem stjórnuðu leitinni lýstu áhyggjum af því þegar nóttaði og frostið jókst að litlar líkur væru á að nokkur úr flugvélinni fyndist á lífi. Reynist það rétt er þetta mannskæðasta flugslys í sögu Afganistan. ■



**FLUGVÉLAR LEITAÐ** Afganskir lögreglu- og hermenn leituðu flugvélarinnar í gær.

Snjóríki í Evrópu:

# Her hjálpar skíðafólki

**AUSTURRÍKI, AP** Kalla þurfti á aðstoð austurríska hersins þegar 300 gestir á skíðahóteli í austurrísku ölpunum voru innikróaðir vegna snjóflóða sem höfðu fallið á vegi í nágrenninu og hætta var á fleiri flóðum.

Viðbúnaður vegna snjóflóðahættu var komið á efsta viðbragðsstig og því sendi herinn þyrlur til að koma fólkinu í öruggt skjól. Flestir gestanna voru skólabörn á skíðanámskeiði.

Snjór veldur fleirum en Austurríkismönnum vandræðum. Í Búlgaríu og Rúmeníu hefur snjónum kyngt niður dögum saman, mörg þorp hafa einangrast og bílstjórar þurft að hafast við í bílum sínum. ■



**HERINN TIL HJÁLPAR** Hermaður leiðbeinir skólabörnum sem verið er að flytja á brott í þyrlu.

Vistmanns leitað:

# Fannst innanhúss á Eir

**LÖGREGLA** Lögregla og björgunarsveitarmenn leituðu í gærkvöld að níræðum vistmanni af hjúkrunarheimilinu Eir í Grafarvogi og tók einn leitarhundur þátt í leitinni.

Mannsins hafði verið saknað frá því upp úr klukkan fimm í gær og var lögregla kölluð til leitar rétt fyrir klukkan sjö. Maðurinn hefur horfið frá Eir.

Maðurinn fannst rétt fyrir klukkan níu í gærkvöld inni á Eir og hafði ekkert farið af hjúkrunarheimilinu. Ekkert amaði að honum .- ghs

# Kvótinn á hin skipin

**Tæplega 40 fjölskyldur á Akureyri og víðar um land missa fyrirvinnuna á næstu mánuðum þar sem 38 skipverjum á Sléttbaki frá Akureyri hefur verið sagt upp. Útgerð togarans hefur borist gott tilboð í skipið frá Norður-Ameríku.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Hákon Alfreðsson, formaður Sjómannafélags Eyjafjarðar, gagnrýnir aðferð Brims við uppsagnirnar á 38 skipverjum á Sléttbaki. Hann segir að sjómenn hafi haft samband við félagið og látið í ljós ótta um að missa vinnuna en vonandi komi annað og hagkvæmara skip í staðinn. Sjálfur segist hann pirraður yfir því hvaða aðferðum hafi verið beitt við uppsagnirnar.



**KONRÁÐ ALFREÐSSON** Formaður Sjómannafélags Eyfirðinga.

„Guðmundur kom um borð í höfninni í Reykjavík þegar þeir voru að fara norður í Barentshaf í 40 daga túr. Sjómennirnir fengu það hlutskipti að tilkynna fjölskyldum sínum í gegnum síma að þegar þeir kæmu í land næst væru þeir orðnir atvinnulausir. Það er svolítið dapurlegt að mínu mati. Mér finnst líka dapurlegt að Brim skuli ekki sjá ástæðu til að bjóða forsvarsmönnum sjómannafélagsins, skipstjórafélagsins og vélstjórafélagsins til fundar og ræða þessi mál, kynna þeim af hverju mönnunum sé sagt upp og hvað sé fram undan. Mér finnst það frekar dapurlegt.“

Hákon rifjar upp ummæli um að endurskipulagning á skipastóli félagsins sé í skoðun. „Það læðist uggur að öllum öðrum sjómönnum hjá Brimi og þeir spyrja sig þess hvað sé fram undan. Þeir geta ekki svarað því hvað verður um kvóta skipsins. Er það í land eða verður hann áfram í byggðarlaginu? Menn verða órólegir og hræddir. 38 fjölskyldur á Akureyri jafngildir því að allir íbúar í Hrísey missi allt á einu bretti,“ segir hann.

Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims, segir að staðið hafi verið eðlilega að uppsögnunum. Frystiskiparekstur sé erfiður í dag. Við söluna færist kvótinn af Sléttbaki yfir á hin skipin og það komi mönnunum til góða. Einn frystitogari sé eftir hjá félaginu og ekki standi til að selja hann. Reynt verði að finna öllum mönnunum pláss hjá félaginu.

ghs@frettabladid.is



**SLÉTTBAKUR** 38 skipverjum hefur verið sagt upp störfum.



**ÞYRLA LANDHELGISGÆSLUNNAR** Þyrlan var kölluð til aðstoðar og lenti með manninn á Landspítalanum klukkan rúmlega þrjú.

Vinnuslys á Akranesi:

# Með alvarlega hryggáverka

**SLYS** Maður á fimmtugsaldri hlaut alvarlega hryggáverka í slysi á Akranesi í gær. Maðurinn var á vörubíl með tengivagni við að keyra möl í grunn að Flötum skammt frá Akranesi þegar slysið varð upp úr klukkan tvö.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu atvikaðist það þannig að maðurinn hafði bakkað að grunninum þannig að bíllinn og tengivagninn mynduðu spíss. Þegar hann sturtaði af vagninum fór eitthvað úrskeiðis og vagninn klemmdi manninn fastan inni í bílhúsinu. Kalla þurfti á tækjabíl til að klippa manninn út en það tók um klukkustund.

Kallað var eftir aðstoð þyrlu Landhelgisgæslunnar til að flytja manninn á slysadeild. Þyrlan var komin á Landspítann klukkan rúmlega þrjú.

Samkvæmt upplýsingum frá vakthafandi lækni á gjörgæsludeild Landspítalans er ástand mannsins stöðugt; hann er ekki í lífshættu en hlaut alvarlega áverka á hrygg.

- bs




Vaxtarsamningur við Vestfirði:

# Ísafjörður verði byggðarkjarni

**BYGGÐARMÁL** Iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra undirrituðu samkomulag á Ísafirði í gær um að vinna sameiginlega að því að efla rannsóknir og þróunarstarfsemi í sjávarútvegi. Samkvæmt samkomulaginu munu ráðuneytin vinna að tveimur verkefnum á Ísafirði í ár, annað á sviði veiðarfærarannsókna en hitt varðar þorskeldi í sjókvíum. Ráðuneytin leggja til tíu milljónir króna hvort vegna verkefnanna.

Við sama tækifæri voru kynntar niðurstöður skýrslu Verkefnisstjórnar um byggðaáætlun Vestfjarða. Þar kemur fram að Vestfirðir eigi mikla möguleika til vaxtar og þróunar á næstu árum og búist er við að íbúum á svæðinu muni fjölga um hálft prósent á ári næstu fimmtán ár.

Í skýrslunni er lögð áhersla á að efla Ísafjörð sem byggðarkjarna Vestfjarða og einnig verður gerður þriggja ára vaxtarsamningur sem miðast við að styrkja hagvöxt einstakra svæða á Vestfjörðum. Tillögurnar taka mið af sambærilegum áherslum víða erlendis þar sem lögð er áhersla á að efla byggðakjarna með markaðstengdum aðgerðum.

- bs



**FRÁ ÍSAFIRÐI** Samningurinn miðast við að efla Ísafjörð sem byggðarkjarna Vestfjarða.

damixa™



Blöndunartæki fylgja ekki

**18.900**
~~25.900~~

## Eldhúsvaskur
Borð 50x60,5 sm
8031230



Blöndunartæki fylgja ekki

**5.990**
~~8.590~~

## Vegghandlaug
**Trevi**, 560x440mm
8076027



**17.990**
~~29.900~~

Blöndunartæki og botn fylgja ekki



damixa™

**Blöndunartæki**
Damixa Jupiter m/lyftitappa
8000095
Verð áður 11.990
**7.990**



KLUDI

**Blöndunartæki**
Kludi m/lyftitappa
8004160
Verð áður 29.990
**22.500**

**Sturtuhorn**
Chinchilla, hert öryggisgler
69x79 sm
8028440

Chinchilla,hert öryggisgler
79x89 sm
8028442
Verð áður 31.900
**18.990**



**16.900**
~~27.990~~

GUSTAVSBERG

**Salerni**
P, Lin seta
8074999



**Æfingaseta**
Pallur og koppur
5749175
Verð áður 2.995
**1.995**




**WC setuloks læsing**
5749051
Verð áður 695
**495**




**Hitamælir**
Önd/Selur í bað
5749165
Verð áður 495
**395**

# Hreinlætistækjadagar

## allt að 40% afsláttur



**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 05.02.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 62,42 | 62,72 |
| Sterlingspund | GBP | 117,59 | 118,17 |
| Evra | EUR | 80,90 | 81,36 |
| Dönsk króna | DKK | 10,88 | 10,93 |
| Norsk króna | NOK | 9,75 | 9,81 |
| Sænsk króna | SEK | 8,90 | 8,95 |
| Japanskt jen | JPY | 0,60 | 0,60 |
| SDR | XDR | 94,62 | 95,18 |

*Gengisvísitala krónunnar*

111,45 +0,67%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Sorpa lokaði í Grafarvogi um áramót:

# 40 milljónir sparast

**SPARNAÐUR** „Þetta var einfaldlega sparnaðarráðstöfun. Það var krafa sveitarfélaganna sem eiga og reka Sorpu að draga úr kostnaði við þessa þjónustu,“ segir Ögmundur Einarsson, framkvæmdastjóri Sorpu, en endurvinnslustöðinni í Bæjarflöt í Grafarvogi var lokað um áramót.

Hann segir að talið sé að fjörutíu milljónir króna sparist á ári við að loka stöðinni en árlegur rekstrarkostnaður allra endurvinnslustöðvanna er 320 milljónir.

Ólafur F. Magnússon, borgarfulltrúi F-lista spurði um ástæðu lokunar Grafarvogsstöðvarinnar á borgarráðsfundi á fimmtudag. Hún er sumsé peningar. „Þetta var samdómaálit allra stjórnarmanna,“ segir Ögmundur og viðurkennir að sér hafi þótt óljúft að loka. „En ég varð að fara eftir fyrirmælum.“

Næsta endurvinnslustöð er á Sævarhöfða og þangað hafa Grafarvogsbúar farið með drasl sitt og dót. Nálægð stöðvanna tveggja réð mestu um að ákveðið var að loka í Bæjarflötinni en ekki annars staðar.

Og Ögmundur framkvæmdastjóri hefur ekki farið varhluta af óánægju. „Ég hef heyrt fullt af óánægjuröddum,“ segir hann. „Hins vegar var merkilegt með þessa stöð í Grafarvogi að hún stækkaði ekki í magni eða heimsóknarfjölda í líkingu við hverfið.“ **- bþs**



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**FLOKKUM OG SKILUM**
Grafarvogsbúar þurfa nú að fara í Sævarhöfða með dót til endurvinnslu.

Hálka á Norðurlandi:

# Bílvelta á Dalvík

**LÖGREGLUMÁL** Ökumaður slapp ómeiddur þegar bíll hans valt rétt sunnan við Dalvík á áttunda tímanum í gærmorgun. Að sögn lögreglunnar á Dalvík var mikil hálka á veginum og missti ökumaðurinn stjórn á bílnum með fyrrgreindum afleiðingum.

Maðurinn var fluttur á heilsugæslustöðina á Dalvík þar sem hugað var að honum en hann reyndist lítið sem ekkert meiddur. Bíllinn er hins vegar mikið skemmdur og talinn óökufær. Hann var dreginn af vettvangi skömmu eftir að óhappið átti sér stað. **-bs**



**TEKIÐ TIL EFTIR ÁRÁS**
Vopnaðir menn réðust á mosku sjíamúslima í Bagdad og skemmdu hana með sprengjum.

Írösku kosningarnar:

# Mikið fylgi lista sjía

**ÍRAK, AP** Sameinaða íraska bandalagið hefur mikið forskot á önnur framboð í írösku kosningunum samkvæmt þeim tölum sem hafa verið birtar. 3,3 milljónir atkvæða hafa verið taldar úr tíu héruðum þar sem sjíamúslimar eru fjölmennir.

Sameinaða íraska bandalagið, listinn sem komið var saman að frumkvæði hins áhrifamikla sjía-klerks Ali al-Sistani, fékk 2,2 milljónir þeirra 3,3 milljóna atkvæða sem hafa verið talin. Næst kemur Íraski listinn, framboð Iyad Allawi forsætisráðherra og félaga hans, með tæplega 600 þúsund atkvæði. ■

## ATVINNUMÁL

**FUNDAÐ UM REGLUGERÐINA**
Drög að reglugerð um atvinnuréttindi útlendinga eru á lokastigi. Búist er við að fulltrúi félagsmálaráðuneytisins eigi fund með fulltrúum Samtaka atvinnulífsins og verkalýðshreyfingarinnar á næstunni og verið að honum loknum reynt að ná sátt um reglugerðina. Að því búnu verður hún gefin út.

# Hálfur milljarður í landnámsbæinn

**Oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn gagnrýnir það sem hann kallar gríðarlega mikinn kostnað borgarinnar vegna landnámsskálans í Aðalstræti. Borgarstjóri segir kostnaðinn vera í samræmi við áætlanir.**

**BORGARMÁL** Kostnaður Reykjavíkurborgar vegna landnámsbæjarins við Aðalstræti er kominn í rúmlega 320 milljónir króna. Í bréfi innri endurskoðunardeildar sem lagt var fyrir borgarráð kemur fram að á þessu ári og því næsta verði lagðar 207 milljónir króna til viðbótar í landnámsbæinn. Heildarkostnaður borgarinnar vegna landnámsbæjarins verður því vel yfir hálfan milljarð króna.

„Mér finnst þetta gríðarlega mikill kostnaður við þennan skála,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn. „Síðan á eftir að reka þetta og kostnaðurinn á því bara eftir að aukast. Ég er ekki viss um að þeir sem byggðu þennan bæ á landnámstímanum hafi gert ráð fyrir því að borgarsjóður Reykjavíkur ætti eftir að verða fyrir þvílíkum búsifjum vegna hans á 21. öldinni.“

Í desember seldi borgin fyrirtækinu Stoðum sýningarskálann, sem verður í kjallara hótelsins sem verið er að byggja á Aðalstræti, fyrir 160 milljónir króna. Borgin gerði samning við Stoðir um að leigja kjallarann. Samningurinn er til 25 ára og greiðir borgin 1,7 milljónir króna í leigu á mánuði eða samtals 510 milljónir á 25 árum. Vilhjálmur Þ. segir samninginn óhagstæðan fyrir borgina. Borgin fái vissulega peninginn núna en greiði hann allan til baka og vel rúmlega það. Vilhjálmur Þ. segir að fornleifarnar þurfi náttúrlega ákveðna umgjörð. Kostnaðurinn sé samt kominn fram úr öllu hófi og það lýsi ekki góðri fjármálastjórn.



**VILHJÁLMUR Þ.**
„Mér finnst þetta gríðarlega mikill kostnaður.“

Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri segir að rústirnar séu umfangsmiklar og kostnaður vegna fornleifarannsókna sé almennt mjög mikill. Hún vísar hins vegar gagnrýni Vilhjálms Þ. til föðurhúsanna því heildarkostnaður borgarinnar vegna landnámsbæjarins sé í fullu samræmi við áætlanir. Þá segir hún samninginn við Stoðir vera hagstæðan. Ákveðin hagkvæmni sé fólgin í því að sama fyrirtækið eigi bæði hótelið og sýningarskálann. Borgin muni einnig koma til með að spara fjármuni því Stoðir muni sjá um viðhald skálans.

**trausti@frettabladid.is**



**AÐALSTRÆTI**
Sýningarskálinn verður í kjallara hótelsins sem verið er að byggja á horni Túngötu og Aðalstrætis

**STEINUNN VALDÍS**
Vísar gagnrýni Vilhjálms Þ. til föðurhúsanna.

Veðrið í ársbyrjun:

# Dyntóttur janúar

**VEÐURFAR** Illviðri voru tíðari og snjór meiri í janúarmánuði en verið hefur á sama tíma undanfarin ár samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands. Síðasta vika mánaðarins var hins vegar mjög hlý og leysti snjó af láglendi og upp með fjöllum.

Hæsti hiti mældist á Teigarhorni og var 18 gráður 30. janúar, en mest mældist frost við Auðkúluheiði og var 23,9 stig 2. janúar. Meðalhiti í Reykjavík var -0,2 stig sem er 0,3 gráðum yfir meðallagi en á Akureyri var meðalhiti -0,6 stig sem er 1,6 gráðum yfir meðallagi. Sólskinsstundir voru nærri meðallagi bæði í Reykjavík og á Akureyri. **- bs**

Banaði dóttur sinni:

# Áfram á Sogni

**DÓMSMÁL** Móðirin sem varð ellefu ára dóttur sinni að bana og særði son sinn á Hagamel í lok maí í fyrra er gert að sæta áfram öryggisgæslu á réttargeðdeildinni að Sogni. Hún er ekki talin sakhæf og segir í áliti geðlæknis að hún hafi verið alls ófær um að stjórna gerðum sínum þegar hún framdi verknaðinn.

Móðurinni var einnig gert að greiða syni sínum eina og hálfa milljón króna í miskabætur en hún stakk hann sex sinnum áður en hann náði að forða sér út af heimilinu og leita sér hjálpar. **- hrs**

## EVRÓPA

**SKÓLARÚTA Í ÁREKSTRI** Tveir fullorðnir létust og 23 börn slösuðust í árekstri á ísilögðum vegi í vesturhluta Þýskalands. Þeir sem létust voru í bíl sem rakst á skólarútu. Tvö barnanna voru hættulega slösuð en flest voru með beinbrot eða skrámur að sögn lögreglu.


OPIÐ Í DAG 10-14.30

Stór humar

Fiskbúðin Vör – Fiskikóngurinn –

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

Opið laugardaga 10-14:30


## Veðrið

**VONSKUVEÐUR SÍÐDEGIS Á MORGUN**
Það er svellkalt nú í morgunsárið en það dregur smá saman úr frosti í dag. Það má búast við allhvössum vindi á Vestfjörðum og strekkingi á annesjum norðan til annars hægari. Það þykknar upp um allt land síðdegis og í kvöld.

**MORGUNDAGURINN**
Hvassviðri eða stormur víðast hvar síðdegis, síst þó norðaustan til. Þessu fylgir mjög mikið vatnsveður einkum suðvestan til. Sem sagt slagveðurssuddi síðdegis á morgun.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Í dag




### Á morgun




Vonskuveður síðdegis með mikilli rigningu sunnan og vestan til. Hlýnar.

### Mánudagur




Allhvasst á annesjum sunnan og vestan til annars hægari. Kólnandi veður, fyrst vestan til.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 3°C skýjað | | Frankfurt | 0°C alskýjað | | Torrevieja | 12°C skýjað |
| Osló | 4°C skýjað | | Prag | -3°C skýjað | | Róm | 10°C heiðskírt |
| London | 5°C skýjað | | Amsterdam | 2 C rigning | | New York | 4°C heiðskírt |
| París | 9°C skýjað | | Varsjá | -6°C skýjað | | Miami | 22°C heiðskírt |

Svæði þar sem búast má við talsverði vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



Aldrei fleiri
áfangastaðir!
SumarPlús
2005
Opið
laugardag 10-16
sunnudag 12-16
Verðdæmi á mann
Costa del Sol
Verð frá 47.066 kr.*
á Santa Clara í 7 nætur.
57.438 kr. ef 2 ferðast saman.
Krít
Verð frá 49.400 kr.*
á Skala í 7 nætur.
60.100 kr. ef 2 ferðast saman.
Portúgal
Verð frá 39.500 kr.*
á Elimar í 7 nætur.
54.200 kr. ef 2 ferðast saman.
Mallorca
Verð frá 38.730 kr.*
47.730 kr. ef 2 ferðast saman.
Benidorm
Verð frá 34.230 kr.*
á Halley í 7 nætur.
46.300 kr. ef 2 ferðast saman.
*á mann m.v. að 2 fullorðnir og 2 börn, 2ja-11 ára, ferðist saman.
Innifalið: Flug, gisting, 10.000 bókunarafsláttur og flugvallarskattar.
EUROCARD
MasterCard
VISA
plús
FERÐIR
Plúsferðir • Hlíðasmára 15 • 200 Kópavogur • Sími 535 2100 • www.plusferdir.is



## KJÖRKASSINN

*Telur þú að skipt verði um formann í Samfylkingunni á þessu ári?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 60,29% |
| Nei | 39,71% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Viltu að líffæri þín nýtist öðrum að þér liðnum?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Óvíst hvort olíufélögin séu skaðabótaskyld vegna útboðs borgarinnar árið 2001:

# Bara bætur vegna útboðs árið 1996

**SAMRÁÐ** Líklegt er að Reykjavíkurborg fari aðeins fram á skaðabætur frá olíufélögunum Olís, Essó og Skeljungi vegna eins af þremur útboðum sem snertu borgina og fjallað er um í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

Borgaryfirvöld hafa falið Vilhjálmi H. Vilhjálmssyni lögfræðingi að undirbúa skaðabótakröfu á hendur félögunum. Í gögnum samkeppnisyfirvalda er fjallað um þrjú útboð Reykjavíkurborgar sem olíufélögin tóku þátt í. Útboðin fóru fram árið 1993, 1996 og 2001 og snertu þau öll olíu- og bensínkaup fyrirtækja borgarinnar. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála telur að olíufélögin hafi haft samráð í útboðunum árin 1996 og 2001 en að útboðið árið 1993 hafi ekki falið í sér brot á samkeppnislögum.

Vilhjálmu telur, í minnisblaði sem lagt var fyrir borgarráð á fimmtudaginn, að borgaryfirvöld eigi rétt til skaðabóta vegna samráðsins árið 1996. Hann treystir sér hins vegar ekki að meta hvort olíufélögin séu skaðabótaskyld vegna útboðsins árið 2001.

Útreikningar á bótakröfunni mun liggja fyrir eftir fjórar til sex vikur. **- th**



**VILHJÁLMUR H. VILHJÁLMSSON**
Borgaryfirvöld hafa falið Vilhjálmi að útbúa kröfugerð vegna ólögmæts samráðs olíufélaganna.

Donald Rumsfeld:

# Bauð fram afsögn sína

**BANDARÍKIN, AP** Donald Rumsfeld, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, bauðst tvisvar til að segja af sér þegar fangamisþyrmingarnar í Abu Ghraib fangelsinu í Írak voru hvað mest áberandi í fyrra. Í bæði skiptin hafnaði George W. Bush Bandaríkjaforseti afsögn hans.

Rumsfeld sagði frá þessu í viðtali á CNN. Hann sagði að hann hefði viljað að Bush tæki ákvörðun um framtíð sína og því hefði hann ákveðið að gegna embætti áfram þegar Bush sagðist ekki vilja að hann færi. ■



**LAUGAVEGUR**
Borgarfulltrúi segir nýjar byggingar standa auðar ekki síður en þær eldri.

Ólafur F. Magnússon:

# Áhyggjur af niðurrifi

**BORGARMÁL** Margar nýbyggingar við Laugaveg eru gersamlega úr takt við eldri byggð og götumynd þessarar helstu götu borgarinnar að sögn Ólafs F. Magnússonar, borgarfulltrúa F-listans.

Á fundi borgarráðs í vikunni lýsti Ólafur F. yfir áhyggjum vegna niðurrifs gamalla húsa við Laugaveg. Hann segir að nýju byggingarnar standi síðan ekki síður auðar en þær sem eldri eru. Á fundinum lagði hann fram fyrirspurn þar sem hann óskar svara við því hversu mörg hús við Laugaveg hafi verið rifin í valdatíð R-listans. Einnig vill hann svör við því hversu mörg hús verði leyft að rífa samkvæmt nýlegum uppbyggingarhugmyndum R-listans. **- th**

# Lítil ánægja með Halldór

**Þjóðin virðist ekki ánægð með frammistöðu Halldórs Ásgrímssonar sem forsætisráðherra. Í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins segir tæpur helmingur að hann hafi staðið sig illa. Tæp 17 prósent telja hann hafa staðið sig vel.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Einungis 16,6 prósent landsmanna telja að Halldór Ásgrímsson hafi staðið sig vel eða mjög vel sem forsætisráðherra samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Tæpur helmingur telur að hann hafi staðið sig frekar illa eða illa og 35,3 prósent telja að hann hafi staðið sig sæmilega.

Ef þeir eru skoðaðir sem telja að Halldór hafi staðið sig vel, telja fimm prósent að hann hafi staðið sig mjög vel en 11,6 prósent segja að hann hafi staðið sig vel. Fólk á landsbyggðinni virðist aðeins hrifnara af störfum Halldórs, en fólk á höfuðborgarsvæðinu. Tæplega 20 prósent manna á landsbyggðinni telja því að Halldór hafi staðið sig vel eða mjög vel sem forsætisráðherra, en einungis tæp 15 prósent höfuðborgarbúa.

Heldur fleiri konur en karlar telja að Halldór hafi staðið sig sæmilega í starfi, eða 37,3 prósent á móti 33,5 prósentum karla. Þá eru mun fleiri á höfuðborgarsvæðinu sem telja að Halldór hafi staðið sig sæmilega í starfi, eða 39,3 prósent, á móti 29,5 prósentum manna á landsbyggðinni.

Af þeim sem ekki eru hrifnir af frammistöðu Halldórs eru fleiri líklegri til að segja að hann hafi staðið sig illa, heldur en frekar illa. Tæp 34 prósent segja hann hafi staðið sig illa, en rúm 14 prósent segja að hann hafi staðið sig frekar illa. Alls telja 48 prósent að Halldór hafi staðið sig frekar illa eða illa.

Í þjóðarpúlsi Gallup, þar sem reglulega er spurt hvort fólk sé ánægt eða óánægt með störf Halldórs Ásgrímssonar sem ráðherra, hefur ánægja með störf Halldórs dalað nokkuð. Í september 2003 voru 59,3 prósent ánægð með störf Halldórs. Í apríl á síðasta ári var hlutfallið 44,2 prósent. Í október 2004, tæpum mánuði eftir að Halldór varð forsætisráðherra, voru einungis 32,1 prósent ánægð með störf hans og hafði hlutfall ánægðra aldrei mælst minna. Spurningin sem Gallup spyr er ekki sú sama og spurning Fréttablaðsins, svo það þarf að fara varlega í það að gera samanburð á milli kannana Fréttablaðsins og Gallup, en þetta virðist benda til þess að ánægja með störf Halldórs sem ráðherra hafi snarminnkað eftir að hann tók við sem forsætisráðherra.

Hringt var 1. febrúar í 800 manns sem skiptust jafnt milli kynja og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var: Hvernig þykir þér Halldór Ásgrímsson hafa staðið sig sem forsætisráðherra? Mjög vel, vel, sæmilega, frekar illa eða illa. 87 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.

svanborg@frettabladid.is

**Hvernig hefur Halldór Ásgrímsson staðið sig sem forsætisráðherra?**






**GLAÐST YFIR FORSÆTISRÁÐHERRASKIPTUM**
Halldór Ásgrímsson tók við embætti forsætisráðherra 15. september á síðasta ári. Síðan þá hefur ánægja með störf hans sem ráðherra dalað.

Jón Bjarnason:

# Vill efla trúverðugleikann

**ALÞINGI** Jón Bjarnason, þingmaður Vinstri grænna, er flutningsmaður þingsályktunartillögu um sjálfstæði og eflingu Fjármálaeftirlitsins. Hann vill að fjármálaeftirlitið verði fært undir alþingi til að efla trúverðugleika þess en nú er eftirlitið undir viðskiptaráðherra.

Í tillögunni er mælst til þess að alþingi feli ríkisstjórninni að skipa nefnd sem geri úttekt á starfsskilyrðum Fjármálaeftirlitsins og stöðu þess gagnvart ráðherra, ríkisstjórn og fjármálamarkaðnum. Hann segir of mikla leynd hvíla á störfum Fjármálaeftirlitsins og þar vanti meira gagnsæi. **- hrs**



**JÓN BJARNASON**
Segir of mikla leynd vera á störfum Fjármálaeftirlitsins.

## LEIÐRÉTTING

**EINUM ÞINGMANNI OFAUKIÐ** Í frétt um fylgi stjórnmálaflokkanna samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins í gær var einum þingmanni sjálfstæðismanna ofaukið. Samkvæmt könnuninni myndu þeir þá fá 22 þingmenn en ekki 23, einum færri en Samfylkingin. Hins vegar verður að hafa í huga að mjög lítill munur var á fylgi sjálfstæðismanna og Samfylkingarinnar.

Heilbrigðisráðherra eflir geðheilbrigðisþjónustu:

# Sérstök fjárveiting upp á 42 milljónir

**HEILBRIGÐISMÁL** Rúmlega 42 milljóna króna aukafjárveitingu verður varið á þessu ári til að efla geðheilbrigðisþjónustu innan heilsugæslunnar.

Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, hefur skipt sérstakri fjárveitingu á fimm verkefni í þessu skyni. Tólf milljónir króna renna til Heilsugæslunnar í Reykjavík til að auka þjónustu Geðteymis heimahjúkrunar og til að auka þjónustu á Heilsugæslustöð miðbæjar. Þá verður tólf milljónum varið til að standa undir tilraunaverkefni um sálfræðiþjónustu í heilsugæslunni, Það er þjónustu og þjálfun starfsmanna vegna meðferðarhópa á heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Níu milljónir króna verða nýttar til að gera þjónustusamninga við heilsugæslustöðvar á landsbyggðinni um geðheilbrigðisþjónustu við börn og ungmenni. 5,4 milljónir króna renna til Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja til að efla þjónustu við börn með geðræn og sálfélagsleg vandamál, og 3,7 milljónir króna renna til Miðstöðvar heilsuverndar barna í þeim tilgangi að efla geðheilbrigðisþjónustu miðstöðvarinnar. **- jss**



**JÓN KRISTJÁNSSON**
Hefur skipt sérstakri fjárveitingu í fimm verkefni á sviði geðheilbrigðisþjónustu.

Árekstur við Eskifjörð:

# Keyrði á flutningabíl

**LÖGREGLUMÁL** Einn var fluttur á sjúkrahús með lítils háttar meiðsli eftir að fólksbíll ók framan á flutningabíl með tengivagn í brekku á Hólmahálsi rétt fyrir klukkan átta í gærmorgun. Að sögn lögreglunnar á Eskifirði voru aðstæður slæmar og mikil hálka. Tveir voru í fólksbílnum og einn í flutningabílnum.

Farþegi fólksbílsins var fluttur á sjúkrahús til skoðunar en meiðsli hans reyndust lítils háttar. Báðir bílarnir skemmdust hins vegar mikið. Flutningabíllinn var ökufær og var dreginn af slysstað og fólksbifreiðin var flutt á brott með vörubíl. **- bs**

# Fermingar-sýning

## í Blómavali Sigtúni




**Allt á einum stað**

- Fermingarservíettur
- Skrautskrifuð kerti
- Blómaskreytingar
- Sálmabækur
- Borðskraut
- Hanskar
- Gestabækur

**Fullbúin veisluborð í 6 litum!**

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS BLÓ 27276 1/2005

# Lukkuleikur

## Foreldrar fermingarbarna!




Með því að sýna heimsenda afsláttarbréfið frá okkur við kassa í einhverri af verslunum Blómavals færðu 20% afslátt af öllu sem þú kaupir í tengslum við ferminguna.

Um leið og þú verslar setur þú afrifu af afsláttarbréfinu, með nafni fermingarbarnsins, í lukkupott Blómavals þar sem dregnar verða út fimm fartölvur að verðmæti 150.000 kr. hver.



## Heilsársseríur



**499 kr.**

# FERMINGIN

## Pottaplöntur í úvali



**40%**
afsláttur af öllum
**pottaplöntum**

**Ný sending**

blómaval
HEILLANDI HEIMUR

Reykjavík • Kópavogi • Akureyri
Selfoss • Reykjanesbær
www.blomaval.is





Magnús Þór Hafsteinsson, þingflokksformaður Frjálslynda flokksins:

## Lánadrottnum Máka bjargað af yfirvöldum

**ALÞINGI** Iðnaðarráðuneytið lagði til 35 milljónir króna til að ljúka fiskeldi Máka á Sauðárkróki sem varð gjaldþrota árið 2002. Milljónirnar voru hluti söluhagnaðar af Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki.

Magnús Þór Hafsteinsson, þingflokksformaður Frjálslynda flokksins, telur fjárveitinguna óeðlilega þar sem sýnt hafi verið að eldi fisktegundarinnar barra væri ekki arðbært hér á landi.

„Ég hef ákveðnar grunsemdir um að á ferðinni hafi verið einhverskonar björgunaraðgerð til að forða lánadrottnum frá tapi.“

Í svari Valgerðar Sverrisdóttur iðnaðarráðherra við fyrirspurn Magnúsar á Alþingi stendur að ríkisstjórnin hafi samþykkt að hlutur ríkisins yrði seldur og helmingi söluhagnaðar verksmiðjunnar, 105 milljónum, varið til samgöngubóta og uppbyggingar í sveitarfélögum sem áttu verulegra hagsmuna að gæta.

Magnús segir milljónirnar 35 ekki hafa farið í uppbyggingu. Hann hyggist fylgja málinu eftir á Alþingi.

Ekki náðist í iðnaðarráðherra. - gag



**MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON**
Segir ólykt af máli Máka og Sægulls á Sauðárkróki.




**LITLA-HRAUN**
Á Litla-Hrauni afplána ungir og eldri afbrotamenn refsingar

# Vill sérdeild fyrir yngstu fangana

**Ungir fangar koma hættulegri úr fangelsum en þeir voru þegar þeir fóru inn, segir Ágúst Ólafur Ágústsson alþingismaður. Hann vill sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18 til 24 ára í nýju fangelsi.**

**FANGELSISMÁL** Tilgangurinn með þingsályktunartillögu um sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18 til 24 ára í fyrirhuguðu fangelsi á Hólmsheiði er að auka möguleika á betrun ungra fanga, að sögn Ágústs Ólafs Ágústssonar fyrsta flutningsmanns tillögunnar. „Fangar koma hættulegri út en þeir voru þegar þeir fóru inn,“ segir hann.

„Það hefur ekki góð áhrif, að mínu mati, að blanda saman ungum og óreyndum saman við hina eldri og forhertari,“ segir Ágúst Ólafur og vísar í rannsókn Helga Gunnlaugssonar prófessors í félagsfræði. „Þar kemur fram að hlutfall þeirra sem lenda aftur í kasti við lögin eftir að þeir losna úr fangelsi er hærra hér á landi en víðast annars staðar. Þetta hlutfall fer hækkandi eftir því sem aldursflokkurinn er yngri. Þar kemur meðal annars fram sú niðurstaða að 37 prósent þeirra sem luku fangavist voru fangelsuð á ný, 44 prósent voru dæmd á ný og um 73 prósent þeirra sem luku fangavist þurftu afskipti lögreglunnar á ný innan fimm ára frá því að afbrotamennirnir luku afplánun. Ítrekunartíðnin var enn hærri í yngri aldursflokkum.“



**ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON**
Vill sérdeild fyrir unga fanga í nýju fangelsi.

Ágúst Ólafur sagði aldurinn ekki vera algildan mælikvarða. Hins vegar ætti almennt að taka tillit til ungs aldurs. Fyrirhuguð bygging nýs fangelsis gæti veitt einstakt tækifæri til að gera ráð fyrir sérstakri deild fyrir unga fanga. Í umræðum um nýja fangelsið hefði hins vegar komið fram að ekki hefur verið gert ráð fyrir slíkri sérdeild.

„Samkvæmt upplýsingum sem fengist hafa frá Fangelsismálastofnun er bygging nýja fangelsisins nú í biðstöðu þar sem ekki er gert ráð fyrir fé til þess í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005,“ sagði Ágúst Ólafur. „Það er því enn tækifæri til að gera ráð fyrir sérdeild fyrir unga fanga á aldrinum 18 til 24 ára. Ef ekki er hægt að gera ráð fyrir sérdeild fyrir unga fanga í nýja fangelsinu eða bygging þess frestast verulega teljum við, flutningsmenn tillögunnar, að breytingar á núverandi fangelsum séu nauðsynlegar í því skyni.“

jss@frettabladid.is

Landspítali-háskólasjúkrahús:

## Enn álag vegna flensunnar

**HEILBRIGÐISMÁL** Enn er talsvert álag á Landspítala-háskólasjúkrahúsi vegna inflúensunnar sem geisað hefur hér á landi undanfarnar vikur, að sögn Guðlaugar Rakelar Guðjónsdóttur sviðsstjóra á lyflækningasviði.

„Við höfum ekki þurft að opna aðrar deildir eins og við þurftum að gera á tímabili,“ sagði Guðlaug Rakel. „En það er búið að vera mikið álag og fólk er að koma og leggjast inn daglega vegna afleiðinga flensunnar. Það er sérstaklega fullorðið fólk sem fær fylgikvilla, svo sem lungnabólgu.“

Guðlaug Rakel sagði að starfsfólkið á spítalanum hefði einnig verið að veikjast og það gerði einnig erfitt fyrir.

„Það hafa verið töluverð veikindi á starfsfólkinu, en toppnum á því virðist náð, alveg eins og er að gerast úti í bæ. Þetta endurspeglar náttúrlega stöðuna, því við erum öll í einu samfélagi. Það er enginn vafi, að flensan er í rénun, en hún er þó ekki búin enn.“ - jss



**LANDSPÍTALI**
Enn er fólk að leggjast inn vegna afleiðinga flensunnar.

## ASÍA



**BLÓÐUGAR KOSNINGAR** Tíu létust í tveimur árásum á kjörstaði í Bihar og Jharkhand, ríkjum Indlands. Níu lögreglumenn og einn kjósandi létust í árás maóískra uppreisnarmanna. Annars staðar í Bihar skutu lögreglumenn á mannfjölda, tvær konur létust og drengur á táningsaldri særðist.

# Stærra og öflugra útibú
## – fagnaðu með okkur




## Fjölskylduskemmtun í dag kl. 13–16
## í útibúi Landsbankans Laugavegi 77

Í tilefni af endurnýjun og sameiningu útibúa Landsbankans í Lágmúla 9 og að Laugavegi 77 efnum við til fjölskylduhátíðar á löngum laugardegi með vandaðri dagskrá.






- **Birta og Bárður** koma í heimsókn
- **Ellen Kristjánsdóttir** og **KK** flytja lög af diskinum Sálmar
- **Nylon-flokkurinn** syngur nokkur lög og áritar póstkort
- **Andlitsmálun** fyrir börnin
- **Veitingar** í boði
- **Allir leystir út með gjöfum**

Allir velkomnir

410 4000 | landsbanki.is

**Landsbankinn**
Banki allra landsmanna

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 27077 02/2005






Til athugunar hjá VR:

# Greiða ávísanirnar út í peningum

**ORLOFSMÁL** Hjá VR er til athugunar að endurskoða orlofsávísanafyrirkomulagið á næsta ári, jafnvel með það í huga að greiða upphæðina út. Ekkert er þó ákveðið enn þá enda hefur ýmislegt þarna áhrif, til dæmis skattar.

„Þetta er stór spurning og það getur vel verið að þetta þróist meira í það form. Það eru hugmyndir um breytingar á næsta ári svo að hugsanlega mun þetta breytast,“ segir Gunnar Páll Pálsson, formaður VR.

Hann útskýrir að í þessu sambandi séu vangaveltur um að breyta „framsetningu á félaginu“, til dæmis „að safna öllum þessum styrkjum frekar upp í séreignasparnað sem er þá bundinn en menn geta leyst út við ákveðnar aðstæður.“

Orlofsávísunin nemur 5.000 krónum á hvern fullgildan félagsmann og 7.500 krónum hafi viðkomandi ekki notað ávísunina sína í fyrra. Upphæðin stendur síðan í stað sé ávísunin ekki notuð.


**GUNNAR PÁLL PÁLSSON**
Það eru hugmyndir um breytingar á næsta ári svo að hugsanlega mun þetta breytast.

Gamla ávísunin fellur úr gildi og er ný send á hverju ári.

- ghs


**RAGNAR SIGURÐSSON**
Hefur m.a. keypt Ford '55 á ebay.com. Fyrir síðustu jól keypti hann litla skellinöðru sem er á leið til landsins. Hann býst við að spara að minnsta kosti 40 þúsund á þeim kaupum.


**FORD '55**
Fordinn nýkominn til landsins.

# Bílar og mótorhjól keypt á netinu

**Viðskipti Íslendinga við bandarísk netfyrirtæki jukust um allt að 100 prósent í desember miðað við sama tíma í fyrra. Íslendingar sjá sér hag í að kaupa dýra hluti eins og snjósleða, ísskápa, bíla, mótorhjól og húsgögn þegar gengi dollarans er lágt.**

**VIÐSKIPTI** Netviðskipti ruku upp í fyrra og þá ekki síst í desember. Lágt gengi dollarans hafði þar mikið að segja.

Hjá Flugleiðum frakt jókst innflutningurinn frá Bandaríkjunum um 64 prósent í fyrra, þar af nam aukningin í desember 80 prósentum miðað við sama tíma í hittiðfyrra. Róbert Tómasson, markaðs- og sölustjóri, segir að þarna sé fyrst og fremst um netviðskipti að ræða vegna hins lága gengis dollarans og nefnir sem dæmi að Flugleiðir frakt hafi flutt um 200 bíla til landsins fyrir einstaklinga í fyrra.

Erling Valur Ingason, talsmaður Shopusa.is, segir að um tvöföldun hafi verið að ræða á netviðskiptum. Íslendingar hafi tekið verslun frá Ameríku opnum örmum og menn hafi gert stórar fjárfestingar, sérstaklega í bílaviðskiptum.

Hjá Fedex nam aukningin allt að 40 prósentum. Af hátt í 7.000 sendingum í desember hafi um 30 prósent verið netviðskipti en netviðskiptin hafi nánast engin verið fyrir.

„Við mælum smásendingar og sjáum að fólk er að panta allt frá DVD-diskum í tölvuhluti, tölvur og margt fleira,“ segir Jón Ólafur Bergþórsson, framkvæmdastjóri Fedex.

Íslendingar hafa keypt allt mögulegt á Netinu upp á síðkastið, ekki síst dýra hluti á borð við sófasett, húsgögn, tölvur og ísskápa. Þá segir Ragnar Sigurðsson, starfsmaður í Vöruhúsinu í Keflavík að kaup á bílum, mótorhjólum og snjósleðum séu algeng.

Ragnar hefur þriggja ára reynslu af netviðskiptum. Á þessum tíma hefur hann keypt um 100 hluti. Hann keypti m.a. Ford '55 í fyrrasumar og kostaði hann 2.800 dollara eða 174 þúsund krónur sé dollarinn 62 krónur.

Fyrir síðustu jól keypti Ragnar litla 50 kúbika skellinöðru á 95 dollara sem hann ætlar að leika sér á á go kart-völlum. Flutningurinn til New York kostaði 150 dollara og þá er eftir flutningurinn heim. Ragnar býst þó við að spara að minnsta kosti 40 þúsund krónur á viðskiptunum.

ghs@frettabladid.is

Nýr vefur stúdenta:

# Bylting í þjónustu

**NÁMSMENN** Stúdentaráð Háskóla Íslands, í samvinnu við Félagsstofnun Stúdenta, opnaði nýtt vefsvæði fyrir stúdenta sem lið í því að auðvelda stúdentum aðgang að þjónustu FS.

„Þetta er bylting í þjónustu við stúdenta á Íslandi,“ segir Jarþrúður Ásmundsdóttir, formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands. „Þarna er að finna á einum stað miðlanir fyrir stúdenta, sem sumar hverjar eru reknar á mörgum mismunandi stöðum í dag,“ segir hún.

Jarþrúður bendir á að miðlunin sé unnin með þarfir stúdenta í huga og að Stúdentaráð hafi greint helstu þarfir og eftirspurn stúdenta eftir aðstoð með ýmis mál. „Þetta er liður í því að auðvelda stúdentum lífið, enda verða oft miklar breytingar á högum fólks í upphafi háskólanáms,“ segir hún.

- sda


**PÁLL SKÚLASON OG JARÞRÚÐUR ÁSMUNDSDÓTTIR**
Opna formlega nýjan vef, studentamidlun.is, sem bæta á þjónustu við stúdenta.

Launanefndin:

# Lág laun ekki málið

**HAFNARFJÖRÐUR** Sjálfstæðismenn í minnihluta bæjarráðs Hafnarfjarðar mótmælta staðhæfingu Starfsmannafélags Hafnarfjarðar um að bæjarstjórnin standi að grjóthörðri láglaunastefnu með því að eiga aðild að launanefnd sveitarfélaga.

Starfsmannafélagið hefur óskað þess að bærinn semji sjálfstætt við félagsmenn. Lúðvík Geirsson bæjarstjóri segir bæjarráð hafa ákveðið að senda erindi þess til starfskjaranefndar eftir fund ráðsins í gær. Þar komi fulltrúar bæjayfirvalda og starfsmanna að málinu.

- gag

# bóka markaður

Akureyri, Kringlu, Smáralind og Skeifu.




**Allt að 96% afsláttur***

## Ótrúlegt úrval af bókum á frábæru verði

**99kr 490kr 790kr 990kr 1490kr 1990kr**

### Brot af úrvali á markaðinum

| Titill | Upph.verð* | Verð nú |
|---|---|---|
| 100 góðir réttir frá Miðjarðar | 480 kr. | 99 kr. |
| 100% Nylon | 2.490 kr. | 1.490 kr. |
| Albertína Ballerína | 1.680 kr. | 990 kr. |
| Aldrei aftur nörd | 2.690 kr. | 99 kr. |
| Allir með strætó | 1.380 kr. | 490 kr. |
| Ambáttin | 3.980 kr. | 790 kr. |
| Andlit | 4.690 kr. | 1.990 kr. |
| Annað tækifæri | 3.980 kr. | 790 kr. |
| Asíuréttir | 990 kr. | 490 kr. |
| Áhrif mín á mankynssöguna | 4.290 kr. | 1.990 kr. |
| Átta gata Buick | 4.690 kr. | 1.990 kr. |
| Bakað í brauðvél | 3.490 kr. | 990 kr. |
| Bakað úr spelti | 2.990 kr. | 790 kr. |
| Bara stelpa | 3.480 kr. | 990 kr. |
| Barn handa Klöru | 499 kr. | 99 kr. |
| Betra Sjálfsmat | 3.980 kr. | 990 kr. |
| Betri heimur | 3.880 kr. | 990 kr. |
| Bettý | 4.690 kr. | 1.990 kr. |
| BioBörn | 2.690 kr. | 790 kr. |
| Björg | 4.980 kr. | 990 kr. |
| Blóðsykurinn | 3.480 kr. | 990 kr. |
| Bókin um viskuna og kærleikann | 2.980 kr. | 790 kr. |
| Brennd lifandi | 4.490 kr. | 990 kr. |

| Titill | Upph.verð* | Verð nú |
|---|---|---|
| Breytingaskeiðið | 1.130 kr. | 99 kr. |
| Bumbuklúbburinn | 1.990 kr. | 490 kr. |
| Bylting Bítlanna | 2.490 kr. | 790 kr. |
| Dagur við ský | 3.980 kr. | 990 kr. |
| Dóttir ávítarans | 3.480 kr. | 1.990 kr. |
| Draumurinn um Ísland | 1.990 kr. | 990 kr. |
| Dætur Kína | 3.980 kr. | 990 kr. |
| Eggið | 1.990 kr. | 490 kr. |
| Eins og ég man það | 4.990 kr. | 1.990 kr. |
| Eldfærin - H.C. And... | 1.690 kr. | 990 kr. |
| Eldgos í garðinum | 2.690 kr. | 790 kr. |
| Engin venjuleg kona | 4.280 kr. | 790 kr. |
| Eyðimerkurblómið | 3.980 kr. | 790 kr. |
| Eyðimerkurdögun | 3.980 kr. | 790 kr. |
| Eyjadís | 2.690 kr. | 790 kr. |
| Faðir og móðir og dulmagn | 1.490 kr. | 990 kr. |
| Fitusnautt fæði | 990 kr. | 490 kr. |
| Fljótlegir réttir | 990 kr. | 490 kr. |
| Forréttir | 990 kr. | 490 kr. |
| Fólk í fjötrum | 4.980 kr. | 1.490 kr. |
| Framandi réttir | 3.490 kr. | 990 kr. |
| Frægð og firnindi | 4.990 kr. | 1.990 kr. |
| Fúsi froskagleypir | 2.480 kr. | 990 kr. |

| Titill | Upph.verð* | Verð nú |
|---|---|---|
| Grillréttir | 990 kr. | 490 kr. |
| Gúmmi Tarsan | 1.980 kr. | 990 kr. |
| Halla | 1.680 kr. | 990 kr. |
| Heilsa karla | 1.130 kr. | 99 kr. |
| Heimsins heimskasti pabbi | 3.980 kr. | 990 kr. |
| Herra alheimur | 4.690 kr. | 1.990 kr. |
| Hjarta, tungl og bláir fuglar | 3.980 kr. | 990 kr. |
| Hótelsumar | 3.990 kr. | 1.990 kr. |
| Hreinn og sjóræningjarnir | 1.990 kr. | 990 kr. |
| Hrói bjargar jólunum | 2.290 kr. | 790 kr. |
| Hugsjónadruslan | 2.990 kr. | 1.990 kr. |
| Hvíti skugginn | 3.980 kr. | 490 kr. |
| Imago | 3.490 kr. | 1.990 kr. |
| Í allri sinni nekt | 3.680 kr. | 490 kr. |
| Í spegli,í gátu | 2.890 kr. | 99 kr. |
| Ísherrann | 4.290 kr. | 490 kr. |
| Kaffi og meðlæti | 990 kr. | 490 kr. |
| Kafteinn Ofurbrók | 2.480 kr. | 990 kr. |
| Kapalgátan | 2.480 kr. | 99 kr. |
| Konan í köflótta stólnum | 3.980 kr. | 790 kr. |
| Kristnitaka á Þingvöllum | 1.780 kr. | 99 kr. |
| Linda - Ljós og skuggar | 4.980 kr. | 1.490 kr. |
| Litla stúlkan... - H.C. A | 1.690 kr. | 990 kr. |

* Upphaflegt verð úr bókatíðindum

Gildir til 17. febrúar eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*




# Stjórnmálamenn ákveða ekki fréttirnar

**Prófessor í fjölmiðlafræðum við Háskóla Íslands segir ekkert óeðlilegt við fréttaflutninginn af Íraksmálinu. Umfram allt skipti máli að fólk sé vel upplýst.**

Töluverð umræða hefur orðið síðustu daga um vinnubrögð, hlutverk og áhrifamátt fjölmiðla í samfélaginu. Það eru kannski fyrst og fremst tvö mál sem hafa vakið upp þessa umræðu. Annars vegar ákvörðun íslenskra stjórnvalda að styðja innrás Bandaríkjamanna í Írak og hins vegar fjölmiðlafrumvarpið.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sendi á fimmtudaginn í síðustu viku frá sér yfirlýsingu þar sem hann lýsir furðu á fréttaflutningi fjölmiðla undanfarna daga um ákvörðun íslenskra stjórnvalda að styðja innrás Bandaríkjamanna í Írak.

„Oftar en ekki hefur fréttaflutningurinn einkennst af útúrsnúningum og rangfærslum,“ segir í yfirlýsingunni. „Mjög hefur skort á að nákvæmni, vandvirkni og sanngirni hafi verið gætt. Nýjasta dæmið um villandi málflutning birtist í fyrstu frétt í fréttatíma Stöðvar 2 miðvikudagskvöldið 26. janúar sl. Sá fréttaflutningur vekur enn á ný alvarlegar spurningar um vinnubrögð einstakra fréttamanna.“

### Skilur freistinguna

Þorbjörn Broddason, prófessor í fjölmiðlafræðum við Háskóla Íslands, segist ekki muna eftir því að stjórnmálamenn hafi gagnrýnt fjölmiðla í heild sinni vegna fréttaflutnings af tilteknu máli líkt og Halldór gerði í yfirlýsingunni.

„Ég get samt vel skilið freistinguna. Þegar menn eiga í vök að verjast velja þeir þá vígstöðu sem dugar best.“

Þorbjörn segir ekkert óeðlilegt við fréttaflutninginn af stuðningi íslenskra stjórnvalda við innrásina í Írak og hvernig ákvörðunin var tekin.

„Þetta var og er mikið álitamál. Almenningi stendur ekki á sama um þetta mál. Það sem komið hefur frá stjórnmálamönnum hefur verið svolítið sitt á hvað. Þeir eru ekkert voðalega samstíga. Öll svör frá stjórnarliðinu hafa verið ákaflega loðin og það hefur nánast þurft að toga upp úr þeim svörin. Síðan hafa þeir gjarnan mælst til þess að horft sé fram á við en það er ekkert þeirra mál að ákveða það. Ef einhver vill velta fyrir sér liðnum tíma eins og menn gera gjarnan í stórum málum þá er ekkert athugavert við það. Ég fæst heldur ekki til að trúa því að það sé ekki hægt að létta trúnaði af einhverjum hluta þeirra gagna sem fóru fyrir utanríkismálanefnd og myndu kannski skýra málið.“

### Mál Róberts einstakt

Róbert Marshall, fréttamaður á Stöð 2, sagði upp störfum í síðustu viku vegna fréttarinnar sem Halldór Ásgrímsson, vísar til í yfirlýsingu sinni hér að framan. Halldór hafði sagt að ákvörðunin um að styðja innrásina hafi verið tekin í kjölfar ríkisstjórnarfundar sem haldinn var 18. mars árið 2003. Róbert hélt því hins vegar fram í fréttinni að Ísland hafi verið komið á lista hinna viljugu áður en ríkisstjórnarfundurinn var haldinn. Róbert byggði frétt sína á frétt frá CNN. Síðar kom í ljós að hann hafði ekki reiknað tímamismuninn milli Bandaríkjanna og Íslands rétt. Sú reiknivilla varð að stórmistökum því ályktanirnar sem dregnar voru af frétt CNN urðu meðal annars til þess að Róbert sagði í frétt sinni: „Því hefur verið haldið fram að málflutningur ríkisstjórnarinnar í þessu máli hafi verið villandi, en í þetta skiptið er hann beinlínis rangur.“

Skiptar skoðanir eru meðal manna um það hvort rétt hafi verið hjá Róberti að segja upp starfi sínu. Í viðtali við Fréttablaðið sagðist Róbert vilja sýna að hann láti sér ekki mistök sín í léttu rúmi liggja. „Ég vil axla með sýnilegum hætti ábyrgð fyrir þessi mistök sem ég gerði,“ sagði hann.

Þorbjörn segist ekki muna eftir því að upp hafi komið álíka mál hérlendis fyrr. Vissulega hafi það gerst erlendis. Sem dæmi hafi Dan Rather nýlega sagt upp störfum á CBS-sjónvarpsstöðinni í Bandaríkjunum. Það gerði hann eftir að í ljós kom að minnisblöð sem hann studdist við í umfjöllun sinni um að George W. Bush hefði notið sérstakra forréttinda á meðan hann gegndi herþjónustu, voru fölsuð.


**ÞORBJÖRN BRODDASON PRÓFESSOR**
Meginreglan er sú að fjölmiðlar breyta ekki skoðunum fólks svo glatt ef það er eitthvað sem skiptir það máli.

Um uppsögn Róberts segir Þorbjörn: „Ég á voðalega erfitt með að líta svo á að einn starfsmaður sem ekki var yfirmaður beri alla ábyrgðina í svona máli. Það er eiginlega það eina sem ég vil segja. Viðbrögð Róberts Marshalls voru mjög hetjuleg og engin leið önnur en að virða hann fyrir þetta.“

### Áróður sem hefði getað breytt fjalli

Fjölmiðlafrumvarpið er annað mál sem vakið hefur umræðu um hlutverk og áhrifamátt fjölmiðla. Í Fréttablaðinu á laugardaginn gerði Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar málið að umtalsefni í grein til blaðsins.

„Málið var flutt af töluverðri hörku og það urðu miklar deilur um það í samfélaginu og DV og Fréttablaðið birtu margar greinar um það á degi hverjum, nær allar sneisafullar af hvassri gagnrýni á frumvarpið,“ segir Kári í grein sinni. „Og ekki var sparað skítkastið í garð Davíðs [Oddssonar] og ríkisstjórnarinnar og má segja að í umfjöllun sinni um þetta mál hafi þessi tvö dagblöð brotið blað í sögu íslenskrar blaðamennsku með hlutdrægni og persónulegum árásum. [...] Þetta var áróður af því magni og þunga að hann hefði sjálfsagt nægt til að breyta fjalli og er í sjálfu sér ástæða þess að sett séu lög um fjölmiðla á Íslandi í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að þeir beygli heimsmynd þjóðarinnar til þess að þjóna þröngum hagsmunum fárra.“


**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FORSÆTISRÁÐHERRA**
Forsætisráðherra lýsir furðu á fréttaflutningi fjölmiðla undanfarna daga um ákvörðun íslenskra stjórnvalda að styðja innrás Bandaríkjamanna í Írak.

### Fjölmiðlar breyta ekki skoðunum fólks svo glatt

Um áhrifamátt fjölmiðla til skoðanamyndunar segir Þorbjörn: „Meginreglan er sú að fjölmiðlar breyta ekki skoðunum fólks svo glatt ef það er eitthvað sem skiptir það máli. En í hégómamálum sem fólk hefur litla skoðun á eða er að heyra í fyrsta skiptið þá geta fjölmiðlar haft töluverð áhrif. Umfram allt skiptir máli að fólk sé vel upplýst – að fjölmiðlarnir starfi á vel upplýstum markaði. Ég held það séu líka allir á einu máli um að fjölmiðlarnir eigi ekki að vera allir á einni hendi. Ef fjölmiðill hefur einhverra hagsmuna að gæta eða er í eigu einhvers sem hefur ákveðinna hagsmuna að gæta dettur mér ekki annað í hug en að við einhverjar kringumstæður sé beint eða óbeint reynt að beita þeim fjölmiðli. Það liggur í hlutarins eðli en þá liggur vörn okkar hinna í því að það séu aðrir fjölmiðlar á markaðnum. Það er samt brýnt að hafa í huga að ef menn ætla að reyna að beita fjölmiðli á takt við ákveðna hagsmuni þá grafa þeir undan trúðverðugleika fjölmiðilsins.“

### Fréttamenn enduróma skoðanir

Aðspurður hvort hann hafi orðið var við að fjölmiðlar á Íslandi hafi beinlínis verið notaðir til að reyna að mynda ákveðnar skoðanir um mál segist Þorbjörn ekki treysta sér til að svara því. Til þess þyrfti hann að gera innihaldsgreiningu og það hefði hann ekki gert. Hann segir hins vegar allof algengt á Íslandi að viðmælendur fái að nota fjölmiðlana til þess að láta í ljós ákveðna skoðun. Það tíðkist um of að fjölmiðlar endursegi einfaldlega það sem einhver hagsmunaaðili segir í stað þess að líta orð hans gagnrýnum augum og vinna fréttina.

„Síðan kemur kannski daginn eftir frétt þar sem greint er frá hinni hlið málsins. Blaðamaðurinn á auðvitað að hafa bæði sjónarmiðin í sömu fréttinni. Það kemur að mestu gagni fyrir lesandann. Fréttamennirnir hér enduróma um of skoðanir manna um ýmis mál í stað þess að taka efnið föstum tökum.“

### Ólíkir miðlar

Þó Þorbjörn segist ekki treysta sér til að svara því hvort ákveðnir fjölmiðlar hafi verið notaðir til að reyna mynda ákveðnar skoðanir segist hann alveg sjá hvar fjölmiðlarnir standa.

„Þetta eru ólíkir miðlar. Stöð 2 er ekki eins og Ríkisútvarpið og Fréttablaðið er ekki eins og Morgunblaðið. Það þarf ekki annað en að skoða fyrirsagnirnar um olíumálið á forsíðum blaðanna á þriðjudag. Morgunblaðið sagði 'Sektir lækka um milljarð' en Fréttablaðið sagði 'Staðfestir sakirnar.' Þetta gæti verið tilviljun en það gæti líka verið að þarna sé meðvitaður áherslumunur. Fréttablaðið er meira stjórnarandstöðublað en Morgunblaðið. Þó þetta olíumál sé kannski ekki pólitískt í sjálfu sér má segja, ef maður vill teygja sig, að olíufélögin séu í höndunum á framsóknarmönnum og sjálfstæðismönnum.“

trausti@frettabladid.is



### NIXON GAGNRÝNDI FJÖLMIÐLA

Það er engin nýlunda að stjórnmálamenn gagnrýni fréttaflutning einstakra fjölmiðla en það gerist hins vegar ekki oft að fréttaflutningur fjölmiðla í heild sinni sé gagnrýndur þó eflaust megi finna þess dæmi. Til að mynda gagnrýndi Richard Nixon, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, og stuðningsmenn hans fréttaflutning af Watergate-hneykslinu svokallaða á áttunda áratugnum. Stuðningsmenn Nixons brutust inn í skrifstofubyggingu demókrataflokksins í Watergate-byggingunni og stálu gögnum. Eftir að málið kom upp varð Nixon óvært í starfi. Fjölmiðlar lögðu mikla áherslu á málið og birtust fréttir af því í margar vikur og mánuði. Að lokum sagði Nixon af sér. Það var fyrst og fremst atburðurinn sjálfur, glæpurinn, sem varð honum að falli.

# MUU




Mjólkin í nýjum umbúðum

MARKAÐSNEFND
MJÓLKURIÐNAÐARINS

Nýjar fernur í öllum stærðum fyrir nýmjólk, léttmjólk og undanrennu koma um þessar mundir fyrir sjónir neytenda. Mjólkin verður nú seld undir merkjum MUU en fernurnar eru í mismunandi litum. Nýmjólk og léttmjólk verða áfram í bláum og gulum fernum en undanrennufernan fær nýjan fagurbleikan lit.
– muundu eftir mjólkinni!


Frumsýnum
Verðlaunagripinn
Octavia
SkodaOctavia
1.860.000 kr.
GullnaStýrið
Skoda Octavia hlaut nýverið
Gullna stýrið, einhver
eftirsóttustu bílaverðlaun heims.





Sýning hjá eftirtöldum umboðsmönnum: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100
HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 170-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

# skoðun

SJÓNARMIÐ
HAFLIÐI HELGASON

Fjáröflun ríkisins er betur borgið í hóflegum og skýrum sköttum:

# Hagkvæmni í sköttum

Almennt samkomulag er um það í þjóðfélaginu að gjalda keisaranum það sem keisarans sé, enda þótt menn reiði fram tíundina sína misglaðir.

Í kjölfar skattsvikaskýrslu sem birtist á dögunum varð töluverð umræða um að fjársterkir einstaklingar og fyrirtæki nýttu sér glufur í skattalögum til þess að flytja fé úr landi og komast með því undan skattgreiðslum.

Í svari sínu á Alþingi benti Geir Haarde fjármálaráðherra á þá staðreynd að þrátt fyrir að athyglin hafi fyrst og fremst beinst að þessum þáttum skýrslunnar sé það svo að meginhluti skattsvika sé vegna svartrar atvinnustarfsemi og fullmiklu púðri hafi verið eytt í þann þátt sem lítur að fyrirtækjum.

> **Ef fyrirtæki leita út fyrir landsteinana í stórum stíl til að lækka skattakostnað sinn er það til marks um það að samkeppnisstaða okkar í skattamálum sé ekki sem skyldi.**

Þessi ábending ráðherrans er réttmæt. Góðu fréttirnar eru þær að dregið hefur úr svartri atvinnustarfsemi. Ein helsta ástæða þess er líklega sú að ákveðið var að húseigendur fengju endurgreiddan hluta virðisaukaskatts vegna viðhalds húsnæðis. Hvatinn til að svindla var minnkaður.

Fyrirtæki og eignarhaldsfélög hafa það að markmiði að hámarka arðsemi sína. Það er því ekkert óeðlilegt við það að þau leiti þeirra leiða sem í boði eru til þess að lágmarka útgjöld sín, þar með talið skatta. Ef fyrirtæki leita út fyrir landsteinana í stórum stíl til að lækka skattkostnað sinn er það til marks um það að samkeppnisstaða okkar í skattamálum sé ekki sem skyldi.

Í skýrslu sem Verslunarráð Íslands birti í vikunni er bent á það að skráning félaga til þess að lækka skattgreiðslur sé ekki einungis í skattaparadísum, heldur einnig í löndum eins og Danmörku. Það kemur á óvart þar sem fyrirtækjaskattar eru hærri í Danmörku en á Íslandi. Á móti kemur hins vegar skattlagning söluhagnaðar hér á landi sem skerðir samkeppnisstöðu okkar gagnvart fjárfestingarfélögum og eignarhaldsfélögum.

Verslunarráði er umhugað um að breyta umræðu um skattamál. Þar á bæ er lögð áhersla á að skattsvik séu ólíðanleg, en hvatt til þess að atvinnulífið og skattayfirvöld vinni saman að því að skýra reglur og leita lausna á vandamálum. Skattlagningu má líkja við beit og beitarþol. Tekjur ríkisins geta orðið miklar tímabundið vegna mikillar skattheimtu, en til lengri tíma raska þær jafnvægi og draga úr verðmætasköpun. Lægri skattprósenta og einfaldari reglur geta þegar upp er staðið skilað ríkinu meiri tekjum til lengdar, vegna þess að þær laða að fjárfestingu og efla verðmætasköpun í landinu.

Tekjuöflun til að tryggja grunnþarfir og réttindi í samfélagi er megintilgangur skattkerfis og sá sem allir eru sammála um. Vissulega má færa rök fyrir því að tekjujöfnun og jafnvel hagstjórn sé einnig hlutverk skatta. Þegar leitað er jöfnunar og réttlætis mega menn hins vegar ekki missa sjónar á þeim tækifærum sem liggja í hóflegri og skilmerkilegri skattastefnu. Markmiðin um velsæld fyrir alla eru líklegri til að nást ef kreddur öfundarinnar stjórna ekki umræðunni. ■






## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Spunakerlingarnar

Smekkfullt var í einu hliðarherbergjanna á Thorvaldsensbar í fyrrakvöld þar sem stétt íslenskra blaðamanna fór yfir dramatíska atburði síðustu daga en þar ber vitaskuld hæst afsögn Róberts Marshall, fréttamanns á Stöð 2, eftir mistök hans í starfi. Róbert er sem kunnugt er formaður Blaðamannafélagsins sem stóð fyrir umræðunum sem voru fjörlegar og opinskáar á köflum en áberandi var hvað hart var gengið að einum frummælandanna, Pétri Gunnarssyni, skrifstofustjóra Framsóknarflokksins, sem var fulltrúi minnihlutaskoðana á fundinum. Eða eins og Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, fréttamaður á Stöð 2, orðaði það svo eftirminnilega: „Þið spunakerlingarnar í kringum forsætisráðherra teljið ykkur vera búnar að vefa klæði úr glitrandi þræði en sjáið ekki að maðurinn er allsber. Hér átti Þóra við þremenningana sem einkum eru sagðir pólitískir klæðskerar Halldórs Ásgrímssonar; þeir Pétur, Björn Ingi Hrafnsson aðstoðarmaður Halldórs og Steingrímur Ólafsson upplýsingafulltrúi hans...



### Taugatitringur

Björg Eva Erlendsdóttir, fréttamaður á RÚV, var einn frummælenda á fundinum og fór mikinn. Hún veifaði meðal annars klögubréfi forsætisráðherra sem hann sendi yfirstjórn fréttastofu RÚV á dögunum en þar kvartaði ráðherra sáran undan einelti og önugum fréttaflutningi. Athygli vekur að í bréfinu til ráðamanna á Ríkisútvarpinu nafngreinir forsætisráðherra fréttamenn á öðrum miðlum, svo sem Sigríði Dögg Auðunsdóttur á Fréttablaðinu sem ráðherra segir efnislega að hafi fengið að leika lausum hala í veikindaforföllum ritstjóra blaðsins! Þetta bréf – eða öllu heldur innihald þess – er náttúrlega með hreinum ólíkindum og er auðvitað fyrst og fremst til vitnis um það að sjálfar spunakerlingarnar hafa enga stjórn á forsætisráðherra – sem leikur lausum hala fyrir vikið.



ser@frettabladid.is

# Skopstæling á lýðræði

Í DAG
RÚSSNESKA RÚLLETTAN



ÓLAFUR HANNIBALSSON

Eftir fall Sovétríkjanna var Rússland lýst lýðræðisríki. Sigurganga lýðræðisins var hafin um allan heim. Ofbeldisfullir einræðisherrar hurfu frá villu síns vegar og létu kjósa sig í almennum kosningum, oft undir eftirliti vestrænna lýðræðisstofnana. Sama varð upp á teningnum eftir árásirnar á turnana tvo í New York. Líbía og Súdan snerust til dæmis gegn hryðjuverkum, Gaddafi iðraðist opinberlega og borgaði bætur fyrir unnin hryðjuverk sem hann hafði þangað til þrætt fyrir. Með þessu fengu einræðisherrarnir skotleyfi alþjóðasamfélagsins á andstæðinga sína, sem nú fengu stimpilinn „hryðjuverkamenn“.

Eftir að Pútín Rússlandsforseti hafði heimsótt George W. Bush á búgarð hans í Texas gaf Bush út þá frægu yfirlýsingu að hann hefði horft djúpt í augu þessa manns og fundið á stundinni að þar færi maður, sem hann gæti átt góð samskipti við.

Hver var svo þessi maður sem svo heillaði forseta Bandaríkjanna upp úr skónum? Pútín hafði strax á námsárum sínum við Moskvu-háskóla boðið KGB þjónustu sína sem snuðrari um samstúdenta sína og hóf störf undir Fimmtu stjórnarnefnd sem sá um ofsóknir á hendur andófsmönnum. Upp á síðkastið hefur verið reynt að varpa töfraljóma á líf hans sem njósnara erlendis, en staðreyndin er sú að hann var aldrei formlega fluttur til erlendu njósnadeildar KGB, aðeins lánaður þangað að sögn Olegs Kalugins fyrrverandi hershöfðingja í KGB, og þá aðeins í minni háttar starf. Að sögn Júrís Svets, annars KGB-njósnara, töldu menn innan stofnunarinnar að á mælikvarða framabrautar væri Dresden í Austur-Þýskalandi, en þangað var Pútín sendur, ìalgert svarthol, ferð án fyrirheitsî.

Þessi frami nægði þó til þess að í umrótinu eftir fall múrsins og síðar Sovétríkjanna reis Pútín ört í tign innan KGB í Leningrad (nú aftur Pétursborg) og fékk á sig orð fyrir að hafa tekist að koma þar á stöðugleika. Áhrifamikil öfl, með KGB sem kjarnahóp, sameinuðust þá um að láta hann leysa stjórnleysi síðara kjörtímabils Jeltsíns af hólmi. Fyrir hann var stofnaður stjórnmálaflokkur. Hann vann kosningar, kom á röð og reglu; hermönnum og opinberum starfsmönnum voru greidd laun nokkurn veginn reglulega, hann hlaut gífurlegar vinsældir heima fyrir og ávann sér traust meðal ráðamanna á Vesturlöndum. Eftir 11. september hafði hann tækifæri til að verða álitinn traustur bandamaður Bandaríkjanna og hefði getað snúið Rússlandi á brautir vestræns lýðræðis og menningar.

> **Kerfi þar sem andstaða er lögleg í prinsippinu, engin almenn kúgun á sér stað, kosningar fara fram, en niðurstöður þeirra eru þó ávallt fyrirsjáanlegar...**

Nú, á öðru ári seinna kjörtímabils hans blasa staðreyndirnar hins vegar við. KGB-menn og herforingjar skipa nú meira en helming allra æðstu embætta í Kreml. Með því að kalla þjóðarmorðið í Tsjetsjeníu „baráttu gegn hryðjuverkamönnum múslima“ hefur þeim tekist að fara sínu fram þar án mótmæla vestrænna ráðamanna og án rækilegrar umfjöllunar vestrænna fjölmiðla. Jafnframt hafa þeir notað tækifærið til að þjarma rækilega að þeim fátæklegu réttindum sem borgararnir höfðu áunnið sér eftir fall Sovétstjórnarinnar og til að efla á ný allt eftirlitskerfið sem Sovétstjórnin hafði með framferði þeirra.

Engum dettur í hug lengur að Rússland sé á leiðinni að verða vestrænt lýðræðisríki. Í nýlegri bók er innantómt lýðræði Rússa kallað „skopstæling á lýðræði“. Það er þó sannarlega reginmunur frá fyrri stjórnarháttum að Pútín var kosinn til valda, ólíkt fyrirrennurum hans í Sovétinu. En að öðru leyti, samkvæmt sömu bók, hafa kosningar getið af sér „stjórnmálaflokka án hugmynda, umræður án þátttöku hagsmunaaðila, fjölmiðla án gagnrýni. Ennfremur hafa allar þær stofnanir verið geltar, sem stuðlað gætu að pólitískri menningu og hlúð að fjölbreytni í skoðunum fyrir framtíðina.“

Margir Rússar vilja kalla þetta kerfi „stýrt lýðræði“. Yegor Gaidar, fyrsti forsætisráðherrann eftir fall Sovétsins, hefur lagt til að þetta kerfi verði kallað „lokað lýðræði“. Sú lýsing, segir hann, á við „kerfi þar sem andstaða er lögleg í prinsippinu, engin almenn kúgun á sér stað, kosningar fara fram, en niðurstöður þeirra eru þó ávallt fyrirsjáanlegar.“

Eftir fall Sovétríkjanna sáu hugsjónamenn fyrir sér að lýðræðið mundi fara „eins og vorþeyr um löndin.“ Það mundi spretta upp úr gróðurvana fótsporum einræðisherranna og laga sig að hefðum hverrar þjóðar fyrir sig. Bandaríkin mundu veita þessum veikburða gróðri skjól með yfirburðavaldi sínu og nauðsynlegum „áburði, ljósi og annarri virkt“. „Pax Americana“ var runnið upp.

Nú, eftir fyrstu kosningarnar sem George W. Bush hefur óumdeilanlega unnið, var það hans fyrsta verk að lýsa því yfir að vestræn gildi (að hætti repúblikana), lýðræði og frelsi, yrðu breidd út um allan heiminn, með hervaldi ef ekki vildi betur. Það ætti að vera fremur létt verk. Allir einræðisherrar heimsins standa nú með honum – nema tveir. Þar er verk að vinna fyrir vígfúsar og staðfastar þjóðir. ■






FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871


PALLI POKADYR
BLAND Í POKA
Laugardagar
eru nammidagar
DVD Coke & popp
MICKEY BLUE EYES
EXIT WOUNDS
Sunnudagar
eru kökudagar
11-11
næsta nágrenni!




# Flugstöðvarfarsi

**HAUKUR BRYNJÓLFSSON**
RAFVIRKI SKRIFAR:



Samgönguráðherrann er mikill áhugamaður um flugstöðvar. Nú lætur hann það boð út ganga að hann vilji sem fyrst reisa myndarlega flugstöð við Reykjavíkurflugvöll. Því miður er ekki hægt að láta þetta eftir ráðherranum því meirihluti Reykvíkinga hefur ákveðið að taka svæðið til annarra nota innan skamms. Nú verða menn að hafa hraðann á og gera ráðherranum þetta ljóst áður en hann nær að skella milljarði eða meiru í gagnslausa flugstöð í Reykjavík. Auðvitað er hætt við að hann geti orðið fyrir nokkrum vonbrigðum útaf þessu en sem betur fer má finna honum huggun og það í hans heimabyggð Stykkishólmi. Þar er nefnilega ágætur flugvöllur, brautin vel á annan km á lengd, og það sem meira er: myndarleg flugstöð. Þessi mannvirki kríuðu ráðamenn kjördæmisins út úr kerfinu um það leyti sem fór að sjást fyrir endann á flugi til minni staða á landinu og innanlandsflugið að takmarkast við örfáar leiðir milli stærstu staðanna. En þetta er snotur flugstöð með ágætum turni upp úr þakinu. Þaðan má alltaf gá til veðurs þótt ekki sjáist flugvélar á lofti. Það er auðvitað upplagt að þessi mikli áhugamaður um flugstöð verði fljótlega gerður að yfirmanni á staðnum. Þarna kemur helst aldrei flugvél svo þetta verður rólegheita starf tilvalið fyrir ráðherra á eftirlaunum og flugstöðina getur hann haft alveg útaf fyrir sig. ■

**MAÐUR VIKUNNAR**

# Jarðbundinn og metnaðarfullur drengur

**ALEXANDER PETERSSON**
HANDKNATTLEIKSMAÐUR

Handknattleiksmaðurinn Alexander Petersson spilaði sig inn í hjörtu íslensku þjóðarinnar með frammistöðu sinni með íslenska landsliðinu á heimsmeistaramótinu í Túnis. Eins og flestum ætti að vera kunnugt um var gengi íslenska liðsins á mótinu ekki sem skyldi en flestir handboltaspekingar voru sammála um að frammistaða Petersson væri ljósið í myrkrinu. Innkoma hans í landsliðið var sem ferskur vindur og menn eru einnig sammála um að við höfum ekki átt eins öflugan hægri hornamann síðan Valdimar Grímsson og Bjarki Sigurðsson voru upp á sitt besta.

Leikirnir í Túnis voru fyrstu landsleikir Petersson fyrir Íslands hönd en það var ekki hægt að sjá á spilamennsku stráksins að hann væri reynslulaus því hann lék við hvurn sinn fingur á mótinu. Skoraði mörg frábær mörk og reyndist íslenska liðinu ákaflega drjúgur og steig upp á mikilvægum augnablikum. Hefðu aðrir leikmenn leikið jafn vel og hann í Túnis hefði íslenska liðið ekki farið eins snemma heim og raun bar vitni.



TEIKN: HELGI SIG. WWW.HUGVERKA.IS

Petersson er fæddur sumarið 1980 og því 24 ára gamall. Hann fæddist í Lettlandi og bjó þar til 18 ára aldurs er hann flutti til Íslands. Það æxlaðist þannig að Ágúst Jóhannsson, þjálfari Gróttu/KR, og Björgvin Barðdal, stjórnarmaður félagsins, fóru utan til þess að skoða unga og efnilega leikmenn. Þeir fylgdust með unglingalandsleikjum hjá Lettum og úr varð að þeir sömdu við þrjá leikmenn og einn þeirra var Petersson.

Hann lék fyrst um sinn með 2. flokki Gróttu/KR en ekki var langt um liðið þegar hann fékk sín fyrstu tækifæri með aðalliði félagsins. Skottækni og sprengikraftur Lettans unga vakti fljótt áhuga og aðdáun íslenskra handknattleiksunnenda. Petersson gekk einnig vel að aðlagast lífinu á Íslandi og það hversu vel honum gekk að aðlagast hjálpaði honum að bæta sig sem handboltamann. Hann iðkaði íþrótt sína af mikilli eljusemi ásamt því sem hann vann hjá Seglagerðinni Ægi við góðan orðstír.

Metnaður Petersson var mikill og hann æfði ávallt meira en félagar sínir því hugur hans stefndi alla tíð í atvinnumennsku. Hann tók leiðsögn einnig ákaflega vel og þjálfarinn hans á þeim tíma sagði að hann hefði hæglega hlaupið 10 kílómetra nakinn væri hann beðinn um það. Forkólfar Gróttu/KR sáu snemma að Petersson yrði ekki lengi í herbúðum félagsins – til þess var hann einfaldlega of góður.

Úr varð að þýska félagið Dusseldorf samdi við Petersson og þangað fór hann árið 2003. Þar hefur þessi efnilegi leikmaður haldið áfram að blómstra og sífellt aukið styrk sinn. Í Þýskalandi býr Petersson ásamt unnustu sinni, Eivoru Pálu Blöndal, fyrrum handknattleikskonu úr Val, og syni þeirra, Lúkasi Jóhannesi.

Petersson varð íslenskur ríkisborgari fyrir þrem árum síðan en hann gat ekki byrjað að leika með íslenska landsliðinu fyrr en í janúar þar sem hann hafði leikið landsleiki fyrir hönd Letta. Reglur alþjóða handboltasambandsins kveða á um að ef leikmaður hefur leikið fyrir aðra þjóð verði að líða þrjú ár frá því hann fær ríkisborgararétt í öðru landi þar til hann getur byrjað að spila fyrir viðkomandi þjóð á alþjóðavettvangi.

Þeir sem umgengust Petersson á Íslandsárum hans lýsa honum sem mjög jarðbundnum pilti og nokkuð hlédrægum. Jafnvel feimnum á stundum. Hann er ekki sá sem öskrar félaga sína áfram en leiðir þess í stað með góðu fordæmi. Petersson er einnig fyrirmyndardrengur á öðrum sviðum. Er reglumaður á vín og tóbak, er hógvær og laus við alla stjörnustæla.

Frami Petersson kemur hans gömlu félögum á Íslandi ekki á óvart því fyrir utan þá hæfileika sem hann hlaut í vöggugjöf þá sé hann atvinnumaður fram í fingurgóma sem viti upp á hár hvað til þurfi til að ná langt í heimi handboltans. Þeir segja að hann geti enn bætt leik sinn mikið, spá honum miklum frama í handboltaheiminum og efast ekki um að hann eigi eftir að spila með einhverju af bestu handboltaliðum heims áður en langt um líður. ■

# Þúsund aldraðir deila herbergi með öðrum

BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON ÞINGMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR SKRIFAR

Erum við góð við gamla fólkið? Það er spurning sem vaknar þegar litið er yfir afdrif og aðstæður margra eldri borgara. Málefni þeirra hafa verið nokkuð áberandi í samfélagsumræðunni undanfarið. Umræða um aðbúnað þeirra sem hafa lokið ævistarfi og eiga að njóta efri áranna í öryggi velferðarsamfélags sem gerir þeim hátt undir höfði og sýnir virðingu og þakklæti fyrir að hafa byggt það samfélag sem við búum í. Þarna er pottur brotinn og fjarri því að viðunandi sé staðið að málum. Margar fjölskyldur lenda í alvarlegum vanda vegna þessa og aldraðir upplifa niðurlægingu og frelsisskerðingu í stað virðingar og öryggis.

Sérstaklega er alvarleg staða þeirra sem þurfa að deila herbergi með öðrum á hjúkrunar- og dvalarheimilum sem ekki er maki viðkomandi eða sambýlingur. Fyrir nú utan biðlistana inn á stofnanir fyrir þá aldraða sem ekki geta lengur verið heima.

Framtíðin á að vera sú að fólk geti verið heima eins lengi og hægt er með öfluga heimaþjónustu og sterka þjónustukjarna en flytji síðan á hjúkrunarheimili þegar heilsan er orðin þannig að það verði ekki umflúið. Framboð á hjúkrunarrými er síðan sérstakt mál en víða liggur við neyðarástandi hvað það varðar og er ferlið í uppbyggingu þeirra af hálfu ríkisins fáranlegt og tefur hana verulega.

Á dögunum ræddi ég málefni eldri borgara við heilbrigðisráðherra á Alþingi í formi fyrirspurnar sem svo hljóðaði: hve margir aldraðir eru á dvalarheimilum annars vegar og hjúkrunarheimilum hins vegar? Hve margir deila herbergi með öðrum, ef hjón eða sambýlisfólk er frátalið, og hve margir eru í einkaherbergjum? Í öðru lagi spurði ég ráðherra hvort til stæði að endurskoða löggjöf um málefni aldraðra og t.d. með það að markmiði að banna að aldraðir deili herbergi með öðrum, sé ekki um maka að ræða.

Svar ráðherra var nokkuð sláandi þar sem fram kemur að tæplega þúsund aldraðir deila herbergi með öðrum á hjúkrunarheimilum! Þessu er erfitt að trúa, sú er staðan og hún er alvarleg. Enda upplifa margir aldraðir bæði sjálfræðissviptingu og skert almenn mannréttindi við það að flytja inn á öldrunarstofnun. Steininn tekur þó úr þegar svo er fyrirkomið að tæplega 1000 manns eru neydd til að deila íbúðarrými með öðrum óvensluðum. Þetta er okkur ekki til sóma og þessu verður að breyta.

Heilbrigðisráðherra lýsti eindregnum vilja til að bæta þarna úr og ekki efast ég um hans góða vilja. Hins vegar hefur ríkisstjórn hægriflokkanna brugðist öldruðum og því er ólíklegt að góður vilji ráðherrans nái fram að ganga. Hann tók hins vegar ekki undir þá skoðun mína að banna það með lögum að aldraðir þurfi að deila íbúð, herbergi, með öðrum en maka eða sambýlingi. Það er eina leiðin að mínu mati og vona ég að fyrirspurnin og svarið verði jákvætt innlegg í umræðuna um það hvort við séum í raun nægjanlega góð við gamla fólkið og úr hverju þurfi að bæta til að svo megi teljast og allir vilja. Núverandi staða er hins vegar fjarri því að vera ásættanleg. ■

## AF NETINU

### Dómsvaldið ekki nægilega tryggt?

Löggjafarvaldið getur hæglega lamað Hæstarétt með því að fækka dómurum eða jafnvel, í samvinnu við framkvæmdarvaldið, ákveðið að fjölga dómurum og skipað einungis dómara sem eru hliðhollir ríkjandi öflum. Verður þetta að teljast heldur bágborin vernd fyrir eina af grunnstoðum lýðræðisins.

Stjórnarskráin kveður skýrt á um það hverjir geta orðið forseti og alþingismenn. Erfitt er að finna ástæðu þess að ekki er minnst á það hverjir geti farið með embætti dómara eða hversu margir dómarar skulu skipa Hæstarétt. Þetta er eitt skýrasta dæmið um að dómsvaldinu er ekki gert jafn hátt undir höfði í stjórnarskránni og öðrum greinum ríkisvaldsins, þó mikilvægi þess sé síst minna.

**Katrín Helga Hallgrímsdóttir á Deiglan.com**

### Vinstra Ísland - hvenær kemur þú?

Mestar yrðu þó breytingar á kjörum fólks ef vinstristjórn kæmist til valda. Þær myndu fyrst eiga sér stað í skattkerfinu, enda er þar mikið svigrúm til breytinga. Í stað þess að hygla efnamönnum yrði tekinn upp þrepaskattur með því yfirlýsta markmiði að stuðla að tekjujöfnun. Slík skattlagning yrði réttlátari en sú sem nú er og myndi draga úr fjölda þeirra sem þurfa að leita sér fjárhagsaðstoðar vegna beinnar fátæktar. Dæmi frá Evrópu og Bandaríkjunum sýna að þrepaskattur virkar þegar kemur að tekjujöfnun en ranglátt skattkerfi færir hins vegar peninga frá hinum efnaminni til hinna efnameiri.

**Sverrir Jakobsson á Múrinn.is**

### All or nothing

Hver er svo ábyrgð manneskju sem býður sig til formennsku í stjórnmálaflokki? All or nothing. Sagt er að 14.000 manns séu skráð í SF. Hver væri nú staðan ef allir nálguðust flokkinn sinn með þessum eigingjörnu viðhorfum? Hætt ef ég verð ekki formaður. Samkvæmt orðanna hljóðan telur ISG sig sem sé ekki koma að gagni fyrir félaga sína nema þeir flykkist um formennsku hennar. Störf í stjórnmálum eiga að snúast um málefni fyrst og fremst en ekki persónur og allra síst eigin frama. Þess vegna eru hótanir ISG all sérkennilegar – svo ekki sé fastar að orði kveðið.

**Hjálmar Árnason á Tíminn.is**

### Ekki meira en átta ár

Og nú hefur sú hugmynd skotið upp kollinum innan Samfylkingarinnar að menn sitji ekki lengur en átta ár í pólitískum embættum. Hvernig ætli Ingibjörgu Sólrúnu lítist á það? Fréttamaðurinn spurði hana að því í gærkvöldi og ekki stóð á svari. „Ég er almennt þeirrar skoðunar að fólk eigi ekki að sitja mikið lengur en átta ár í embættum sem fylgir pólitískt vald."

Þetta segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir án hiks. Hún hefur nú setið sem borgarfulltrúi í Reykjavík í að verða sautján ár. Fyrir tveimur árum hafði hún aðeins verið borgarfulltrúi í fimmtán ár og borgarstjóri í níu ár. Þá stillti flokkstofnun Samfylkingarinnar henni á framboðslista flokksins til Alþingis. Við það urðu samstarfsmenn hennar í borgarstjórn nokkuð hvumsa því einungis ári áður hafði hún hún látið svo um mælt: „Já, ég fullyrði algerlega að ég er ekki að fara í þingframboð að ári. Það er alveg ljóst." Félagarnir vildu hana því burt úr borgarstjórastólnum fyrir að ganga á bak orða sinna en Ingibjörg vildi sitja sem fastast sem borgarstjóri að minnsta kosti í 12 ár.

**Vefþjóðviljinn á Andríki.is**

MENNTASKÓLINN HRAÐBRAUT

■ Menntaskólinn Hraðbraut býður uppá metnaðarfullt nám og fyrsta flokks aðstöðu fyrir duglega nemendur í líflegu og skemmtilegu umhverfi.

Athugaðu málið á hradbraut.is

Menntaskólinn Hraðbraut.
Faxafeni 10, húsi Framtíðarinnar.

■ "...tveimur árum á undan"

Viltu ljúka stúdentsprófi á tveimur árum?

Viltu fara í persónulegan skóla með frábæru félagslífi?

Viltu eiga viku frí í skólanum sjöttu hverja viku?

Viltu ljúka heimavinnunni í skólanum?



# Nýr sumarbæklingur

## Ferðakynning í Kringlunni í dag frá 11-15






# Komdu í Kringluna í dag

Í tilefni af útkomu sumarbæklings Icelandair verður haldin ferðakynning í Kringlunni í dag frá kl. 11 til 15. Fulltrúar ferðamálaráða Kaupmannahafnar, Baltimore, Orlando, Glasgow, Minneapolis og San Francisco verða á staðnum og kynna það sem í boði er fyrir ferðamenn á hverjum stað.

## Glæsilegir ferðavinningar

Taktu þátt í léttri getraun. Átta heppnir þátttakendur vinna spennandi ferð fyrir tvo!







## Sérferðir

Hawaii með viðdvöl í San Francisco, Costa Rica með hinni víðfrægu baðströnd, Flamingo Beach; heimsborgin einstæða, New York; haustfegurð og keisarahallir Pétursborgar, lúxusferð til Grand Bahamas, sælkeraferð til Búrgundi og sigling með m/s Atlantica um Eystrasalt.




Færð þú Ferðaávísun MasterCard?

VR orlofsávísun Munið ferðaávísunina

Hafið samband við söluskrifstofur Icelandair eða við Fjarsölu Icelandair í síma 50 50 100 (svarað mánud. - föstud. kl. 9-17, laugard. kl. 9-17 og á sunnudögum kl. 10-16).

**Náðu í eintak í Kringlunni í dag, á söluskrifstofum Icelandair eða ferðaskrifstofum.**

## Netsmellir

Alltaf ódýrast á netinu

Verð frá 15.900 kr.* m/sköttum

* Netsmellur til Glasgow

*út í heim*

www.icelandair.is/afangastadir










# 5.000 kr. afsláttur 5. - 9. febrúar

Afslátturinn gildir þegar bókaðar eru pakkaferðir úr sumarbæklingi til eftirtalinna borga á ofangreindu tímabili:

Kaupmannahöfn – Glasgow – Baltimore – Orlando – Minneapolis – San Francisco

## Verðdæmi með 5.000 kr. afslætti

### Kaupmannahöfn
**Verð frá 24.930 kr.***

á mann í tvíbýli í 2 nætur á Hotel Selandia
14. - 16. október

### Glasgow
**Verð frá 29.020 kr.***

á mann í tvíbýli í 2 nætur á Jurys Inn
3. - 5. júní / 9.-11. september

### Baltimore
**Verð frá 51.600 kr.***

á mann í tvíbýli í 3 nætur á Days Inn Inner Harbor
6. - 9. maí / 8. - 11. september

### Minneapolis
**Verð frá 44.960 kr.***

á mann í tvíbýli í 3 nætur á Baymont Inn and Suites
15. - 18. apríl / 21. - 24. október

### Florida
**Verð frá 41.303 kr.****

á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn
með bíl í A-flokki í eina viku
3. - 10. maí / 6. - 13. september

### Florida
**Verð frá 43.365 kr.***

á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn
á Best Western Plaza, I-drive í 7 nætur
3. - 10.maí / 6. - 13. september

### San Francisco
**Verð frá 52.635 kr.****

á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn
með bíl í A-flokki í eina viku
21. - 28. maí / 8. - 15. október

### San Francisco
**Verð frá 68.870 kr.***

á mann í tvíbýli í 4 nætur á Renoir Hotel
17. - 21. september / 8. - 12. október

* Innifalið: Flug, gisting, skattar og þjónustugjald. ** Innifalið: Flug, bíll í eina viku, skattar og þjónustugjald.

## Tilboð á flugi

**100 sæti** — París 19.900* kr.
í maí og júní

**50 sæti** — Helsinki 19.900* kr.
í maí og júní

**50 sæti** — Berlín 19.900* kr.
í júní

**50 sæti** — Madrid 19.900* kr.
18. eða 25. júní
síðasta heimkoma 2. júlí

**100 sæti** — Frankfurt 19.900* kr.
m/sköttum – í maí og júní

**50 sæti** — Mílanó 19.900* kr.
brottför 21. eða 28. júní
heimkoma 28. júní eða 5. júlí.

* Verður að vera yfir aðfaranótt sunnudags og síðasta heimkoma 30. júní nema annað sé tekið fram. Takmarkað sætaframboð. Skattar innifaldir. Verður að bóka á www.icelandair.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 27260 02/2005

ICELANDAIR
www.icelandair.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 3.767 **+0,74%**

**Fjöldi viðskipta:** 357
**Velta:** 2.146 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Marel** | 2,88% | **Straumur** | -1,44% |
| **Bakkavör** | 1,58% | **Austurbakki** | -1,41% |
| **Samherji** | 1,32% | **Jarðboranir** | -0,93% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 41,40 +1,22% ... Atorka 6,25 -0,79% ... Bakkavör 25,70 +1,58% ... Burðarás 13,30 +0,38% ... Flugleiðir 13,95 -0,36% ... Íslandsbanki 12,00 +0,42% ... KB banki 514,00 +1,18% ... Kögun 46,70 +0,43% ... Landsbankinn 14,40 +0,35% ... Marel 53,50 +2,88% ... Medcare 5,98 +0,50% ... Og fjarskipti 3,74 +0,54% ... Samherji 11,50 +1,32% ... Straumur 10,25 -1,44%Össur 83,50 -

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Bitist um bíla

Uppstokkun hefur orðið hjá Toyota-umboðinu eftir talsverðar væringar. Starfsmenn undir forystu forstjórans Emils Grímssonar áttu hlut í fyrirtækinu. Bogi Pálsson, sonur Páls Samúelssonar, aðaleiganda fyrirtækisins, var upp á kant við fjölskylduna. Sættir hafa náðst, en fyrirséð var að nokkrir lykilstarfsmenn vildu kaupa fyrirtækið. Þeir áttu hlut í því, en nú hefur niðurstaðan orðið sú að Emil og félagar kaupa Arctic Trucks, en Úlfar Steindórsson sem hefur unnið náið með Boga tekur við stjórn Toyota-umboðsins. Páll Samúelsson verður stjórnarformaður. Niðurstaða hefur því náðst í langvarandi pattstöðu þar sem starfsmenn umboðsins voru allt annað en sáttir við að sitja uppi með skuldsetta minnihlutaeign og geta sig hvergi hrært.



### Boðið í bíla

Það er barist um bíla á fleiri vígstöðvum. Þeir fjandvinirnir Jón Ásgeir Jóhannesson og Philip Green bitust einnig um bíl á dögunum. Þeir voru báðir mættir á góðgerðauppoð á Englandi. Meðal þess sem var til sölu var forláta MG-sportbíll. Jón Ásgeir og Philip Green háðu einvígi um bílinn. Þeir tókust hraustlega á í baráttu um Arcadia um árið, en óvænt truflun efnahagsbrotadeildar lögreglunnar leiddi til að samningsstaða Baugs fauk út um gluggann. Nú var engri slíkri truflun fyrir að fara og Jón Ásgeir náði bílnum og greiddi fyrir um tólf milljónir króna. Ágóðinn rann í styrktarsjóð fyrrverandi verslunarstarfsmanna.

### MARKAÐSFRÉTTIR...

Fjórir lykilstarfsmenn **Landsbankans** nýttu sér í gær rétt til að kaupa hlutafé í bakanum á genginu 3,58. Þetta er samkvæmt samningum frá árinu 2000.

Alls var um að ræða 4,3 milljónir hluta sem voru keyptir á um 15,5 milljónir. Markaðsvirði hlutafjárins í dag er ríflega 62 milljónir.

**Friðrik Magnússon** hefur látið af störfum sem framkvæmdastjóri **Rekstrarfélags Íslandsbanka**. Við starfinu tekur **Eggert Þór Kristjánsson**.

**Sjóvá** hefur lokið við að selja allt hlutafé sitt í **Flugleiðum**:

Grunnfé **Seðlabankans** lækkaði um 4,9 milljarða í janúar og nam 33,7 milljörðum um mánaðamótin.

# Flugleiðamenn í Húsasmiðjuhóp

Aftur hefur fjölgað í hluthafahópi Húsasmiðjunnar. Baugur keypti hlut Árna Haukssonar og Hallbjörns Karlssonar og átti þá allt hlutafé Húsasmiðjunnar. Jafnframt var gefið út að fjölga myndi á ný í hluthafahópnum.

Nú hefur verið stofnað Eignarhaldsfélag Húsasmiðjunnar sem eignast hefur allt hlutafé .

Eigendur nýja félagsins eru Baugur með 45 prósenta hlut, Saxhóll sem er fjárfestingarfélag Nóatúnsfjölskyldunnar, Prímus sem er í eigu Hannesar Smárasonar og Byggingarfélag Gylfa og Gunnars eru með 18,3 prósent hvert félag.

Þessir hluthafar eru stærstu eigendur Flugleiða en Baugur hefur nýverið aukið hlut sinn þar.

Stjórnarformaður verður Skarphéðinn Steinarsson, en meðal stjórnarmanna er Árni Hauksson, fyrrverandi forstjóri Húsasmiðjunnar. - hh


# Aðalfundur Landsbanka Íslands hf.

Aðalfundur Landsbanka Íslands hf. verður haldinn
á Nordica hótel, í dag, laugardaginn 5. febrúar kl. 14.00.

Dagskrá:

1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans sl. starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps á síðastliðnu reikningsári.
4. Tillögur til breytinga á samþykktum.
5. Tillaga um að heimila bankanum að kaupa eða taka að veði allt að 10% af eigin bréfum.
6. Kosning bankaráðs.
7. Kosning endurskoðenda.
8. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil.
9. Önnur mál.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins fela í sér hækkun á heimild bankaráðs til hækkunar hlutafjár. Er hluthöfum bent á að kynna sér tillögurnar fyrir fundinn.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins ásamt skýrslu endurskoðenda munu liggja frammi, hluthöfum til sýnis. Einnig verður hægt að nálgast þessi gögn á www.landsbanki.is

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent við innganginn við upphaf fundarins.

Bankaráð Landsbanka Íslands hf.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 27114 01/2005

410 4000 | landsbanki.is

Landsbanki Íslands




**FÉKK SÆTI EN SEST EKKI** Kristinn Björnsson var kosinn í stjórn Straums fjárfestingarbanka. Ákvörðun hans um að víkja sæti vegna olíumálsins stendur hins vegar og mun hann ekki taka sæti í stjórninni að sinni.

# Leyst úr eignarhaldi í ár

**Metár er að baki hjá Straumi. Straumur getur ekki átt virkan hlut í Tryggingamiðstöðinni og Íslandsbanka til langframa. Verkefni ársins er að leysa þá stöðu. Vilji er talinn til þess að sameinast Íslandsbanka.**

Kristinn Björnsson mun ekki setjast í stjórn Straums fjárfestingarbanka eins og hann var kjörinn til á aðalfundi bankans í gær. Kristinn gerði grein fyrir því að hann hefði vikið úr stjórn Straums til að koma í veg fyrir að bankinn drægist inn í umræðu um meint samráð olíufélaganna, vegna fyrri starfa hans sem forstjóri Skeljungs. Varamaður mun taka sæti Kristins þar til annað verður ákveðið.

Sjálfkjörið var í stjórn Straums og komu Þór Kristjánsson og Ingimundur Sigurpálsson inn í aðalstjórn í stað Gunnlaugs Sævars Gunnlaugssonar og Orra Haukssonar.

Kristinn Björnsson sem gegndi stjórnarformennsku megnið af árinu fyrir Straum og Þórður Már Jóhannesson röktu starfsemina á liðnu ári. Að baki er fyrsta starfsár Straums sem banka og lýstu forsvarsmenn bankans mikilli ánægju með vöxt lána í reikningum félagsins, en stefnt er að áframhaldandi vexti lánastarfsemi sem breikkar tekjugrunn félagsins. Hagnaður Straums var 6,4 milljarðar króna sem er met hjá félaginu. Markaðsvirði Straums hefur vaxið úr 4,4 milljörðum í 56 milljarða á fjórum árum.

Straumur á virkan eignarhlut í Íslandsbanka og Tryggingamiðstöðinni. Fjármálaeftirlitið hefur samþykkt eignarhlutina með þeim skilyrðum að eignarhlutur í báðum félögum sé ekki til frambúðar. Kristinn sagði því ljóst að verkefni stjórnar og starfsmanna Straums verði að vinna úr núverandi stöðu. Meðal þess sem talið er koma til greina meðal ráðandi hluthafa Straums er að sameina Straum og Íslandsbanka. - hh

# Bónus oftast ódýrast

Bónus var oftast með lægsta verðið í könnun á mjólkurvörum, ostum og ýmsum þurrvörum sem verðlagseftirlit ASÍ gerði í nokkrum matvöruverslunum á höfuðborgarsvæðinu á þriðjudag.

Í mjólkurvörum og ostum var Bónus með ódýrustu vörutegundirnar í 49 af 56 flokkum sem voru skoðir.

Verslanir 10-11 voru oftast með hæsta verðið en 43 tegundir voru dýrastar þar. 11-11 kom þar á eftir og var með hæsta verðið í 27 tilvikum.

Vegna mistaka við framkvæmd könnunarinnar var ekki hægt að birta gögn frá Nettó í Mjódd.

Bónus var einnig oftast með lægsta verðið í könnun ASÍ á ýmsum þurrvörum en Fjarðarkaup í Hafnarfirði var næstoftast með lægsta verðið.

Athygli vekur að mikill fjöldi varanna í könnuninni fékkst ekki í Bónus. Af þeim 59 vörutegundum sem voru skoðaðar var 31 fáanleg í Bónus en lægst var hlutfallið í Europris, 38 vörutegundir könnunarinnar voru ófáanlegar.

Í Sparverslun í Bæjarlind fengust hins vegar flestar vörutegundir eða 57 af 59. - bs

# Samkeppni er öllum í hag

**Yfirmaður í samkeppnisstofnun Írlands var aðalræðumaður á aðalfundi stórkaupmanna í gær.**

Edward Henneberry, sérfræðingur í samkeppnismálum á Írlandi, flutti í gær ræðu á aðalfundi Félags íslenskra stórkaupmanna. Henneberry fór yfir þróunina í starfsemi samkeppnisyfirvalda á Írlandi á síðustu árum.

Henneberry sagði margt áþekkt með aðstæðum á Íslandi og Írlandi. Í báðum ríkjum hefði samkeppnisvæðing í atvinnulífinu átt sér stað tiltölulega hratt á síðustu árum með miklum hagsbótum bæði fyrir neytendur og þjóðarhag. Hann sagði að samkeppnisvæðingin hefði einnig gert fyrirtækjunum gott því í samkeppnisumhverfi hefðu þau hvatningu til að gera úrbætur í rekstri og ná þannig betri árangri.

Að mati Henneberry eru skilvirk samkeppnisyfirvöld einkar nauðsynleg í eyríkjum eins og Íslandi og Írlandi.

Í ræðu sinni sagði Henneberry meðal annars að á Írlandi hefðu efasemdir um kosti samkeppninnar meðal annars heyrst frá fyrirtækjum sem höfðu vanist því að starfa óáreitt og án þess að stöðu þeirra væri ógnað í samkeppni. Sagan sýndi hins vegar að írsk fyrirtæki sem náð hafi fótfestu í harðri samkeppni á heimamarkaði ættu auðveldara með að fóta sig í alþjóðlegri samkeppni.

Henneberry lagði áherslu á mikilvægi öflugra samkeppnisyfirvalda og að spornað væri við óeðlilegum yfirburðum á markaði. Hann lagði hins vegar einnig áherslu á að markaðsyfirburðir sem hefðu áunnist vegna velgengni í frjálsri samkeppni væru ekki í eðli sínu hættulegir. Það væri einungis hættulegt þegar fyrirtæki misnotuðu slíka markaðsyfirburði. **- þk**



**SAMKEPPNIN ÖLLUM TIL GÓÐS** Í ræðu Edward Hennberry í gær sagði hann meðal annars að hann teldi aðstæður á Íslandi og Írlandi svipaðar.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**HLUTI SKÝRINGARINNAR** Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka, spáir lækkun gengis krónunnar. Viðbrögð á markaði benda til að fleiri séu sömu skoðunar.

# Gengi krónu fer lækkandi

Gengi krónunnar lækkaði í gær um 0,81prósent. Síðustu tvo daga hefur gengi krónunnar lækkað um 1,77 prósent í líflegum viðskiptum. Gjaldeyrissérfræðingar Íslandsbanka segja að lækkunina megi meðal annars rekja til umræðu um hátt gengi krónunnar. Greiningardeild bankans lýsti krónuna ofmetna í fyrradag og má leiða líkur að því að hluta skýringarinnar megi rekja til þeirra vangaveltna. Einnig er bent á að hækkun hafi verið á genginu frá í desember og spákaupmenn því verið að innleysa hagnað af stöðutöku með krónunni. **- hh**



MYND AP

**ALAN GREENSPAN** Yfirmaður Seðlabanka Bandaríkjanna telur að draga muni úr viðskipthallanum í Bandaríkjunum, en hann hefur aldrei verið meiri en um þessar mundir.

# Dregur úr hallanum

Alan Greenspan, yfirmaður bandaríska Seðlabankans, spáir því að viðskiptahalli Bandaríkjanna fari minnkandi meðal annars vegna veikrar stöðu Bandaríkjadals.

Í ræðu sinni á fundi helstu iðnríkja heims í Lundúnum. Hann sagði að auk veikingar Bandaríkjadals hefði meiri agi í ríkisfjármálum þau áhrif að draga myndi úr viðskiptahallanum.

Greenspan var þó varkár í spádómum og sagði að vegna þess hve umfangsmikið og flókið fjármálakerfi heimsins væri orðið væri ekki lengur hægt að spá nokkru um þróunina. Hann taldi þó að mikill samdráttur í viðskiptahalla Bandaríkjanna kæmi ekki til með að hafa veruleg áhrif á markaði. Þetta telja margir hagfræðingar vera bjartsýni þar sem mörg stór hagkerfi treysti á jákvæðan vöruskipajöfnuð við Bandaríkin. ■




ENNEMM / SÍA / NM15063

Fáðu ráðgjöf um hvaða þjónusta hentar þínu fyrirtæki í næsta útibúi KB banka.

KB ATVINNULÍF

Sérsniðin þjónusta fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki

KB banki býður rekstraraðilum smærri og meðalstórra fyrirtækja persónulega, faglega og skjóta þjónustu í fjármálum, hvort heldur er á sviði rekstrar eða einkafjármála.

• Viðskiptareikningur • Innheimtuþjónusta • Ábyrgðir • Atvinnutryggingar VÍS • Starfsmannatryggingar
• Rekstrarleiga atvinnuhúsnæðis • Fjármögnun atvinnutækja • Kreditkort • Innlán • Útlán

KB BANKI – kraftur til þín!

www.kbbanki.is

30% afsláttur

BAUTABÚRS SALTKJÖT
2. FLOKKUR
279 kr. kg

KRÓNUSALTKJÖT
1. FLOKKUR
559 kr. kg

40% afsláttur

NAGGALÍNAN
KJÖTBOLLUR
286 kr. pk.

FRÁBÆRT VERÐ

LAUKUR
1 kr. kg

35% afsláttur

KRÓNU SKINKA
SNEIDD
599 kr. kg

BAUTABÚRS
ÁLEGGSTVENNA
680 kr. kg
með afslætti

KRÓNAN
KOSTAR MINNA

| SKEIFAN | BÍLDSHÖFÐI | HRINGBRAUT | BREIÐHOLT | NORÐURBRÚN | HVALEYRARBRAUT | MOSFELLSBÆR | SELFOSS | VESTMANNAEYJAR | HÖFN | ÞORLÁKSHÖFN |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 11-19 | 10-19 | 9-21 | 11-21 | 11-21 | 11-19 | 11-24 | 11-19 | 11-19 | 11-19 | virkir dagar 11-20<br>laugardagar 11-18<br>sunnudagar 11-16 |

Opið alla daga vikunnar



MYLLU VATNSDEIGS BOLLUR 9 stk.

198 kr. pk.

FRÁBÆRT VERÐ



PAMPERS BABY DRY BLEYJUR

978 kr. pk.



MYLLU VATNSDEIGS BOLLUR MEÐ SÚKKULAÐI & MYLLU BOLLUR MEÐ SÚKKULAÐI

298 kr. pk.



KRÓNU PYLSUR

599 kr. kg



GULRÆTUR Í POKUM ÍSLENSKAR

199 kr. pk.



CAMPELL´S SÚPUR 3 tegundir

89 kr. stk.

FRÁBÆRT VERÐ



X-tra ELDHÚSRÚLLUR

169 kr. pk.



NIVEA DERMO STURTUSÁPA

299 kr. stk.

## UMMÆLI VIKUNNAR

*„Nú reynir fréttastjóri Stöðvar 2 að telja þjóðinni trú um að fréttamaðurinn, formaður Blaðamannafélagsins, hafi bara ekki séð það sem stóð í miðjum hausnum[...]. Það þarf ansi góðan vilja til þess að trúa því að þarna sé um slysni að ræða. Það hvarflar allavega að mér að skyndilegur brottrekstur fréttastjóra Stöðvar 2 fyrir örfáum dögum hafi helgast af því hann sætti sig ekki við að í hans nafni væru fluttar vafasamar og oft á tíðum hreinlega ósannar fréttir eins og tilfellið er með þessa frétt.“*

***G. Valdimar Valdemarsson, fyrrum stjórnarmaður Félags framsóknarmanna í Kópavogi, Tímanum 28. janúar 2005.***

# stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

## *Úr bakherberginu...*

### Sleggjukast

Framsóknarmenn eru fljótir að snúa hlutunum upp í grín þegar mikið liggur við. Mörgum er enn í fersku minni brandarinn sem gekk manna á milli þegar þingflokkur framsóknarmanna tók þá ákvörðun að útiloka Kristin H. Gunnarsson úr öllum þingnefndum. Hann hljómaði svo: Hver er uppáhaldsíþróttagrein framsóknarmanna? Svar: Sleggjukast!

### Freyjustaurar

Framsóknarmenn ættu því sjálfir að geta tekið gríni. Pólitískir andstæðingar framsóknarmanna kætast mikið þessa dagana yfir hinni gagnrýnu umfjöllun sem bræðurnir Árni og Páll Magnússynir hafa þurft að takast á við í kjölfar yfirtöku Freyjunnar, Félags framsóknarkvenna í Kópavogi. Þegar greinin í Fréttablaðinu um átökin í Framsóknarflokknum birtist, þar sem fjallað var sérstaklega um vonir Árna um að taka við formennsku í flokknum eftir tvö ár, var talað um hún væri „fínasta Freyjukonfekt“. Því var bætt við að bræðurnir væru nú iðulega nefndir „Freyjustaurar“.



### Vitlaus fundur

Fundur framsóknarmanna í Kópavogi í fyrrakvöld var svo þéttsetinn að húsnæði flokksins rúmaði ekki fjöldann. Brugðið var á það ráð að flytja hann í sal Menntaskólans. Ungur framsóknarmaður tók að sér það hlutverk að standa vaktina fyrir utan auglýstan fundarstað og vísa fólki upp í Menntaskóla. Hann varð hins vegar mjög vandræðalegur þegar hann komst að því að ef til vill hafði hann vísað nokkrum áhugasömum fundarmönnum á vitlausan fund þegar einn neitaði að verða við beiðni hans um að flytja sig upp í Menntaskóla. Hann var nefnilega á leið á AA fund, en fundir AA-samtakanna eru haldnir í sama húsnæði og framsóknarmenn í Kópavogi hafa aðsetur.

## VIKA Í PÓLITÍK

SIGRÍÐUR DÖGG AUÐUNSDÓTTIR SKRIFAR



# Óttinn við umsnúning þyngdaraflsins

Þótt yfirborð íslenkskra stjórnmála hafi lítið breyst á undanförnum áratug er greinilegt að undiraldan þyngist. Sjálfstæðisflokkur hefur verið í ríkisstjórn í næstum fjórtán ár og í samstarfi við Framsóknarflokk í næstum tíu. Í Reykjavík hefur R-listinn verið við völd í næstum ellefu ár.

Davíð, Ingibjörg, Össur, Steingrímur og Halldór eru búin að vera aðalmennirnir svo lengi að fólk á erfitt með að ímynda sér að nokkuð eða nokkur geti fellt þessa foringja af stalli. Þetta eru fastar í íslenskri pólitík, eiginlega eins og þyngdarhröðun jarðar.

Það er víst til mjög merkileg fóbía sem er óttinn við að þyngdarafl jarðar snúist við, þannig að maður detti upp í loft – eða út í geim. Og í íslenskri pólitík virðist stefna í að þessir fastar séu allir að riðlast.

Átökin í Framsóknarflokknum hafa auðvitað verið einna áhugaverðust. Hundruð nýrra félagsmanna gengu í flokkinn í Kópavogi á nokkrum dögum til þess að tryggja Árna og Páli Magnússyni aukin ítök á komandi flokksþingi. Í Framsókn er búið að velja næstu kynslóð og núna eru krónprinsarnir í óðaönn að sýna fram á að þeir ráði yfir nógu öflugri vél til að taka við flokknum.

Þyngdaraflið er líka að snúast við í Samfylkingunni. Þar er nýbúið að útbúa fullburða flokksmaskínu að hætti Sjálfstæðisflokksins. En nú stendur til að rífa maskínuna upp með rótum og koma nýrri fyrir ef fram fer sem horfir og Ingibjörg Sólrún leggur Össur að velli í kosningunum.

Í Sjálfstæðisflokknum er líka allt rólegt á yfirborðinu.

Innanflokksátök í flokkunum taka á sig ólíka mynd. Í Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki gildir öllu að ná valdi á margvíslegum undirdeildum flokkanna til að tryggja stöðu sína í valdastofnunum þeirra. Þetta útskýrir umfangsmiklar smalanir vegna kosninga í stjórnir félaga sem á yfirborðinu virðast harla smávægileg- eins og Freyja og Heimdallur. Í Samfylkingunni fá allir flokksmenn að kjósa svo átökin þar eru annars eðlis.

Allt ber þetta þó að sama brunni. Þyngdaraflið í pólitíkinni er að snúast við. Flokksmenn allra flokka eru farnir að búa sig undir hvað taki við þegar núverandi foringjar hætta og það er greinilega enginn skortur á fólki sem er tilbúið að fylla það tómarúm – og passa sig á því að þegar þyngdaraflið snýst við þá detti flokkarnir ekki á hausinn upp í loftið.


LAGERÚTSALA







T-bolir frá 300 / Flíspeysur frá 500
Kuldagallar 1.000 / Pólóbolir frá 500
Samfestingar 1.000 / Skyrtur 1.000
Jakkar frá 1.000 / Háskólapeysur frá 500
Svuntur fyrir mötuneyti 500 / Töskur
Íþróttafatnaður / Húfur / Handklæði

Opið 9-17 virka daga
og laugardaga 11-17
Höfðabakka 9

tanni auglýsingavörur

í sama húsi og Tækniháskólinn, lagerhúsnæði að norðanverðu




**HALLDÓR BLÖNDAL TEKUR VIÐ MÓTMÆLUM FRÁ GRÉTARI ÞORSTEINSSYNI, ALÞÝÐUSAMBANDI ÍSLANDS VEGNA EFTIRLAUNAFRUMVARPSINS.**
Við kynningu frumvarpsins var ljóst að þingmenn og ráðherrar gætu þegið eftirlaun og jafnframt gegnt öðru starfi. Þeir þyrftu þó að hlýta 6% skerðingu á ári þæðu þeir eftirlaun fyrir 65 ára aldur.

# Eftirlaunafrumvarpið ekki óskýrt

**Þingmenn sögðust hafa yfirsést að þeir ættu rétt á eftirlaunum á meðan þeir væru í starfi á vegum ríkisins. Þegar eftirlaunafrumvarpið og flutningsræða Halldórs Blöndal eru skoðuð má halda því fram að þetta hafi legið ljóst fyrir.**

Í flutningsræðu Halldórs Blöndal með frumvarpi til laga um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara á Alþingi 11. desember 2003 útskýrði Halldór ákvæði í lögunum sem skerða greiðslur eftirlauna til þeirra sem **taka við öðru starfi.** Þegar hann lýsti „helstu nýmælum í frumvarpinu“ sagði hann: „Jafnframt eru sett ákvæði sem skerða þessar greiðslur fram að 65 ára aldri ef sá sem þeirra nýtur tekur við öðru starfi. Það er nýmæli. Hér er gert ráð fyrir að skerðingin geti orðið 6% á ári. Ef maður t.d. gegnir öðru starfi sextugur verður skerðingin 36% og getur farið upp í 60%.“

Þegar við kynningu frumvarpsins var því ljóst að þingmenn og ráðherrar gætu þegið eftirlaun og jafnframt gegnt öðru starfi. Þeir þyrftu þó að hlýta 6% skerðingu á ári þæðu þeir eftirlaun fyrir 65 ára aldur.

Í 19. grein laganna segir: „Nú tekur sá sem nýtur eftirlauna samkvæmt lögum þessum við nýju starfi og skerðast þá eftirlaunagreiðslur til hans fram að 65 ára aldri um sem nemur 0,5% af áunnum rétti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem vantar á 65 ára aldur frá því að við starfi er tekið. Sama skerðing verður á eftirlaunum þess sem er í starfi er hann öðlast rétt til eftirlauna samkvæmt lögum þessum. Skerðing greiðslna samkvæmt þessari grein fellur þó niður þegar látið er af starfi.“

Um þessa grein sagði Halldór í flutningsræðu sinni: „Í 18. og 19. gr. eru settar reglur um að enginn geti notið eftirlaunagreiðslu samkvæmt lögunum meðan hann er í starfi sem lögin taka til og jafnframt að eftirlaun skerðist taki menn eftirlaun fyrir 65 ára aldur en hverfi eigi að síður til nýrra starfa. Er skerðingin 0,5% fyrir hvern mánuð, eða 6% á ári. Taki t.d. fyrrverandi ráðherra eða alþingismaður, sem ætti rétt til eftirlauna eftir tólf ára setu í embætti, þ.e. við 55 ára aldur, þegar við nýju starfi verður skerðingin 60% fram að 65 ára aldri. Sama á við ef réttur til eftirlauna stofnast meðan maður er í starfi. Þetta er nýmæli en engin slík skerðingarákvæði er að finna í núgildandi lögum.“

Eftir að Fréttablaðið vakti athygli á því fyrir skömmu að með eftirlaunafrumvarpinu gætu fyrrverandi ráðherrar fengið greidd eftirlaun þrátt fyrir að vera enn í vel launuðum störfum á vegum ríkisins brugðust þingmenn og ráðherrar við með því að segjast hafa yfirsést þessi umdeildi möguleiki. „Mönnum sást einfaldega yfir þetta og ég tel rétt að taka þetta til athugunar,“ sagði Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra í umræðum á Alþingi þann 24. janúar síðastliðinn.

Enginn sagðist hafa gert sér grein fyrir því þá sem nú hefur komið í ljós að með samþykki laganna gætu fyrrverandi ráðherrar notið ríflegra eftirlauna fyrir ráðherra- og þingstörf og jafnframt verið á góðum tekjum fyrir störf í utanríkisþjónustunni eða í öðrum störfum á vegum hins opinbera

Margir þingmenn hafa gripið til þeirra útskýringa – eftir að gagnrýnisraddir fóru að heyrast um lögin – að tími hafi ekki gefist til að skoða málið nægilega vel á sínum tíma. Athygli vekur þegar umræðurnar um frumvarpið á Alþingi eru skoðaðar að Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, heldur því fram að málið hafi síður en svo verið afgreitt í fljótheitum.

„Þegar menn horfa á umfang þessa máls og skoða það og horfa til þátta af sanngirni, líta til embætta, ekki manna, horfa til frambúðar og horfa til þess að hér er um opna, gagnsæja og lýðræðislega ákvörðun að ræða hygg ég að viðbrögðin verði önnur en kunna að verða í fljótheitum,“ sagði hann.

„Þetta mál er ekki afgreitt í skjóli nætur. Þessu máli er ekki hraðað á einum, tveimur klukkutímum í gegnum þingið. Það er ekki gert og stóð ekki til. Þetta mál, þegar menn hafa kynnt sér það, liggur fyrir eins og opin bók. Það eru engin leynd réttindi í þessu máli, engin. Það hlýtur að hafa heilmikla þýðingu fyrir menn sem horfa á afgreiðslu málsins,“ sagði Davíð.

**sda@frettabladid.is**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 9.55 | 13.42 | 17.30 |
| AKUREYRI | 9.51 | 13.26 | 17.03 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

**matur** o.fl.
Nýr Skoda Octavia frumsýndur
BLS. 2



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

*Góðan dag!*
Í dag er laugardagur 5. febrúar, 36. dagur ársins 2005.




Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is

## Smáauglýsingar
*byrja í dag á bls. 4*

**Flokkar & fjöldi**

**Bílar & farartæki** 329 stk.
**Keypt & selt** 57 stk.
**Þjónusta** 42 stk.
**Heilsa** 11 stk.
**Skólar & námskeið** 6 stk.
**Heimilið** 35 stk.
**Tómstundir & ferðir** 7 stk.
**Húsnæði** 37 stk.
**Atvinna** 28 stk.
**Tilkynningar** 4 stk.

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**
vísir



FRÉTTABLAÐIÐ VILHELM

Ingólfur við flotann sinn. Hann hefur átt bílinn síðan hann var 17 ára en Cessnuna keypti hann síðsumars.

# Ákvað tíu ára að þetta væri bíllinn minn

***Ingólfur Arnarson eignaðist Cadillac Coup DeVille á 17 ára afmælisdaginn. Hann ætlar að gefa syni sínum bílinn þegar hann verður 17 ára.***

„Þetta er rosalega fínn bíll og gaman að keyra hann. Ég hreifst fyrst af þessum bíl þegar ég var tíu ára. Hann var þá í eigu vinar pabba og ég sagði honum þá að ég myndi kaupa hann einn góðan veðurdag,“ segir Ingólfur Arnarson, sölumaður hjá Íslensk-ameríska, um fyrsta bílinn sinn – bíl sem hann ætlar að eiga lengi enn. „Ég tók bílprófið á réttum tíma og daginn sem ég varð 17 ára var ég kominn með ökuskírteini. Þá var ekkert annað að gera en að eignast draumabílinn. Ég keypti hann sama dag og hef átt hann síðan,“ segir Ingólfur.

Draumabíllinn er Cadillac Coup Deville frá árinu 1984. Ingólfur segir bílinn í toppstandi og hann þurfi lítið viðhald. „Ég hef afar sjaldan þurft að gera við hann – eina viðhaldið felst í að bóna hann og halda honum hreinum. Annars legg ég honum að mestu yfir vetrartímann en nota hann þess meira á sumrin. Þegar ég fékk bílinn á sínum tíma þá var þetta náttúrlega aðalkagginn og við félagarnir fórum í marga bílttúrana á þeim árum,“ segir Ingólfur. Hann ætlar að eiga bílinn áfram og stefnan er að láta hann ganga til sonarins þegar hann nær 17 ára aldri. „Ég hef engan áhuga á að selja bílinn en það væri ágætt ef sonur minn vildi taka við honum þegar hann fær bílpróf. Það er um að gera að halda honum innan fjölskyldunnar.“

Bíllinn er ekki eina samgöngutækið sem heillar Ingólf því hann er nýbúinn að kaupa sér einshreyfils Cessnu 150. „Móðurfjölskyldan er öll á kafi í fluginu og mér telst til að það séu fimm flugvélar í fjölskyldunni fyrir utan mína. Ég hef ekki flogið Cessnunni og geri það sennilega ekki fyrr en í sumar. Þá ætla ég að fljúga víða og taka ljósmyndir sem er enn eitt áhugamálið. Ætli maður bjóði ekki vinum og kunningjum að sitja í ef veðrið er gott,“ segir Ingólfur Arnarson bíla- og flugvélaáhugamaður.

arndis@frettabladid.is

## LIGGUR Í LOFTINU
## *í bílum*

**Bylting** í hjólabúnaði bíla er í sjónmáli ef marka má nýjustu fréttir frá dekkjaframleiðandanum Michelin. Þar á bæ eru menn „að finna upp“ nýtt hjól sem kallast Tweel. Nýja bílhjólið er loftlaust og er talið mun sterkara en klassískir lofthjólbarðar. Tweel-hjólið er búið plastpílárum sem fjaðra í stað loftsins í hefðbundnu dekki. Michelin er um þessar mundir að prófa nýja dekkið undir Audibílum og þykir byrjunin lofa góðu.



**Íslandsmeistarinn** í mótocrossi, Ragnar Ingi Stefánsson, ætlar að freista þess að stökkva yfir fimmtíu Nashuatec ljósritunarvélar. Stökkið fer fram annað annað kvöld í Reiðhöllinni í Víðidal. Ef stökkið tekst þá verður það 25 metra langt og að sögn Ragnars er áskorunin erfið að því leyti að ekið verður upp ramp og lent á jafnsléttu en ekki í sömu hæð og stokkið er úr. Allir eru velkomnir að fylgjast með tilrauninni sem hefst klukkan 20.



**Ökumenn** sem tala í farsímann í akstri eiga það til að aka eins og gamalmenni og sjá ekki það sem er beint fyrir framan augun á þeim. Þetta eru niðurstöður rannsóknar sem gerð var við Utah-háskóla í Bandaríkjunum. Fylgst var með leikni ökumanna á meðan þeir töluðu í farsíma og kom í ljós að jafnvel þeir sem notuðu handfrjálsan búnað sýndu mun minni leikni við aksturinn en þegar þeir slepptu símanum alveg. Mælikvarðinn á ökuleikni ungra og gamalla í rannsókninni var metinn samkvæmt viðbragðstölum en vitað er að tvítugur ökumaður hefur mun hraðara viðbragð en sá sjötugi – nema þegar sá ungi talar í símann.

bilar@frettabladid.is

**Komdu í ljós**



*Bestir fyrir bílinn þinn*
Borgartún 26
sími 535 9000
Bílanaust

**Öryggispróf**
Samkvæmt lögum þurfa allar bílategundir að standast öryggispróf áður en þær eru settar í sölu. Í Evrópu gangast bílar undir próf hjá NCAP og eru öll próf byggð á reglugerð frá Evrópusambandinu en NCAP var stofnað árið 1997.



ALLT Á EINUM STAÐ
• HEILSÁRSDEKK • NAGLADEKK
• OLÍS SMURSTÖÐ • RAFGEYMAÞJÓNUSTA
• BÓN OG ÞVOTTUR • BREMSUKLOSSAR
• HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA • PÚSTÞJÓNUSTA
SBD, SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
Hurðir til á lager
Eldvarnar-hurðir
Smíðað eftir máli
Öryggis-hurðir
GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

ÚTSALA
AG MOTOR SPORT
Allt á útsölu
Allt að 90% afsláttur
Kraftsíur, kraftpúst
Felgur, dekk
Lexusljós, Angel-eyes
Neonljós, LED perur
AG mótorsport • Klettháls 9
110 Reykjavík • s. 587 5547
Verslun á netinu : www.ag-car.is/motorsport

VARAHLUTIR
í flestar gerðir bifreiða
Kveikjur
Tölvuheilar
VETRARDEKK
notuð og ný dekk og stálfelgur
Vaka
s. 567-6860

HELLUR.com
OFA
Við bjóðum heildarlausnir í snjókeðjum
Viðgerðir
Breytingar
Þjónusta
Smiðjuvegi 8 - Kópavogi Sími 577 6400

ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD
Aukin ökuréttindi
Nú er rétti tíminn til að afla sér nýrra atvinnumöguleika !
Kennt er á leigu-, vöru- og hópferðabifreið, einnig vörubifreið með eftirvagni.
Skólinn býður uppá nútíma kennsluaðstöðu og reynda kennara.
Innritun alla miðvikudaga, áfangakerfi.
Einnig eru í boði námskeið í vistakstri fyrir einstaklinga og hópa.
Sími 567-0300
Þarabakka 3 109 Reykjavík
Netfang mjodd@bilprof.is
www.bilprof.is



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Útlitið á Land Rover Discovery 3 hefur fengið andlitslyftingu og ýmsar aðrar framfarir hafa orðið á bílnum.

# Öflugur, þýður og vel búinn

*Land Rover Discovery 3 hefur þegið ýmsan lúxusbúnað frá Range Rover og um leið hefur verið bætt við búnaðinn sem gerir þennan bíl að fyrsta flokks jeppa.*

Óhætt er að segja að Land Rover Discovery 3 hafi komið, séð og sigrað. Bíllinn hefur á þeim mánuðum sem liðnir eru síðan hann var kynntur hlotið alls 31 viðurkenningu, flestar í Evrópu og Bandaríkjunum en einnig í Ástralíu, Mexíkó, Rússlandi og Kína. Þyngst af þessum viðurkenningum vegur áreiðanlega að Discovery 3 var valinn bíll ársins af breska bílablaðinu WhatCar.

Nýi Discoveryinn er vel að öllum þessum verðlaunum kominn því bíllinn er eins og hugur manns. Hann er afar aðgengilegur, ökumanni líður eins og hann hafi aldrei ekið öðrum bíl um leið og hann hefur tekið af stað. Fjöðrunin er frábær, svo góð að bíllinn siglir yfir hraðahindranir nánast án þess að farþegar finni fyrir (hvort sem það telst nú kostur eða galli!). Viðmót bílsins er einstaklega notendavænt þannig að þótt tæknibúnaðurinn sé mikill þá reynist hann jafnvel óvönum notanda afar aðgengilegur og auðveldur í notkun.

Það sem hefur vakið einna mesta athygli í Land Rover Discovery 3 er hið svo kallaða Terrain Response sem er búnaður sem lagar drifbúnaðinn að akstursaðstæðum, svo sem grasi, möl, snjó og aurbleytu. Þessi búnaður er einkar aðgengilegur í notkun þannig að notandinn er leiddur áfram.

Þótt bíllinn sé stór er hann afar lipur meðal annars vegna þess hversu nákvæmt stýrið er og beygjuradíusinn góður. Sömuleiðis gerir öflug sex þrepa sjálfskipting að verkum að ökumaður finnur varla fyrir þegar hún skiptir milli gíra.

Sætin í bílnum eru góð þannig að vel fer bæði um ökumann og farþega, meira að segja í öftustu sætaröð (öftustu sætin tvö eru aukabúnaður). Aftari sætaraðirnar eru upphækkaðar þannig að útsýni er gott, auk þess sem bíllinn er afar bjartur með þremur topplúgum (aukabúnaður) með gleri. Þegar sæti eru lögð niður jafnast þau við gólf bílsins þannig að geymslurýmið nýtist mjög vel. Bíllinn er líka einstaklega vel búinn geymsluhólfum sem er góður kostur í ferðabíl.

Reyndur var bíll með dísilvél. Athygli vakti hversu hljóðlát hún var, auk þess sem einangrun bílsins er þannig að varla heyrist í vélinni inni í bílnum.

Land Rover Discovery 3 er fáanlegur með TDV6 dísilvél og og V8 bensínvél og kostar frá 5.480.000 (TDV6 vél, 189 hestafla beinskiptur) upp í 7.890.000 (V8 vél, 295 hestafla sjálfskiptur).

*steinunn@frettabladid.is*











# Hefur sópað til sín verðlaunum

***Hekla frumsýnir nýjan Skoda Octavia.***

Nýr Skoda Octavia verður frumsýndur í húsakynnum Heklu í dag. Skoda Octavia hefur verið valinn bíll ársins 2005 í fjórum löndum og Ítalir völdu hann fallegasta bílinn í sínum flokki. Þessi nýja gerð Skoda er stærri, lengri, breiðari, öruggari og betur búinn en fyrirrennarinn. Bíllinn er fáanlegur með ýmsum gerðum bensín- og dísilvéla og sjálfskiptingu. Frumsýning Skoda Octavia hefst klukkan 12 og einnig er opið á morgun. ■



Nýr Skoda Octavia verður frumsýndur hjá Heklu í dag.



„Þetta er allt frá monster-trukkum niður í venjulega jeppa sem við sýnum í dag," segir Skúli H. Skúlason formaður ferðaklúbbsins 4X4.

# Prúðir í umferðinni

*Í dag verður ferðaklúbburinn 4X4 með kynningu á starfsemi sinni og sýningu á jeppum félagsmanna.*

„Þetta er allt frá monster-trukkum niður í venjulega jeppa sem við sýnum í dag," segir Skúli H. Skúlason, formaður ferðaklúbbsins 4X4, en sýningin verður í nýju húsnæði Bílabúðar Benna að Tangarhöfða 8-12. Jafnframt verður klúbburinn með sýningu á dekkjastærðum og myndræna útlistun á því hvaða hlutverk þær spila, auk þess sem starfsemi klúbbsins verður kynnt.

„Klúbburinn stendur fyrir ferðum á hverju ári og þar á meðal eru nýliðaferðir sem eru fyrir þá sem eru að byrja að stunda þessa tegund af ferðamennsku," segir Skúli og bætir við að einnig sé klúbburinn með kvennaferðir sem eru gífurlega vinsælar. „Karlarnir eru skildir eftir heima og konurnar fá tækifæri til að ferðast án aftursætisbílstjóra," segir Skúli og hlær.

„Við förum einnig í landgræðsluferðir í samstarfi við Landgræðslu ríkisins og þá oft upp í Þórsmörk," segir Skúli, en ferðaklúbbnum 4X4 er annt um landið og rekur áróður gegn utanvegarakstri.

„Þetta er klúbbur fyrir þá sem ferðast á eigin vegum og við rekum harðan áróður fyrir því að menn sýni tillitssemi í umferðinni, bæði innanbæjar og utan," segir Skúli sem leggur metnað sinn í að vera prúður í umferðinni. ■

## Guli engillinn

Nýi Audi A6 bíllinn fékk nýverið heiðursnafnbótina Guli engillinn, frá félögum í ADAC, samtökum þýskra bifreiðaeigenda. Með heiðursnafnbótinni hlýtur hann einnig titilinn bíll ársins 2005. Audi A6 hafði mikla yfirburði í öllum flokkum þrátt fyrir að til keppni hefðu valist allar helstu bílategundir heims eða 55 talsins. Velgengni Audi A6 byggist ekki síst á þeirri stefnu framleiðandans að ná forskoti á grundvelli tækni, einstakra þæginda, heillandi sportlegrar hönnunar og yfirburðagæða þessa fólksbíls. Lesendur Motorwelt völdu Audi A6 besta bílinn en tímaritið er sent öllum 15 milljónum félaga í ADCD, samtökum þýskra bifreiðaeigenda og var Guli engillinn veittur í fyrsta sinn í ár.



**Audi A6 hlýtur fyrstur bíla heiðursnafnbótina Guli engillinn.**











## Áfram veginn

**Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar**

### Gatnamót 101

Ímyndum okkur að ég bjóði þér í bíltúr. Út úr bænum að skoða hitt eða þetta. Við þurfum að fara af Kringlumýrarbrautinni yfir á Miklubraut og við lendum á rauðu á beygjuakrein með þrjá bíla fyrir framan okkur. Við bíðum. Ljósin skipta yfir í grænt og við mjökum okkur af stað. Ég er orðinn spenntur að komast út úr bænum og finnst þar að auki ekkert gaman að hanga á ljósum.

Fremsti bíllinn á akreininni kemst yfir en svo stoppum við fyrir umferð sem er að koma á móti. Ljósin skipta yfir í gult og loks rautt. Við erum NÆSTUM ÞVÍ komin út á gatnamótin, umferðin á móti er að klárast. Ég ákveð að taka sénsinn, gef í og ætla að freista þess að komast yfir. Umferð um Miklubraut fær grænt ljós og við fáum bíl inn í farþegahliðina á miðjum gatnamótunum. Þína hlið.

Þetta var nú ekkert rosalega sniðugt hjá mér, var það nokkuð?

Á hverjum degi fer ég um þessi gatnamót til vinnu og á hverjum degi sé ég bílstjóra taka þennan séns. Flestir sleppa. En ekki allir.

Í mínum huga eru tveir möguleikar til að fækka þessum algjörlega óþörfu árekstrum sem oft valda slysum á fólki.

Annar er dauður tími á gatnamótum. Rauða ljósið logar í allar áttir í hálfa mínútu á meðan gatnamótin tæmast. Ódýrt og einfalt í framkvæmd en hefur sína ókosti: Þetta veldur óþarfa töfum á einni helstu umferðaræð höfuðborgarinnar og við myndum fljótlega komast upp á lagið og taka sénsinn á eldrauðu.

Hinn möguleikinn er að við förum að keyra eins og fólk og rifja upp hvað litirnir þýða. Grænt: „Koma svo!" Gult: „Tæmum gatnamótin." Rautt: „Ekki einu sinni láta þér detta í hug að hreyfa þig."

Umferðin snýst um líf. Bæði mitt og þitt. Ég keyri til vinnu á hverjum degi og er á stórum og þungum bíl. Þú vilt EKKI fá mig inn í hliðina á þér.

Rautt þýðir rautt.


BIFREIÐASTILLINGIN

**Vissir þú að 90% af sjálfskiptingum bíla vegna hitavandamála?**

Láttu skipta um olíu og síu á sjálfskiptingunni.
Sjálfskiptingar, stillingar og alhliða viðgerðir.

**Bifreiðastillingin ehf. • Smiðjuvegi 40d • Sími 557 6400**



MAGNÚSSON EHF

**Innflutningur á notuðum og nýjum bifreiðum frá Þýskalandi.www.bilasolur.is/magnusson**



Mercedes-Benz Sprinter 211 CDI, árg. 09/2003. Ek. 39.900 km. Dísel, 2500cc. 109 Hö, 5 gíra, ABS, vökvastýri, hátt þak, lengri gerð, viðareinangrun, Intercooler, túrbína, 3 manna. Verð 2.900.000 m/ vsk. Ágúst s. 862 2000, E-mail magnusson@internet.is

**Magnússon ehf.**
**Sími: 862 2000**

## Bílar til sölu



### Ford Eurostar 1994

Ford Eurostar 1994, ekinn 222 þús. km. 7 manna, 4 lítra vél, fjórhjóðr., þjónustubók. Góður eftir aldri ! Þarfnast lagfæringar. Tilvalinn til breytinga. Uppl. í s. 897 1700. Tilboð óskast...



Til sölu Honda CRW 4x4 sjálfskiptur. Ekinn 114 þús. Ýmsir aukahlutir. Verð kr. 1.290 þús. Staðs. Akureyri. Uppl. í s. 860 0550.



Til Sölu Galant árg. '92 sjálfsk., ek. 198 þ. km. 2 eigendur frá upphafi, þjónustubók, reyklaus. Uppl. í s. 698 2626.



Ford Mondeo árg 2002 til sölu. Ekinn 53 þús., ssk.. Skipti á ódýrari. Uppl. í s. 896 4839.



VSK bíll á rauðum númerum til sölu. Ford F-250 Platinum, árg. 2001, ekinn 155 þús km, vel með farinn glæsivagn. Nánari upplýsingar í síma 894 3031.



BMW IA750 árg. 1992. 218 þ. km. Leður, lúga, einn með öllu. A.t.h. skipti. Sími 892 7702.



Frábær fjölskyldubíll Kia Carnival '00, ek. 65 þ. 7 m-. 2.5V6. Topplúga, litað gler, ný sumar/vetrard. Tilboðsv. 1.190 þ. Bílal. getur fylgt. S. 892 0630.



M. Benz E290TD Avantgarde 08/'99, ssk., ek. 220 þ. Bíll með öllu og litur út sem nýr. S. 861 4460.



Toyota Landcrusier, árg. 2001. V8, Einn með öllu. Ekinn 150 þús. Gott eintak. Verð 3.590 þús. Bílahöllin s. 567 4949.






Dodge Durango árg. '99. Ekinn 140 þús. Leður sæti, 7 manna. Flott eintak. Stgr. Verð 1.395 þús. Sími 821 0040.



Daewoo Nubira 2000 1600 cc. Nýskráður 05/'00. Skoðaður 01/'05. Ekinn 81. þús. km. Tilboð óskast. Uppl. í síma 861 5606.



Skoda Octavia Station Elegance 1,8 Turbo 20V, árg. 2001, 5 gíra, álf, abs, spólvörn, kúla, sóllúga ofl. Ek. 71 þ. km. Glæsilegur bíll ! V. 1.450 þ. ath ód. S. 663 2430.



Lexus IS 300 sport 2002, ek. 33.600 km. Einn með öllu, 220hö, xenon. Listaverð 3.680.000 fæst á 3.350.000. Uppl. í s. 698 1573.



Mazda Protge 5, árg. 2002. ek. 52.000 km. Topplúga, filmur, CD ca.150 hö, ásett verð 1780 þ. Uppl síma 698 1573.



Til sölu Subaru Forester 5/'00, ek. 24 þ. km. Sjálfsk. Gullmoli, filmur, ABS, airbag, reyklaus, krókur, ofl. Engin skipti. Verð 1650 þ. Sími 896 5001 & 437 1200.



Nýr ótollaður Hyundai 11 m. Einnig 4 st 37" M-Thomson, 12" felgur. S. 565 6024 & 897 7006.



Til sölu MMC Space Wagon, 2/'98, ek. 164 þ. km. Sjálfsk., 7 manna. Verð 690 þ. kr. Sími 894 8620 & 437 1200.



Jeep Wrangler 4.0L High Output '91, upphækkaður á nýjum 33" BFG, opið púst og körfustólar 550 þús. stgr. Uppl. í síma 892 2801.

### Athugið get útvegað

Allar gerðir af bílum frá Ameríku þar á meðal Dodge (benz) Sprinter, árgerðir 2005 bæði vörubílum og fólksbílum. Uppl. í s. 899 3004.

Lancer Station '97. Ek. 133 þús., ný tímareim, vel með farinn. Stgr. Tilb. óskast. S. 849 5933.

Tveir bílar til sölu. Peugeot 405 station, dísel árg. '96, selst ódýrt og Ford Aerostar, 7 manna, sjálfskiptur, þarfnast viðgerðar. Upplýsingar í s. 557 3795 & 845 2028.

Subaru Impreza Station 2.0 ssk. '99, ek. 75 þ. km. Uppl. á www.4x4.is og s. 662 4444.

Til sölu Nissan Almera '97. Óska eftir skiptum á dýrari sjálfskiptum bíl, 4-500 þús. Einnig með VW Golf Station. Uppl. í s. 693 4320.

Óska eftir ódýru eða gefins trommusetti og rafmagnsgítar. S. 695 8977 og 551 6885.

Nissan Primera '92 til sölu. Þarfnast smá viðgerðar fyrir skoðun. Tilboð óskast. S. 695 5095.

Óska eftir að kaupa góðan bíl á verðbilinu 400 þús. til milljón stgr. Aðeins góðir bílar koma til greina. S. 557 5037.

## 0-250 þús.



Mistsubishi Lancer 4x4 '92. Ný kúpling og tímareim. Nýskoðaður. Öryggaður. Verð 150 þús. Uppl. í s. 897 9750.

Tilboð óskast í Volvo 244 árgerð '81, sjálfsk. Ekinn aðeins 176 þ. km og er í góðu standi. Upplýsingar í síma 693 2515.

Opel Corsa, árg '96, ek 107 þús., cd., nýjar hjólalegur, nýir bremsuborðar, nýkominn úr hjólastillingu. Í toppstandi. Smá útlitsgallaður. Listaverð 340 þús., fæst á 240 þús. Uppl. í s. 693 9154 og 567 4702.



Hyundai Accent GLS '97 ekinn 108 þús. 2 eigendur. Verð 250 þús. S. 899 7575.



Til sölu Nissan Sunny '91. Skoðaður '06. Verð 130.000. Uppl. í s. 862 6440.



Til sölu Nissan Sunny 4x4 árg. '90. Nýskoðaður. Góður bíll. Verð 130.000 staðgreitt. S. 866 8732.



Subaru 4x4 ekinn 187 þús. Dr. kúla 5 g. Verð 150 þús. Sími 692 9440 & 867 2583.



MMC Lancer, árg. '92, ek. 162 þús. km. Skoðaður '05, verð 165 þús. Uppl. í s. 861 3790.



Toyota Corolla station árg. '95, ek. 191 þús. Nýsk., verð 260 þús. S. 659 9696.



Subaru 1800, 4x4 árg. '88, ekinn 210, ný nagladekk, sumardekk á felgum fylgja. Vel með farinn. Verð 130 þús. S. 699 3369.



Volvo 740 til sölu. Ekinn 150 þ. Beinsk., árg. '88. Verð 190 þ. Uppl. í síma 820 8183.

Til sölu Subaru Legacy 2.2, '91, ssk., sumardekk á felgum, sk. '06. Uppl. í s. 565 3135, Hilmir.

MMC Colt exe 1500, árg. '92, ek. 160 þús., sko '05. Verð 150 þús. S. 693 3447.

Georg er til sölu! Subaru 4WD '91. Keyrður 185 þ. Þarfnast viðgerðar. Upplýsingar í síma 866 0677.

Bronco II '88, 33" dekk, nýtt pústkerfi ofl. Verð 180 þús. Uppl. í síma 820 2492.

Til sölu Toyota Corolla '92. Sjálfskiptur, sk. '05. Uppl. í s. 693 8601.

Jeep Wagoner '89. Lúxus týpan. Einnig til sölu sleðakerra. Tilboð. Upplýsingar í síma 865 5019.

Galant '91 e. 110 þ. m. Skoðun '05. Góður bíll sem selst á 150 þús. S. 662 8363.

Nissan Pulsar '88, ekinn 150 þús. Í góðu lagi. Verð 75 þús. stgr. S. 693 8522.

V.W. Golf árg. '94, 1600 vél, ek. 156 þús., sk. '05. 3ja dyra. Sumar og vetrardekk. Verð 250 þús. Uppl. í s. 696 7267.

MMC Lancer, árg. '93, hvítur, ek. 195 þús. Þarfnast lagf. fyrir sk. Álfelgur, gott útlit. Tilb óskast. S. 846 0060.

Til sölu Toyota Corolla Special Series árg. '92. Sk. '06. Dr. kúla, ný nagladekk. Verð 110 þús. Uppl. í s. 844 0478.

Corolla '92 til sölu til niðurrifs. Ónýtt húdd, vatnskassi og ljós. Nýr alternator. S. 867 7286.

Tveir bílar til sölu. Nissan Primera dísel, árg. '92, þokkalegur bíll, ek. 320 þ. 160 þ. á vél. Benz 200, árg. '86, ek. 250 þ. Tilboð. Uppl. í síma 482 2357 & 893 2357.

Dodge Grand Caravan, árg. '94, þarfnast smálagfæringa, v. 135 þús. Volvo 740, árg. '87, með leðursætum, þarfnast lagfæringa, v. 49 þús. S. 691 4441.

### Frábær bíll til sölu

Toyota Carina II árgerð '89. Ekinn 218 þ. km. 5 gíra. Sk. '06. Nýl. nagladekk. Aukadekk á felgum. Ótrúlega heill. Sjón er sögu ríkari. Sími 898 0768.

MMC Lancer árg. '90 ek. 217 þ. Ssk., í fínu lagi, skoðaður '05. Uppl. í s. 846 1890. 100 þ. eða besta tilboð.

Nissan Sunny '91. Rauður. Álfelgur. Ekinn 147 þús. Verð 50 þús. Sími 699 4126 & 551 0582.

Hyundai Accent, árg. '96, 3ja dyra, góður bíll. Verð 290 þús. Tilboð 170 þús. stgr. Uppl. í s. 691 9374.

Benz 280 SE '84, leður, nýtt púst og framendi, Úrbræddur. Verðhugmynd 50 þús. Uppl. í s. 848 7275.

## 250-499 þús.



BMW 316i, árg. '93, svart., e.170 þ., toppstandi, snyrtilegur. Verð 380 þ. S. 664 1002.



Honda Civic '98 1.5. VTI. Ný dekk, ek. 150 þ., sk. '06. V. 490 þ. S. 862 2552.



Opel Vectra disel, árg. '98, sk. '06, eyðsla aðeins 6-8 l. Ath. skipti á ódýrari. Verð 490 þús. Uppl. í s. 893 1050.



Toyota Corolla '96, e. 133 þ. Nýleg sumar og vetrardekk ásamt CD, bíll í toppstandi. Verð 490 þ. Uppl í síma 822 7057.



MAZDA 323F '97, ek 111 þús, d.blár, filmur, cd, samlitur, v. 590 þús. TILBOÐ 490 þús. Uppl. í s. 897 0535.



### Kraftmikill eðalvagn

Hyundai Sonata, GLSI V6 3000 - sjálfskiptur, árg. '97. Stórskemmtilegur bíll og keyrður aðeins 85.000 km. Ásett verð 600.000. Stgr. tilboð 450.000 kr. Uppl. hjá Hauki í síma 820 0864.



Subaru Legacy '92. Ekinn 170 þús. Algjör moli. Uppl. gefur Palli í s. 840 4092.



Hyundai Atos '00, ek. 81.000, beinsk., cd. samlæsingar. Verð 400 þús. Uppl. í síma 868 3046. Ath. skipti á dýrari.



Toyota Carina E GLI 2,0 L árg. '93. Ek. 179 þús. Nýsk. '05. Sjálfsk., þjófavörn og fjarstart. Verð 390 þús. Fæst á 290 þús. stgr. S. 821 6314.

Opel Astra 3ja dyra, árg. '98, ek. 133 þ. Tilboð 519 þús. eða skipti ód. Uppl. í s. 822 7591.



### Tilboð 490 þús.

BMW 318 IA, árg. '94, ekinn 185 þús. álfelgur, fjarstart, þjófavörn, CD, dökkar rúður, auka dekk á felgum o.fl. Litur mjög vel út. Uppl. í s. 698 6926.



M. Benz 190 E árg. 1992, 245 þús. km, sjálfsk., Næsta skoðun '06, kr. 390 þús. Sími 868 1715.

Toyota Hi-Lux '92. Lengdur á milli hjóla. Ekinn 220 þús., bensín. Verð 320 þús. Uppl. í s. 896 8129.

Toyota '95 árg. ek. 130 þús, ný yfirfarinn og mikið endurnýjaður. Verð 375 þús. Upplýsingar í s. 693 6868.

4Runner 1986, góður bíll, 36" breyttur. Uppl. í s. 893 6992.

Pajero '91, v6, 33" breyttur, ný dekk. Gott útlit og ástand. Uppl. í síma 895 5577.

Ford Explorer XLT 4,0, árg. '92, leður, rafm. í sætum og rúðum, ný dekk. Tilboðsverð 390 þús. Uppl. í síma 895 5577.

Volvo 460 '96, ssk, ek. aðeins 135 þús. Ásett verð 450 þús. Mjög góður stgr. afsláttur. Uppl. í s. 849 8093.

### Lestu Þetta

Til sölu Benz 230 E '90. Porsche 924 '80. Triumph Daytona 500 '72. Vantar Hi-Lux D/C '90 til '96. Uppl. í s. 894 7910.

Opel Astra Station '97 1600 vél. Í góðu ástandi. Ekinn 122 þús. Nýtt bremsukerfi að aftan og nýtt púst. Verð 360 þús. Uppl. í s. 863 3360 & 869 0386.

Til sölu Corolla Station árg. '98 (Terra) og Honda Civic 1.4 árg. '96. Skipti mögul. ód. Uppl. í s. 844 0478.

Ford Escort Station árg. '98, ekinn 94 þús. Fínn bíll. Ásett verð 390 þús. Góður afsl. fyrir stgr. Uppl. í s. 660 2336.

Til sölu Toyota Corolla 4wd. Árg. '96. Ekinn 158 þús. Sími 896 1822 & 587 1823.

MMC Lancer Royal, árg. '97, airbag, rafmagn í rúðum og spoiler. Verð 480 þús., tilboð 290 þús. Uppl. í s. 691 9374.

## 500-999 þús.

BMW 325i til sölu. Mjög fallegur og vel með farinn bíll. Uppl. í s. 695 8172.

Mitshubishi Carisma 1,6 sport. Ek. 99 þ. árg. '00. Einn eigandi frá upphafi. 500 þ. áhv. 400 þ. 21 þús. á mán. S. 517 9145.

Toyota Avensis Wagon dísel. 11/1999. Ekinn 112 þús. Uppl. í síma 482 2304 eða 893 4005.

Volvo 960 station til sölu. Árgerð '95, ekinn 174.000 í mjög góðu ásigkomulagi. Uppl. í síma 898 5866.

Nissan Pimera, árg. 2000. Mjög vel með farinn bíll. V. 800 þ. Uppl. í s. 699 7356, Högni.

VW Vento '98. Ek. 95 þús., ssk., naglad., sumard., 8 álf. Krókur. Verð 550.þ. S. 696 2268.

Honda Civic 1,5 LSI V-Tec, árg. '98, ek. 145 þús. km. Rafm. í rúðum, glertopplúga, spoiler, CD og fl. Verð 650 þús. Uppl. í s. 820 3371.


Til sölu F. Bravo árg. '00, ek. 64 þ. km. Reyklaus, vel með farinn, einn eigandi. Verð 900 þ. S. 568 4474 & 846 1889.


Galant 2.5 V6 '98. Ek. 94 þús., mikið uppgerður, ný tímareim og fl. Tilboð 980 þús. Uppl. í s. 865 7435.


Alfa Romeo 156, '99, ek. 77 þ. km, blár. Einn með öllu. Tilboð óskast. S. 692 7707.


Opel Astra árg. '99. 1600cc 16V. Ekinn 95 þús. Nánari uppl. í síma 867 3163.


VW Passat árg. 1998. Ek. 144 þ. 1600 vél, cd og smurbók. Upplýsingar í síma 899 0309.


Volvo 850 GL ST. Árg. '93. Ekinn 190 þús. Sk. '06. Ný v/dekk+álfelgur. Verð 550 þús. Uppl. í s. 898 9345.


Til sölu grár Skoda Octavia station, '99 ekinn 92 þ. Verð 850 þ. Mögul. skipti á ódýrari. S. 864 0218 & 466 1111.


Til sölu VW Transporter '96, disel. Sími 891 9193.


VW Golf '98, einn eigandi, ek. 146 þús. Verð 690 þús. Uppl. í s. 660 2824.


Honda Civic 1400 SI setan ek. aðeins 98 þús. Mjög fallegur bíll að utan sem innan. 5 gíra beinsk., aðeins 2 eigendur. Selst gegn staðgreiðslu 650 þús. Uppl. í síma 896 5775 og 823 7333.


Toyota Yaris '01. CD, rafmagnsrúður, samlitur, ekinn 60 þús. Verð 790 þús. Uppl. í s. 867 7604.


Til sölu Toyota Corolla SI, árg. '93. Áhugasamir hafið samband. Uppl. í s. 696 1390.


Til sölu Lancer '00. Ekinn 86 þús. Áhvílandi 413 þús. Verð 880 þús. Uppl. í s. 847 1335.


Volkswagen Polo Comfortline, árg. 2000, ek. 95.000 km, sumar og vetrardekk á felgum. Upplýsingar í síma 661 5797.


Til Sölu Toyota Avensis '98 2.0 Sol, ek. 107 þús. Sjálfskiptur, auka felgur 16", cd, viðarklæðning. Gott verð, skipti möguleg á ódýrari. S. 868 6865 og 869 7404.


Mazda 323F GLX '99. Ekinn 90 þús. Filmur, spoiler, CD, kraftmagnari, bassabox, símkerfi + GSM sími. Lán 390.000. Verð 690.000. Góður bíll. S. 699 1868.


Toyota Corolla 1600 station, árg. '98, ssk., ek. 117 þús., ný tímareim, ný heilsársdekk. Verð 690 þ., áhv. 550 þ., afb. 19 þ. á mán. Fæst fyrir 100 þ. út + yfirtaka á láni. Uppl. í síma 864 6012.



## Konubíll

Fiat Brava 1.6, ssk., 5 dyra, ný tímareim, ekinn 83 þús. sumar og vetrar. Verð 580 þús. Uppl. í s. 864 6012.

Japanskur Benz á sterum! Nissan Maxima qx '97. Stgr. 650 þ. Sjón er sögu ríkari. Með leðri, álfelgur, sum/vetradekk, græjur, ryðgar ekki, filmur, dráttarkr. ofl. Uppl. í s. 692 7979.

Opel Vectra árg. '99, ek. 63 þús. Ástandsskoðaður, beinsk., álfelgur. Verð 750 þús. Sími 893 2854.

Toyota Corolla árg. '99, ek. 96 þús., 1600 vél, 5 dyra. Þjónustubók frá upphafi. Lítil útborgun og yfirtaka á láni. Uppl. í s. 698 3515.

Toyota Corolla G6 árgerð '99, ekinn 120 þús., CD, 15" álfelgur. Uppl. í síma 860 2075.

Volvo 850 2,0 LPT ssk. ekinn 133 þ. árg. '96 til sölu! Skuldabréf áhvílandi c.a. 600 þ. S. 862 6465.

Renault Laguna, STW, ssk, 2000 vél, árg '00, ek. 74 þús., Mjög rúmgóður og vel með farinn bíll. Ásett verð er 1220 þús., læt hann á 999 þús.stgr. Skipti á ód. S. 660 1908.

Tilboð óskast í Suzuki Baleno 4ra d. árg. 2000, sjsk., rafm í öllu, hiti í sætum. Ekinn 77 þ. Verð 890 þús. Áhv. bílalán 580 þ. Uppl. í s. 895 4060.

Subaru Legacy st. 2,2 árg. '96, einn eigandi. Ek. aðeins 126 þ. ABS, loftpúðar, hraðastillir, loftkæling ofl. Smurbók frá upphafi. Verð 550 þ. stgr. Uppl. í s. 554 3087 & 898 9307.

Til sölu Toyota Carina Station '98. Ssk., ekinn 91 þús., sumardekk á álfelgum, engin skipti. Verð 790 þ. Uppl. í s. 693 8084 & 566 8864.

## 100. þ. Út

+ yfirt. af láni 615 þ. Skoda Octavia '00. Ek. 96 þ. Uppl. í s. 659 1848.

Skoda Octavia, árg. '00, ek. 105, bsk., grænn, verð 800 þús. Áhv. 350 þús., skipti möguleg á ódýrari. S. 866 2055.

Renault Laguna Nevada árg.'99, ek. 150 þús., sjálfsk., cd, 930 þús. Uppl. í síma 898 9539.

Toyota Avensis st.grár diesel '99. ek 215 þ. Frábært viðhald hjá umboði, gæðabíll á góðu verði 750 þ. stgr. Tjónlaus. Dráttarkr. S. 698 1667.

## 1-2 milljónir


BMW 540iA '97. Toppbíll með öllu. Ný nagladekk á 17"-18" sumard. V. 2.150 þ. Góður stgr. afsl. S. 864 0194.


Izuzu Crew Cab '98, ek. 193 þús. Diesel. Ásett verð 1250 þús. Góður bíll. Uppl. í s. 862 2816.


Til sölu Toyota RAV 4, 2ja lítra, árgerð 2001, ek. 56.500 km, sjálfsk. V. 1850 þús. Uppl. í s. 555 1395 og 820 6843.

Hilux 38" Mudder '96, ek. 168 þús., hlutföll ofl. En fæst á 1.350 þús. Uppl. í s. 868 3269 Skúli.


Suzuki Grand Vitara árg. 2001, ekinn 103 þús. Nýleg dekk og upphækkaður. Ásett verð 1.490 þús. Yfirtaka bílasam. 870 þús. S. 691 6660.


Nissan King cab, 7/2002, ekinn 29 þús. 35", jeppabreyting. Áhvílandi 1.300 þús. verð 1.690 þús. S. 662 5363.


Til sölu Chrysler Sebring '02. Ekinn 55 þús., vel með farinn, tilboð óskast. Uppl.í s. 896 6487.


M. Benz C180 Classic, árg. '99, ek. 120 þús. Toppl., spólvörn, splittað drif, hiti í sætum, rafm. í rúðum, álfelgur. Verð 1580 þús. Uppl. í síma 898 4848.

Toyota Avensis 1.8 VVTI árg. '02, svartur ek. 56 þ. km. Álfelgur, spoiler, topplúga. Litað gler. Uppl. í s. 894 2688.

## 2 milljónir +


Lexus IS 300 hlaðinn aukahlutum, TT, 17 og 18" felgur, spoilerkitt allan hringinn, steptronic skipting o.m.fl. verð 3.650 þús. Skoða skipti á jeppa. Sími 820 5658, Ívar.


Dodge grand caravan 2002/3 v6 3.8l 4x4, ekinn 32.000. Verð 4.370. Gsm 899 5043.


Chevrolet Trailblazer LT / EXT 7 manna. Árg. 2003. Ek. 37.000 km - V-6 - 4.2 lítra, sjálfskiptur, 4-WD. Einn með öllu. Verð kr. 4,500.000. Uppl. Sveinn Eyland gsm 699 1442.


Volvo Cross Country XC70 Station AWD 2.5 turbo 210 hö. Nýskr. 07/2003. Ssk. Ek. 24 þ. Eins og nýr. Með aukabúnað. Verð 4.050 þ. Ekki skipti. S. 690 3553.

Hyundai Santa Fe 2.4l. skránd. 10/2002 kom á götuna 02/2003, ek. 40.000, beinskiptur, dráttarkúla, sumar og vetrard., CD, dökkar rúður, krómgrind, hliðarlistar ofl. Uppl. í síma 824 3804 & 565 8489.


Til sölu VW Transporter Combi, árg. 2004 (Jan), diesel, 9 manna, ek. 92 þús. Verð 2,5 miljónir. Uppl. í s. 892 8098.


PATROL SE + TURBO árg 98 38 tommu breyttur ný dekk álfelgur , brettakantar, ganbretti leður, talstöð, spottakassi ofl., ekinn 150,000 km nýtt hedd, kúpling, skoðaður '05 TOPP EINTAK uppl í s 892 9377.


Tilboð - Tilboð ! BMW X 5, árg. '01, ek. 75 þús. km. Sjálfsk., leður, lúga. Bíll með öllu ! Ásett verð 5290 þús. Tilboð 4490 þús. Uppl. í s. 820 3371.


Volvo V70XC 4x4, 10/2001. Ek. 56.000 km. Þjónustubók. Engin skipti. V. 3.290.000 þ. kr. S. 565 5765.


Dodge Grand Caravan 3.8 árg. 2003, ek. 42 þús., ljós leðursæti, o.m.fl. Verð 2.900 þús. Uppl í s. 892 4624.


Toyota Previa 2400, sjálfskiptur, skráður 09/'02. Glæsilegur 7 manna fjölskyldubíll, ekinn 40 þús. Dráttarkrókur, álfelgur, handfrjáls GSM búnaður. Upplýsingar í síma 894 6677.

Lúxus jeppi, MMC Montero 2002 V6 3,5L ek. 80 þ. Blár með öllu. V. 3790.000. S. 898 9097.

## Bílar óskast

Góður eyðslugrannur bíll á verðbilinu 200-300 þús. óskast gegn stgr. Micra eða sambæril. Verður að vera skoðaður og í góðu lagi. Uppl. í s. 892 5219.

Óska eftir að kaupa smábíl, Yaris, Polo, Micra eða sambærilegan bíl. Ekki eldri en '94. Má þarfnast lagf. Á verðb. 10-200 þús. S. 897 8779.

Óska eftir VW Transporter '93 til '96. Verður að vera lengri gerð, helst háþekja. Stgr. fyrir góðan bíl. Uppl. í s. 820 8005. Bjössi.

Óska eftir vel með förnum Toyota Yaris. Allt að 600 þús. stgr. fyrir góðan bíl. Uppl. í s. 866 8647.

Stuttur Land Cruiser óskast á 250-280 þús. stg. Sími 849 0229 eða 865 6595.

Óska eftir jap. fólksbíl árg. '93-'98. Má þarfn. lagf. Uppl. í s. 695 9543.

Óska eftir Toyota Corollu, station, árg. 2000-2003. Staðgreiðsla fyrir góðan bíl. Uppl. í s. 431 4340 & 869 4340.

Tjónabíll Daewoo Matiz, árg. '02. Er á Króki í Kópavogi. Tilboð óskast. Uppl. í s. 694 3117.

Óska eftir Hyundai Accent árg. '96-'99. Uppl. í s. 894 8225.

Bílar til niðurrifs óskast. Allt kemur til greina. Uppl. í s. 822 8171.

Óska eftir bíl á 0-300 þ. staðgreitt. Ekki eldri en '98, má þarfnast lagf. S. 659 9696.

Jeppi. Vantar 7m. sjálfskiptan, helst disel, '95+. Verð 0 - 1 millj. S. 866 3105.

Óska eftir bíl fyrir allt að 100 þús. Má þarfnast ýmissa lagfæringa en verður að vera gangfær og ekki of mikið keyrður. Uppl. í s. 866 2655.

Leita að litlum og sparneytnum bíl í toppstandi. Verðhugm. allt að 450 þús. staðgr. Uppl. í síma 862 4101 og 867 3755.

Óska eftir bíl 0-60 þús. staðgr. Skoðuðum og í lagi. Upplýsingar í síma 861 3678.

Óska eftir vinnubíl eða bitaboxi, er á norðurlandi. Upplýsingar í síma 867 3751.

## Jeppar


MMC Pajero, 3,0 V6, ssk. 02/'98 ekinn 93 þ. Reyklaus og vel með farinn, engin skipti. Verð 1.950 þ. Uppl. í síma 896 6443.


Frábært verð. Laredo 2000 og Limited 2002. Góðir bílar. S. 897 9227.www.isband.is


Chevrolet Suburban 6.2 Dísel, árg. '85, ekinn aðeins 151 þús. Loftlæsingar að framan, no spin að aftan, ný dekk og felgur 38", breyttur fyrir 44", Warren spil, aðeins 3 eigendur frá upphafi. Topp eintak í topp standi. Athuga skipti. Uppl. í s. 897 1476.


Toyota Landcruiser 80 VX, '94. 44", 4.2 diesel, ek. 225 þ. Auka olíutankur, stýristj. 4.88 hlutföll, br. fyrir 2 árum og heilsprautaður. Mjög vel br. og fallegur bíll. 38" dekk, sími og talstöð fylgja. Bíll í toppviðhaldi. V. 3.950 þ. S. 587 3467 & 699 3467.


Til sölu Toyota Landcruiser 90GR árgerð 2000. Upplýsingar í síma 822 0255.

Toyota Landcruser VX90 árg. '97 diesel, sjálfskiptur, 7 manna, ný dekk, ek. 176.000 km. Litur vel út. Bein sala. Uppl. í síma 564 3885 & 898 2978.

Toyota LC, GX '99, ekinn 114 þ. 35" br. 1 eig., þjónustubók, loftdæla, CB. Mjög gott eintak. Verð 2.600þ. Uppl. í síma 844 4550.

Bílauppboð - Ford Explorer 2002 - Verður sleginn hæstbjóðanda, fyrsta boð kr. 100 þús - www.islandus.com

MMC Pajero skráður 12/'93, ekinn 181 þús., v6 3000, sjálfskiptur, 7 manna, topplúga, dráttarkúla, ofl. Verð 550 þús. stgr. Uppl. í s. 663 0485.

Til sölu Grand Cherokee Limited V8, árg. 2001. 68 þús. km. Dökkblár. Verð 2.790 þús. Uppl. í s 892 8364.

Til sölu Range Rover árg. 1992. Sjálfskiptur m/topplúgu. Ekinn 134.000 km. Lítur vel út. Uppl. í s. 564 2937 & 899 2937.

Ford Explorer árg. 1991 Eddy Bower. ssk., læstur frá aft. loft. 38" mikið af aukabúnaði. Uppl. í s. 896 4839.

MMC Pajero '98. 2.8 lítrar dísel, ekinn 161 þús., góður óslitinn bíll. Uppl. í s. 849 4227.

Opel Astra 1.6, árg. 12/'02. 27 þ. km. Beinskiptur með CD. Bílalán/skipti. Sími 892 7702.

Draumabíll! Toyota Landcruiser 90 VX ,'98, ek. 134 þ. Sjálfskiptur, diesel. V.1,9. Engin skipti. S. 895 0131.

Land Cruiser '87, 38" stuttur með vél úr diesel hilux '92 turbo, intercooler. Er á 35" dekkjum, ek. 214 þ. Tilboð óskast!!! Á einnig 38" dekk á felgum. S. 660 7678. Engin skipti.

MMC L-200 '97, 38" 2,5 TDI loftlæstur fra/aft 5:29 hlutföll, fíni dæla, prófíll/fra./aft. GPS, NMT, VHF, CB, aukarafkerfi, kastarar, Hi clone, K&N sía, 3" púst, 90 lítra aukatankur, nýleg Ground Hawg dekk, 35" dekk fylgja, mikið endurnýjaður, ek. 160 þ. S. 869 1618.

Musso '96 Diesel, beinsk. 31" dekk, ek. 196 þ. Góður bíll. Ath. skipti. S. 896 1339.



**Tilboð óskast**
Í 220m2 heilsárs-topptjald, sem staðið hefur fyrir utan Seglagerðina Ægi undanfarin 7 ár. Upplýsingar gefur Björgvin í síma 511 2200, Seglagerðin Ægir.



Ný sending. Yfir 60 gerðir af nærfata settum á aðeins 1990. Yfir 70 gerðir af brjóstahöldurum á aðeins 1300. Stærðir a,b,c,d,e,f. Nú er ódýrt að vera smart. Allt Smart laugavegi 46. S. 551 1040.

Bílskúrshurðaþjónusta. Bílsk.hurðir og mótorar, varahl. - viðgerðir. S. 892 7285.

Rúllugardínur. Sparið og komið með gömlu rúllugardínukeflin og fáið nýjan dúk á keflin. Gluggakappar sf. Reyðarkvísl 12, Ártúnsholti, s. 567 1086.

**Skransala Skipholti 29 A**
Föstudag frá 12-18. laugard og sunnud 10-14 S.694-6016. Komið og gerið góð kaup.

Teskeiðarekki og rúmlega 108 túristaskeiðar, 120 stk. ódýrar vídeóspólur, kompudót. S. 893 0966.

Til sölu gamalt sófasett, áklæði í fínu standi. Uppl. í s. 820 4196.

Hókus pókus stóll, barnabílst., þrekhjól, 5 háir borðstofustólar og eldhúsborð + stálstólar. S. 869 2798.

Eldhúsinnrétting síðan 1966 til sölu með original eldavélarborði og nýlegum bakaraofni og viftu. Verð 40 þús. S. 697 8317.

Til sölu 40 feta gámur og 15 fm vinnuskúr með rafmagnstöflu og ofnum. Uppl. í s. 557 3606 & 862 0241.

Hjónarúm (RB), Lazy boy, ísskápur, frystikista, eldhúsborð. Ódýrt. S. 848 2843.

2 stk. barnabílstólar fyrir 9-18 kg, þríhjól og saumagína til sölu. S. 897 9133.

Til sölu 4 innihurðir með öllu, einnig ca. 60 fm af parketi ásamt fataskáp í svefnherb. S. 698 3826.

Eldhúsinnrétting, gegnheil fura og hvít baðinnrétting, nýtt. Pioneer græjur, gulllitað stórt fuglabúr, skíði 170 cm. og skór nr. 39, fjallahjól Cannondial Delta V1500. Uppl. í s. 695 5521.

Select Comfort sérinnflutt loftrúm með göflum og himnasæng. Unglingarúm og barnarúm. DVD kids og leikurinn Doddi. Gamall tvöfaldur amerískur ísskápur með klakavél. Uppl. í s. 862 8400.

Blár hornsófi frá Ikea. Verð 50 þús. Á sama stað óskast notaður hárgreiðslustóll. Uppl. í síma 692 3666 & 481 3233.

Lítið notuð og vel með farin Rainbow ryksuga til sölu. Uppl. í s. 867 2505.

Timbur til sölu. 500 m af 1x6 og 2x4 og 300 fm. af vírneti. Upplýsingar í síma 553 2171.

Lager af mjög vönduðum rennilásum, selst ódýrt. Uppl. í s. 552 2556.

**Leiktæki til sölu**
Til sölu tvö þythokkíborð, tvö kúluspil, fjórir bílkassar samtengjanlegir og fleiri leiktækjakassar. Einnig eru til sölu frystiskápur og ísskápur með tveimur glerhurðum hvor. Uppl. í s. 898 2823.

## Gefins

Gefum 2x10.000 króna gjafabréf í þessari viku í leiknum okkar. www.gefins.is

Vegna flutninga er verið að leita eftir góðu heimili fyrir eins árs fress. Uppl. í síma 696 4378.

Yndislegir kettlingar fást gefins á góð heimili. Uppl. í s. 848 8687.

## Óskast keypt

uppbod.is

Tökum alls konar muni í uppboðsmeðferð á Netinu. uppbod.is, sími 552 7977.

Óska eftir að kaupa handunnið austurlenskt gólfteppi í stærð allt að 2x3 metrar. Má vera slitið. Vantar einnig stóran brúnan leðurhægindastól. Vinsamlegast hringið í síma 860 1262.

Vantar innbú ódýrt. M.a. rúm, hillur, tölvu, sófa o.fl. Uppl. í s. 616 8827.

Óska eftir notuðum búðarkassa. Uppl. í s. 697 7774.

## Heimilistæki

Til sölu Electrolux helluborð (steyptar hellur). Í toppstandi. S. 660 2080.

## Hljóðfæri

Get útvegað allar tegundir af harmonikkum. Nýjar og notaðar hnappa- eða píanóborð. Uppl. í s. Guðbrandur 690 2020.

Til sölu J.Larsen kjöbenhavn píanó, ágætt fyrir byrjendur. Verð 80 þús. staðgreitt. Uppl. í s. 565 6603 og 899 4044.

**Harmonika**
Nýleg 120 bassa Goldencup harmonika verð 55 þús. Uppl. í s. 561 2242 eða 866 4332.

## Hljómtæki

Óska eftir notuðum græjum í góðu ásigkomulagi, EKKI samstæðu. Magnari, kassettutæki, plötuspilari og hátalarar. Helst Marantz, ekki skilyrði samt. S. 662 1150.

Græjur í góðu standi óskast: hátalarar, magnari, vinil-plötuspilari og jafnvel eitthvað fleira mætti fylgja. Uppl. í s. 899 4125.

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153. Frá kl 8-23.

Til sölu glæný og ónotuð lófatölva. Uppl. í s. 896 9519.

## Vélar og verkfæri

**Til sölu**
Gorki 52 L vörubílaumfelgunarvél ásamt öðrum tækjum til hjólbarða- og bílaviðgerða. Uppl. í síma 865 4652 og 846 3621.

## Bækur

Skrifstofuhúsgögn til sölu vegna flutnings. Seria-Nett skrifborð, hillur, stólar og fundarborð með kirsuberjaspón frá Á. Guðmundssyni. Glæsileg húsgögn á frábæru verði. Upplýsingar í síma 864 4545 eða 460 5052.

## Til bygginga




**Gröfur/Vörubílar**
Gröfum grunna, útvegum efni. Gröfum fyrir skolp og frárennslislögnum. Uppl. í s. 822 2660.

Parket afgangar. 70% afsláttur. Harðviðarval. Krókhálsi 4. Sími 567 1010.

**Loftagifs.**
Til sölu hljóðdempandi loftagifs, stærð platna 120 x 240 cm. Alls um 240 fm. Gott verð. Uppl. í s. 862 4282.

**Vinnuskúr.**
Lítill ódýr vinnuskúr óskast keyptur. Upplýsingar í síma 848 6904.

## Verslun



Full búð af nýjum vörum. Gott verð. H-Gallerí Grænatúni 1 kóp. S. 554 5800.




**100% Verðvernd!!!!**
Venus erotic store. Nýjar 6 tíma dvd myndir á 2.990. Spólur 1990. 3 á 5.000. Egg frá 990. Venus Freyjugötu 1 sími 552 2525. www.venus6.is. Sendum í póskröfu um land allt.



Jöklaljós kertagerð, öðruvísi fermingarkerti handmáluð ýmsar gerðir. Opið 7 daga vikunnar frá 13-17. s. 423-7694 & 896-6866. www.joklaljos.is




## Fyrirtæki

Til sölu lítil plastverksmiðja 6-700 mót, gámar, tæki og tól. Ágæt verkefnastaða. S. 866 8533.

## Ýmislegt

Glæsilegt einbýli ásamt bílskúr á eignarlóð aðeins 40 mín. akstur frá Rvk. Eitt besta sjávarútsýnið á þessum slóðum og verðið hreint ótrúlegt. Uppl. í s. 894 2276 og mhh@visir.is

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar




Hreinlega - Hreingerningarþjónusta. Tökum að okkur heimilisþrif, flutningaþrif, teppahreinsanir, stigagangar og fyrirtæki. Ellý og Co. S. 898 9930.

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru s. 699 3301.

## Garðyrkja

Trjáklippingar. Nú er rétti tíminn til trjáklippinga. Felli tré og klippi runna. Jónas Freyr Harðarson, Garðyrkjufræðingur. S. 697 8588.

## Bókhald

Bókhald, vsk og launauppgjör. Ársreikningar og skattframtöl.
Tölvu-Pósturinn
BÓKHALDSÞJÓNUSTA
S: 567 5080 / 820 0644
Netf. tolvu-posturinn@internet.is

## Málarar

Málari, tek að mér smærri verk. Eyjólfur. S. 867 4325.

**Húsaviðgerðir**
Tökum að okkur málningar og viðgerðir inni sem úti. Gifs, spörslun, lökkun, múr, tré og blikk. Vanir menn og vönduð vinna. Uppl. í s. 867 4167.

## Meindýraeyðing




Öll meindýraeyðing fyrir heimili, húsfélög. S. 822 3710.

## Búslóðaflutningar

Flutningaþjónusta Brynjars. S. 898 6565.

Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð á flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

## Húsaviðhald

Protan þakdúkar
Lett-Tak þakeiningar
FAGTÚN
Brautarholt 8, 105 Reykjavík
fagtun@fagtun.is - www.fagtun.is

HÚSEIGNAÞJÓNUSTAN
Sími 892-1565

892 1565 - Húseignaþjónustan - 552 3611. Lekaþéttingar - þakviðg. - múrviðg. -húsakl. - öll málningarvinna - háþrýstiþv. -þakþéttiefni (500% teygjanl.).

Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Glerjun og gluggaviðgerðir!**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Alm. viðhald húsa, málun, múrun, flísa & parketlagnir og trésmíðavinna. Föst tilboð eða tímavinna. Sími 616 1569.

Húsasmiður auglýsir. Þarftu að láta skipta um rennur, glerja? Tilboð, tímavinna. S. 553 2171.



Gluggar og Hurðir, Ódýr og góð framleiðsla hönnuð fyrir íslenskar aðstæður. Byggingarfélagið Timburmenn, Esjumel 7, S. 566 6630 Sjá: www.timburmenn.COM

## Stífluþjónusta

Fjarlægum stíflur úr WC, vöskum og fl. Röramyndavél og viðgerðir á frárennslislögnum. Stífluþjónusta Geirs, s. 697 3933.

## Tölvur

Ódýrar tölvuviðgerðir. Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

Geri við tölvur í heimahúsum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. ATH Opið allan sólahringinn. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Sími 616 9153. Milli kl 8-23 alla daga vikunnar.

Nokkrir Dell-þjónar ásamt öðrum vélbúnaði seljast á góðu verði. Sjá http://tolvur.vortex.is S. 525 4036 og 893 4595.

## Innrömmun



**20-80% afsláttur ! Hjá Hirti Bónushúsinu Seltj. s. 561 4256, xnet.is/hjahirti**
á Rýmingarsölunni, sem verður 31. jan - 6. febr. Mikið úrval af: Plakötum, Gallery myndum, myndarömmum og innrömmuðum myndum á veggjum.

## Dulspeki-heilun

**Fyrirbænir og heilun**
Andleg heilun, fyrirbænir og kristalsheilun. Tímapantanir í s. 566 8110. Ólafur Thorarensen.

## Spádómar

Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spilaspá, draumar, og huglækningar. Hanna. S. 908 6040. Frá kl. 13 til 01.

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

SPÁSÍMINN 908 5666. Árspá 2005. Stjörnuspá, draumráðningar (ást og peningar), andleg hjálp. Trúnaður.

Jórunn Oddsdóttir kemur til landsins. Verður á landinu í ca. 4 vikur, frá 21. feb. Þeir sem hafa áhuga á tímapöntunum vinsamlega hafið samband í síma 1147 5174 9764 eða 0047 9806 0578.

**Er byrjuð aftur**
Spákona-spámiðlun. Fortíð, nútíð, framtíð. Tímapantanir í s. 692 0297 Þóra (áður Höfnum á Suðurnesjum).

## Iðnaður

Járnabinding. Get bætt við mig einb. parh. raðh. Uppl. í síma 867 4860 Gunnar.

## Trésmíði

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, nýsmíði viðgerðir og viðhald. Uppl. í s. 894 0031.

Smiðir eða vanir menn óskast í byggingarvinnu. Uppl. í s. 616 1122.

Smiður tekur að sér allskonar smíðavinnu fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Glerjun, hurða ísetningar, gifsveggi, sólpalla ofl. Sími 847 9874.

Trésmíðaverktakar geta tekið að sér verkefni jafnt inni sem úti. Viðhaldsvinna eða nýsmíði. Uppl. í s. 895 1905.

**Trésmiður**
Get bætt við verkefnum. S. 892 4624.

## Viðgerðir

**PÍPULAGNIR VIÐGERÐAÞJÓNUSTA.**
Nýlagnir/ breytingar almennt viðhald.
**Sími 897 6613. Gísli Steingrímsson. Löggiltur pípulagningarmeistari.**




## Önnur þjónusta

Myndbandaþjónusta. CD-DVD-VHS-fjölföldun, tökur-klippingar-prentun á diska. o.m.f.l. Jenna film s. 896 3785.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Rafbylgjumælingar
Ert þú með:
Exem - Þurrk í augum ?
Síþreytu - Vöðvabólgu ?
Verki í fótum og höfði ?
Svefntruflanir ?
Fjarlægum rafbylgjur í tenglum og í jörð.
Klettur ehf
Sími 892 3341 & 581 1564.

Betri heilsa og frábær líðan. Herbalife. Ásdís, 845 2028.

Frábær líðan.. Alveg síðan.. Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

## Líkamsrækt

**Fit - Pilates**
Alhliða styrktaræfingar sem þjálfa djúpvöðva líkamans og gefa flatan kvið. Komdu í prufutíma. Uppl. í s. 896 2300 og á www.einka.is

Óska eftir ódýrum en góðum lyftingabekk, helst svona multibekk þar sem hægt er að stunda niðurtog til dæmis. Einnig yrði yndislegt að fá nokkur lóð....vil athuga allt. S. 822 0557.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Ég;-12 kg/ 8 vikur. Þú;??? Allt er hægt með Herbalife!! Sigurborg, s. 865 8607.

## Nudd

Nuddbekkur til sölu, 70 cm breiður, með tösku. S. 863 0180. Nálastungur Íslands ehf.

**Nudd og heilun**
Tek fólk í nudd og heilun. Get einnig tekið að mér námskeið í heilun. Er meistari. S. 697 8602.

Ferðanuddbekkur til sölu. Ónotaður með tösku og hauspúða. Uppl. í síma 823 5059.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

Microsoft CERTIFIED Systems Administrator

MCSA kerfisstjóranám 270 st á aðeins kr. 209.900. Hefst 7. feb. Rafiðnaðarskólinn www.raf.is



**Feng Shui.**
Ráðgjöf, einkahugræktarþjálfun. Nánari uppl. á www.fengshui.is eða í s. 698 7695, jkt@centrum.is

## Kennsla

þýska og franska. Þýskur kennari getur tekið nemendur í aukatíma. Hefur réttindi og reynslu (14 ár). Sími 848 5965.

Kennsla Stæ 103-703 á framhaldsskólastigi. Kenni einnig til samræmda prófsins í stærðfræði. Uppl. í s. 865 6117. Eingöngu Sms.

## Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2004. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



Vönduð eldhúsinnrétting til sölu 25 þ., Blomberg eldavél, Siemens uppþvottavél, ísskápur, borðstofuhúsgögn, kommóður og píanóstóll. Upplýsingar í s. 893 1388.

Til sölu ljós skenkur m/skúffum 172x48x87 m/spegli 20.000, barnarúm 90x200 m/leikplássi undir, tjald fylgir, án dýnu 10.000, 2x BILLY bókahilla, grá 107x28x80 4000 stk., hring eldhúsborð 3000, 2ja ára kingsize, millistíft 50.000. Uppl. í síma 691 3325.

Til sölu Amana Counterrange eldavél (USA) m. gorm-, keramik- og grillhellum. Einnig tvöfaldur Siemens ofn. Selst ódýrt. Frekari uppl. í s. 567 4724.

120 cm breytt, gott fururúm með dýnu til sölu á 20 þús. Uppl. í s. 694 8620.

Til sölu hjónarúm sérsmíðað úr furu. Stærð 180x205cm. Verð 15 þús. Uppl. í s. 697 5439.

Stækkanlegt borðstofuborð úr 170 cm, í 270 cm., sex stólar úr kirsuberjavið. Verð 30 þús. Uppl. í s. 565 4208 eða 662 4684.

Þrír Bongóstólar og borð til sölu. Uppl. í s. 865 9699 & 557 6081.

Til sölu barnarúm með föstu skrifborði og leiksvæði undir úr furu. Stór sjónvarpsskápur frá Mýru. Verð 30 þús. Uppl. í s. 698 9845.

Glæsilegt antikfururúm 2x2m, náttborð og dýnur, brúnn leðursófi, eldhúsborð og 4 stólar, bókahilla, teikniborð, hillusamstæða o.fl. til sölu. Sími. 899 4512.

Sófasett til sölu 3+1+1, mjög vandað frá HP Húsgögnum. Uppl. í síma 849 7618 & 867 9660.

2ja ára hjónarúm til sölu. Fæst ódýrt. Upplýsingar í síma 588 4419 frá kl. 12 - 16.

Glæsilegt 3ja og 2ja sæta sófasett. Uppl. í s. 896 6759.

## Antík



Borðstofusett til sölu gamalt og fallegt. Tilboð óskast. S. 557 1535 og 896 7969.

Þýsk antikhúsgögn til sölu; borðstofuborð, 6 stólar og skenkur. Uppl. í síma 695 6730.

## Heimilistæki

Til sölu v. flutn. erl. Hotpoint þvottavél og þurrkari. Vel með farin. Verð aðeins 25 þ. Uppl. í síma 697 8510.

AEG uppþvottavél, Whirlpool frystiskápur (c.a. 1 meter á hæð) og ísskápur m. fyrstihólfi c.a. 140 cm. Fín tæki í góðu standi. Tilboð óskast. Nánari uppl. í síma 897 0898 eða 564 0113.

## Barnavörur



50% afsláttur af öllum vörum. Róbert Bangsi ...og unglingarnir Hlíðasmára 12, Hverafold 1-3 og Firði Hafnarfirði. Sími 555 6688.

Ungbarnabílstóll til sölu 0-13 kg. 5 mánaða, lítið notaður, vel farinn. Með bílfestingu. Uppl. í s. 863 1811.

## Barnagæsla

**Dagmæður-Laus pláss.**
Við erum tvær dagmæður með laus pláss í Grafarvogi. Góð útivera og heitur matur í hádeginu. Uppl. í s. 587 0447 & 844 5426-Jóhanna og Sirrí.

## Dýrahald

Schafer-hvolpar til sölu Foreldrar hvolpanna eru ísl. sýningarmeist., HD-fríir, hafa lokið skapgerðarmati og vinnuprófum. Ættbók frá HRFÍ. Uppl. í s. 566 8694 eða sleggjubeinaa@visir.is

**30% Vetrarafsláttur !**
Allar gæludýravörur með 30% afsl. Full búð af nýjum vörum. Opið alla daga. Tokyo, Hjallahrauni 4. Hfj., s. 565 8444.

Þrjú pör af dísarpáfagaukum, þrjú pör af lovebirds og fleiri tegundir af pörum til sölu. Uppl. í s. 868 3571.

Hreinr. Silkyterrier hvolpar til sölu, ættbókarf. Uppl. í s. 564 3885 & 898 2978.

Til sölu hreinræktuð beagle tík, hvít og brún á lit. 7 mánaða gömul. Ættarbók fylgir. Uppl. í s. 692 0297 og 692 0853.

Poodle blendingar til sölu. Uppl. í s. 849 6700.

Tveir kassavanir kettlingar, högni og læða, fást gefins á góð heimili. Uppl. í s. 555 3964.

Ca. 50 lítra fiskabúr með loki og ljósi til sölu. 6500 kr. Uppl. í s. 586 2429.

Til sölu mjög fallegir hreinræktaðir Chihuahua hvolpar. Uppl. í s. 845 2962.

Þrjá yndislega fresskettlinga vantar gott heimili. Sjö vikna gamlir. Uppl. í s. 616 6789.

Til sölu tveir snöggir Chihuahua hvolpar, tík og hundur. Uppl. í síma 472 1431.

2 skógarkettir ættaðir, kátir kisustrákar, 11 vikna, kassavanir, fást gefins. Gott heimili skilyrði. Uppl. í s. 699 4210.

## Ýmislegt



Borðstofuhúsgögn, borð + 6 stólar og skenkur. Vel með farið, fæst á góðu verði. Uppl. í s. 698 5642.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög

ISAFOLD TRAVEL

**Ferðir fyrir sérhópa**
Litlir hópar - lifandi ferðir.
**Ferðaskrifstofan Ísafold, s. 544 8866. www.isafoldtravel.is**

## Fyrir ferðamenn

**Frönsk sveitasæla**
Stórglæsilegt hús í hjarta Frakklands til leigu fyrir stóra fjölskyldu eða hópa í Búrgúndí. Stutt í frábær vínsvæði og besta útsölumarkað með merkjavöru í Frakklandi. Golfvöllur, tennisvöllur, vatnasport o.fl. í næsta nágrenni. Getum útvegað frábæran kokk á viðráðanlegu verði. Nánari upplýsingar: myllaniburgundy.tk eða s. 554 4035.

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is



**Lax og Silungsveiði!**
Fjölbreytt úrval lax og silungsveiðileyfa. Veiðiþjónustan Strengir. www.strengir.is ellidason@strengir.is S 567-5204 og 660-6890.

## Hestamennska

Til sölu gömul aktygi, sem ný með öllu tilheyrandi. Uppl. í s. 862 1598.

**Laus pláss í Mosó**
Nokkur laus pláss í stíum í vetur. Stórt og gott hús. Sanngjarnt verð. Halldór, sími 822 2177 & Ragnhildur, sími 893 4671.

## Ýmislegt

Til sölu 8 feta poolborð. Með borðinu fylgir ljós, stigatafla, kjuðar og kúlur. Uppl. í síma 695 6730.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu gott 137 fm full innréttað skrifstofuhúsnæði í lyftuhúsi við Skipholt. Móttaka, 5-6 herbergi, lítil kaffistofa, bílastæði og möguleiki á minna plássi (70 fm.) Guðlaugur s. 896 0747.

Herb. 13 fm, 107 Rvk, separate entry, WC . No smoking. S. 691 1922.

Lítið einbýlishús á góðum stað í Keflavík. Losnar mánaðamótin feb.-mars. Lágmark 3 mán. í senn. Greiðslur í gegnum greiðsuþjónustu skilyrði. Er líka með 80 m2 stúdíóíbúð með klósett aðstöðu laus strax. S. 820 7090.

Til leigu góð stúdíóíbúð miðsvæði með eldhúsi, baði og þvottaa. Laus strax. S. 661 4262 & 865 1095.

Til leigu 2ja herbergja íbúð á neðri hæð í einbýli í Mosfellsbæ. Verð 50 þús. á mán. + rafmagn og hiti. 3 mánuðir fyrirfram + trygginarvíxill. Uppl. í s. 822 3000.

Til leigu góð 3ja herb. íbúð á svæði 107 með bílag. Laus 1. mars. Uppl. í s. 660 6214.

Mjög fín 3ja herbergja íbúð til leigu í Jöldugróf 13, 108 Rvk. Leigist frá 1. mars á 70 þús. á mán. + 70 þús. í tryggingu. Sími 616 7994 Eva e. kl. 17.

Stúdíó íbúð, með sérinngangi, í hv., 105. Verð 45 þús., á mán. Innifalið rafmagn, hiti og adsl. Uppl. í s. 691 2108 & 695 5542.

2ja herb. íbúð á jarðhæð í einbýli, hverfi 109. Leigist skilvísu, reykl. og reglus. fólki. S. 846 3751.

Herbergi til leigu við Lokastíg. Aðgangur að eldhúsi og þvottavél. Laust strax. Upplýsingar í s. 847 8568.

Stór tveggja herb. íbúð með húsbúnaði. 14.02-14.06. 2005 á svæði 107. S. 862 6672.

Er með 2 glæsilegar 2ja herbergja íbúðir til leigu á s. 101 með sér inngangi (Jarðh. 70 þ. efri hæð 75 þ. með hita). Langtímaleiga, lausar strax. Opið hús 5. feb. kl. 13-16. Uppl. í s. 699 0701 & 698 0701.

50 fm 2ja herbergja íbúð til leigu á svæði 101. Leiga 53 þús. á mán., + sameignargjöld (hiti o.fl.) Uppl. í s. 893 5517.

Lagerhúsnæði óskast á jarðhæð, með stórum innkeyrsludyrum. Ca 250 til 400 fm. Er með verslunarhúnæði í Garðabæ 120 fm. uppí. Milligjöf staðgr. S. 898 0868 eða 898 0885.

Til leigu 3ja herb. 95 fm. íbúð + stæði í bílageymslu á sv. 110, Bryggjuhv. Uppl. í s. 848 0894.

## Húsnæði óskast

3ja-4ra herb. íbúðarhúsnæði óskast, helst með sér herb. Langtímaleiga. Heimilishjálp kemur vel til greina. Uppl. í s. 690 0412.

20 manna AA grúppa óskar eftir húsnæði miðsvæðis á leigu (gegn vægu gjaldi) fyrir fundi 2.svar í viku, utan hefðbundins vinnutíma. Góðri umgengni heitið. Uppl. í s. 898 4151.

Við erum tvær huggulegar og ábyrgar stelpur sem óskum eftir 2ja til 3ja herb. íbúð strax. Aðeins 101 kemur til greina. Skilvísum greiðslum heitið. Hanna sími 695 5496.

Rólegar og reglusamar mæðgur óska eftir 2ja-3ja herbergja íbúð til leigu sem fyrst. Helst á svæði 220. Uppl. í s. 864 5868.

Óskum eftir 4ra-5 herb. íbúð til leigu. Erum 3 reglusöm og ábyggileg. Verðhugmynd 80 þús. en öll tilboð skoðuð. Með þökk! "Þrjú á palli" S. 562 2156 & 695 6490.

Óskum eftir 3ja-4ra herb. íbúð sem fyrst. S. 896 6500.

Óska eftir 4ja herbergja íbúð til leigu frá ca. miðjum júlí í Reykjavík. Uppl. í s. 869 9971.

Óska eftir 4ra herb. íbúð í hfj. til leigu í 1-1.5 ár. Reyklaus og reglusöm, skilvirkar greiðslur. S. 693 3348.

Par með barn á leiðinni óskar eftir 2ja herb. íbúð á leigu í grafarvogi eða grafarholti. S. 692 3109.

Hljómsveitin Storyteller óskar eftir æfingahúsnæði. Uppl. í s. 690 6943 & 866 1876.

## Sumarbústaðir

Sumarbústaður m. heitum potti til leigu í nágr. Flúða. Uppl. í s. 486 6683, 898 6683 Guðbjörg.

Frábærar lóðir til sölu í Holtunum. Um er að ræða 3ja ha lóðir fyrir heilsárshús. Útsýni til allra átta. Uppl. í s. 899 5530

Staðgreiðsla. Félagssamtök óska eftir að kaupa 50 -100 fm hús til flutnings, nýtt eða notað. Staðgreiðsla fyrir rétt hús, afhending í síðasta lagi í mai. Tilboð sendist á rjupan@isl.is

## Atvinnuhúsnæði



**Fjarðarbyggð/Eskifjörður**
Bifreiðarverstæðið Hafnargötu 3, 735 Eskifirði er til sölu. Uppl. í s. 476 1359.

Til leigu herbergi fyrir nudd, heilun eða skylda starfsemi. Upplýsingar í sima 690 6004. www.hugveislan.is

Skrifstofuherbergi til leigu í Ármúlanum. Góð aðstaða, hagstæð kjör. Þór s. 899 3760.

Starfsmaður varnarliðsins óskar eftir einbýlishúsi eða raðhúsi til leigu á höfuðborgarsvæðinu. Ábyrgist öruggar greiðslur og góða umgengni. Ricky Parks s. 861 5208 & 697 3229.

Herbergi til leigu c.a 20 fm á Laugavegi, aðgangur að fundarherbergi, kaffistofu og snyrtingu. V. 30 þús. á mán. með öllu. Uppl. hjá Concept í s. 552 5200 eða gsm 895 5200.

## Gisting

Gistiheimili Halldoru Hvidovre/Köben Ódýr og góð gisting www.gistiheimilid.dk 0045-24609552

Íbúð til leigu í Barcelona og Menorka. Sími 899 5863.



HÚSIÐ FASTEIGNASALA **533 4300**

SMÁRINN FASTEIGNASALA **564 6655**

Salómon Jónsson
Lögg. fasteignasali

## OPIÐ HÚS • Sölusýning í dag - milli 13 og 14 • Lindargata 30 Reykjavík



Höfum til sölu við Lindargötu 116,8 fm einbýlishús á tveimur hæðum og risi sem skiptist í tvær íbúðir, ásamt 247 fm iðnaðarhúsnæði á tveimur hæðum sem skiptist í c.a. 180 fm neðri hæð þar sem er smiðja með um 2.7 m. lofthæð með innkeyrsluhurð og um 68 fm rými á efri hæð sem er innréttað sem íbúð, samtals um 363,8 fm auk ris sem er ekki skráð hjá F.M.R. Eignin stendur á 326,8 fm eignarlóð sem gefur mikla möguleika þar sem þetta svæði er í hvað mestri uppbyggingu í miðborginni í dag. Tilvalið væri fyrir listamenn, ljósmyndara eða iðnaðarmenn að eignast þessa eign og búa í einbýlishúsinu og hafa vinnustofu-og eða vinnuaðstöðu í iðnaðarhúsnæðinu. Einnig gefur eignin ýmsa möguleika á útleigu og ætti að standa vel undir sér með leigutekjum. Sjón er sögu ríkari.
**Allar nánari upplýsingar veita Hilmar Þór Hafsteinsson Sími 662-6648 og Ólafur Haukur Haraldsson Sími 693-4868**

**pósthúsið**

Sú breyting hefur átt sér stað að **Pósthúsið** hefur nú tekið við dreifingu Fréttablaðsins og Dv.
Ef þú hefur áhuga að slást í hóp blaðbera hafðu þá endilega samband í síma **5858330.**

**Okkur vantar blaðbera í eftirtalin hverfi:**

Á virkum dögum:
**101-14** Hverfisgata
**101-17** Bárugata
Stýrimannastígur
**101-22** Hávallagata
Túngata
**101-23** Marargata
Unnarstígur
Öldugata
**101-32** Bauganes
Fáfnisnes
Skeljanes
**101-37** Hólavallagata
Suðurgata
Túngata
**101-46** Baldursgata
**101-47** Laugavegur
**101-49** Aðalstræti
Lækjargata
Pósthússtræti
Tryggvagata
**101-54** Bjargarstígur
Spítalastígur
Týsgata
Óðinsgata
**101-59** Öldugata
**104-02** Brúnavegur
Dyngjuvegur
Kleifarvegur
Kleppsvegur
Vesturbrún
**104-03** Laugarásvegur
Sunnuvegur
**104-06** Hjallavegur
Hólsvegur
**104-07** Langholtsvegur
**104-08** Langholtsvegur
**104-09** Langholtsvegur
**104-15** Karfavogur
Nökkvavogur
**104-23** Goðheimar
**104-25** Drekavogur
Efstasund
**105-04** Háteigsvegur
**105-07** Flókagata
**105-31** Bugðulækur
Kirkjusandur
Laugalækur
**107-05** Kaplaskjólsvegur
Víðimelur
**107-06** Grenimelur
**107-07** Birkimelur
Reynimelur
Víðimelur
**107-09** Grímshagi
Lynghagi
Starhagi
**107-12** Fornhagi
Kvisthagi
Neshagi
**107-14** Faxaskjól
Sörlaskjól
**107-17** Kaplaskjólsvegur
Nesvegur
**108-19** Sogavegur
**109-19** Klyfjasel
Kögursel
**111-09** Suðurhólar
**113-02** Maríubaugur
**200-02** Kópavogsbraut
Þinghólsbraut
**200-08** Bakkabraut
Hafnarbraut
Kársnesbraut
Vesturvör
**200-11** Hraunbraut
Kársnesbraut
**200-15** Auðbrekka
Laufbrekka
Lundur
Nýbýlavegur
**200-16** Langabrekka
Lyngbrekka
**200-18** Melaheiði
Tunguheiði
Álfhólsvegur
**200-35** Bjarnhólastígur
Digranesvegur
Hátröð
Víghólastígur
**200-52** Austurgerði
Hófgerði
Kastalagerði
**200-54** Álfhólsvegur
**210-31** Brekkubyggð
**210-33** Ásbúð
**220-32** Hamarsbraut
Hellubraut
Hlíðarbraut
Holtsgata
Hringbraut
Suðurgata
**221-18** Blómvellir
Burknavellir
**225-01** Austurtún
Blátún
Hátún
Skólatún

MENNTASKÓLINN HRAÐBRAUT

- Menntaskólinn Hraðbraut býður uppá metnaðarfullt nám og fyrsta flokks aðstöðu fyrir duglega nemendur í líflegu og skemmtilegu umhverfi.

  Athugaðu málið á hradbraut.is

  Menntaskólinn Hraðbraut.
  Faxafeni 10, húsi Framtíðarinnar.

- **"... tveimur árum á undan"**

**Viltu ljúka stúdentsprófi á tveimur árum?**

**Viltu fara í persónulegan skóla með frábæru félagslífi?**

**Viltu eiga viku frí í skólanum sjöttu hverja viku?**

**Viltu ljúka heimavinnunni í skólanum?**



**Opiðhús**
**í dag** laugardaginn 5. febrúar **kl.14 - 17**

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Vegna frábærs árangurs og mikilla eftirspurna á ShapeWorks-kerfinu frá Herbalife.**
Vantar okkur dreifingaraðila STRAX um allt land.
**Nánari upplýsingar á: www.icygroup.com eða í síma 670-6060. María, Guðrún og Halldór.**

**10-11 Lágmúla!**
10-11 óskar eftir duglega starfsfólki í Lágmúla. Reynsla af verslunarstörfum æskileg en ekki nauðsynleg. Í boði eru vaktir af ýmsu tagi. Umsækjendur skulu vera fæddir '87 eða fyrr.
**Áhugasamir geta sett inn umsókn á vefslóðinni www.10-11.is eða fyllt út umsóknareyðublöð í Lágmúla.**

**Starfsfólk óskast.**
Kjúklingastaðurinn Suðurveri óskar eftir starfsfólki í vaktavinnu. Ekki yngri en 18 ára.
**Uppl. í s. 553 8890, milli kl. 14 og 17.**

**Rafvirkjar.**
Óskum eftir rafvirkjum til starfa sem allra fyrst.
**Upplýsingar í síma 660 0300.**

**Konur nú er tækifæri !**
Vegna aukinna verkefna getum við bætt við okkur góðu kynningarfólki í verslanir. Sveigjanlegir vinnudagar eftir hádegi.
**Upplýsingar mánudag- föstudags milli kl. 9-17 í síma 862 4834, 861 9588 & 661 0208. Kynning og sala ehf.**

Viltu aukatekjur 25 þús+? og vinna með góðu fólki? Hafðu þá samband. Fanney s. 698-7204.

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Góðar aukatekjur í líflegu umhverfi! Stórt útgáfufyrirtæki í Reykjavík óskar eftir að ráða til starfa hresst og jákvætt fólk í úthringingar. Mjög góð aukavinna, unnið er um kvöld og helgar. Föst laun og bónusar. 18 ára aldurstakmark. Frekari upplýsingar virka daga í síma 869 8891 kl. 18-22.

Útgáfufyrirtæki með góð verkefni vantar sölufulltrúa sem getur byrjað sem fyrst. Þarf að hafa bíl. Góð laun í boði. Vinsamlega hafið samband á sis@vortex.is

**Kvöld og helgarvinna**
Subway Hringbraut og Austurstræti vantar fólk í kvöld og helgarvinnu. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Hægt er að sækja um á subway.is eða eyglo@subway.is.

Óska eftir ráða hársnyrti í fullt starf. Upplýsingar í síma 861 8050.

Vantar starfsmann í bílasprautun Í Hafnarfirði. Uppl. í s. 897 1289.

Óska eftir skipstjóra á 20 t netabát frá Raufarhöfn. Uppl. í s. 849 1095.

Hlutastörf í Mosfellsbæ. Áreiðanlegur, reyklaus og duglegur starfskraftur óskast á heimaskrifstofu meðal annars í þrif, almenn skrifstofustörf og úthringingar. staff@rvik.com

Vantar starfskraft í dag og helgarvinnu. Pizza King. Uppl. í s. 551 7474 og 864 7318 e. kl. 18.

Rafvirki óskast. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir sendist á netfangið rafefl@mi.is

## Atvinna óskast

23 ára enskumælandi kona óskar eftir vinnu við að þrífa heimili fólks. S. 846 1038.

**Grunnur ehf**
Byggingafélagið Grunnur getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 847 3330.

Óska eftir vinnu við vélritun, er með 386 slög/mín. 24 ára kvk, uppl. á sih@centrum.is.

Vélvirki óskar eftir framtíðarstarfi. Nánari upplýsingar og fyrirspurnir á atvinna05@visir.is

Óska eftir vinnu eftir kl. 17. Er duglegur og reglusamur. Uppl. í s. 820 1885.

Ungan mann, 31 árs vantar vinnu, er duglegur, reglusamur og stundvís. Ýmsu vanur, ýmislegt kemur til greina. Uppl. í s. 562 4587 & 699 0975.

**Heimilisþrif**
Tek að mér heimilisþrif. Trygg og samviskusöm. Uppl. í s. 899 2762.

Kona á miðjum aldri óskar eftir vinnu, er dugleg og stundvís. Sími 848 2141.

**Trésmiður**
Trésmiður á lausu. Get byrjað strax. S. 892 4624.

## Viðskiptatækifæri

Pylsuvagn í Skeifunni til sölu. Gott fyrir þann sem vill vinna sjálfstætt. S. 897 3332.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Sá sem tók ljósan kk. jakka með veski og skilríkjum, í misgripum aðfaranótt sunnud., 30/1 á Kaffi Viktor, er vinsamlegast beðinn að hafa samband í s. 848 3147.

## Einkamál

**Pamella Anderson og Tommy Lee. Loksins á DVD.**
DVD og VHS á 1.990 kr.
www.grensasvideo.is
**Grensásvegi 24. Póstkröfusími 568 6635. Opið kl. 14.00 - 23.30.**

Kona óskar eftir að kynnast karlmanni, aldur um sextugt. Áhugamál flest öll. Svör sendist Fréttablaðinu merkt "Bros".



## SJÓNARHORN



Vetrarstillur í Reykjavík. Ljósmynd: E.Ól.

## Ég vildi ég væri

FRÉTTABLAÐIÐ/FINNBOGI MARINÓSSON



**Ég:** Hildigunnur Þráinsdóttir
**Kyn:** Kvenkyn
**Einkenni:** Ég er með blesu á kollinum
**Aldur:** 34 ára
**Starf:** Leikkona
**Hvar:** Hér og þar
**Af hverju?** Mmm – Mig langar til þess

**Ef ég væri ekki ég þá vildi ég vera:** Rebekka systir
**Á hvaða aldri:** Góðum fertugsaldri
**Hvað værir þú að gera:** Nú, kela við Ölla!
**Hvar:** Á Hlemmiskeiði.
**Hvenær?** Alltaf þegar færi gæfist.
**Af hverju?** Af því að Rebekka systir segir að það sé gott.


TILBOÐSDAGAR
10 TIL 40% AFSLÁTTUR




Frá Yves Delorme, einu virtasta tískuhúsi Frakklands: Rúmteppi, rúmfatnaður (lök, pífur, sængurverasett), baðhandklæði, baðmottur, baðsloppar (dömu/herra), borðdúkar, ilmsápur,-krem,-kerti o.m.fl.

Rúmin frá Stears & Foster eru hönnuð fyrir fólk sem vill aðeins það besta. Þau veita réttan stuðning og tryggja vellíðan á hverri nóttu með sérhönnuðu gormakerfi, bólsturslögum og einstökum frágangi.

rúmco

Langholtsvegi 111 • 104 Reykjavík • Sími 568 7900
**Opið um helgina:** Laugardag kl. 11 – 16 og sunnudag kl. 13 – 16.

Siv Friðleifsdóttir:

# Jafnréttissjónarmið í fjárlagagerð

**ALÞINGI** Siv Friðleifsdóttir vakti athygli á áhugaverðri nálgun á umræðuna um fjárlagagerð á Alþingi í vikunni er hún spurði fjármálaráðherra að því hvernig því verkefni hér á landi að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið í fjárlagagerð miðaði.

Benti Siv á að með þátttöku Íslendinga á heimsráðstefnu kvenna í Beijing 1995 skuldbundu Íslendingar sig, ásamt öðrum Norðurlandaþjóðum, til að flétta kynja- og jafnréttissjónarmið inn í alla pólitíska ákvarðanatöku. „Þetta á meðal annars við um gerð fjárlaga sem gegna lykilhlutverkum í pólitískum forgangsverkefnum landanna. Fjárlög sem eru gagnsæ og vel unnin hvað varðar kynjasjónarmið hafa mikla þýðingu til að tryggja þróun í átt til jafnréttissamfélags, bæði hér á Íslandi sem og annars staðar á Norðurlöndunum,“ sagði Siv.

„Það er alveg ljóst að í gegnum tíðina hafa verk kvenna verið minna metin fjárhagslega en verk karla og allir vita að hefðbundin kvennastörf, aðallega umönnunarstörf, hafa færst út á stofnanir og þar eru þau frekar lágt launuð. Það er hægt að koma með mörg dæmi um það hvernig staða kvenna hefur verið slakari en staða karla varðandi laun og varðandi hvernig fjárlögin koma út gagnvart ólíkum hópum, það er gagnvart kynjunum,“ sagði hún.

Geir H. Haarde fjármálaráðherra svaraði fyrirspurn Sivjar með því að lýsa yfir vonum um að verkefnið nýtist við gerð fjárlaga 2006.

- sda

**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR:** „Það er hægt að koma með mörg dæmi um það hvernig staða kvenna hefur verið slakari en staða karla varðandi laun og varðandi hvernig fjárlögin koma út gagnvart ólíkum hópum, það er gagnvart kynjunum.“



## UMMÆLI Á ALÞINGI



**PÁLL MAGNÚSSON, VARAÞINGMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS:**

*„Hingað kom kona í húsið og rassskellti þingmenn fram eftir nóttu.“*

Sagt í ræðustól á Alþingi í annarri umræðu um eftirlaunafrumvarpið 13. desember 2003. Konan sem Páll vísar til er Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, varaformaður Samfylkingarinnar.



**GUÐJÓN ÓLAFUR JÓNSSON, VARAÞINGMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS:**

*„Þar segir hæstvirtur þingmaður, með leyfi hæstvirts forseta: „Bla, bla, bla.““*

Sagt í ræðustól á Alþingi í annarri umræðu um eftirlaunafrumvarpið 13. desember 2003. Þingmaðurinn sem Guðjón vísar til er Sigurjón Þórðarson, Frjálslyndum.



**HALLDÓR BLÖNDAL, ÞINGMAÐUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS:**

*„Menn satt að segja lítt hrifnir yfir því að forsætisráðherraframbjóðandinn, hæstvirtur þingmaður Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, skyldi slysast til Austurlands og opna munninn um sjávarútvegsmál.“*

Sagt í ræðustól á Alþingi við umræðu um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu 1. febrúar síðastliðinn.




**WILLIAM S. BURROUGHS (1914-1997)**
fæddist þennan dag.



*„Maðurinn er fyrirbæri hannað til geimferða. Honum er ekki frekar ætlað að viðhalda núverandi líffræðilegu formi, en halakörtu er ætlað að halda áfram að vera halakarta.“*

***Burroughs var einhver litríkasti rithöfundur síðustu aldar. Hann var af „beat“-kynslóðinni og gjarnan nefndur í sömu andrá og Allen Ginsberg og Jack Kerouac. Frægust bóka hans er Naked Lunch en hún varð að prófsteini fyrir bandaríska klám- og klúryrðalöggjöf.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Jóhann Hjartarson lagði Kortsnoj*

Þennan dag árið 1988 vann skákmeistarinn Jóhann Hjartarson frækilegan sigur í einvígi við Viktor Kortsnoj og fékk þar með að keppa í átta manna úrslitum um réttinn til að skora á heimsmeistarann. Með sigrinum náði Jóhann 2.600 Elo-stigum og komst í hóp níu sterkustu skákmanna heims. Í framhaldinu beið Jóhann svo lægri hlut fyrir Anatoly Karpov.

Sigurinn á Kortsnoj er almennt talinn hápunkturinn á skákferli Jóhanns, en með afrekum sínum átti hann mikinn þátt í að auka vinsældir skákíþróttarinnar hér. Jóhann varð fyrst Íslandsmeistari í skák árið 1980, þá aðeins sautján ára gamall. Hann varð svo einnig Íslandsmeistari árin 1984, 1994, 1995 og 1997. Á vef Hróksins kemur fram að Jóhann



JÓHANN HJARTARSON

hafi ekki tekið þátt í Íslandsmótum síðustu ára, en hann hætti atvinnumennsku fyrir nokkrum árum.

Þegar Jóhann sneri heim frá Kanada eftir einvígið við Kortsnoj, var honum fagnað með viðhöfn á Keflavíkurflugvelli og braust út lófaklapp þegar hann kom inn í flugstöðina, bæði meðal þeirra sem mættir voru til að taka á móti honum, sem og meðal annarra farþega sem þar áttu leið um. Á móti Jóhanni tók fjölskylda hans, auk menntamálaráðherra, stjórnar Skáksambandsins og fjölda vina. Frá því var greint í fjölmiðlum að hann hefði átt fullt í fangi með að taka á móti blómvöndum og heillaóskum í tilefni af sigrinum.

## MERKISATBURÐIR

**1887** Óþelló, ópera Verdis, er frumsýnd í óperuhúsinu Scala í Mílanó á Ítalíu.

**1959** Fyrsti landhelgisbrjóturinn, Valafell, færður til hafnar á Seyðisfirði.

**1967** Silfurhesturinn, bókmenntaverðlaun dagblaðanna, veitt í fyrsta sinn, en þau hlaut Snorri Hjartarson. Verðlaunin voru síðast veitt árið 1974.

**1971** Geimfarar Apollo 14 lenda á tunglinu.

**1976** Jarðskjálfti í Gvatemala kostar nærri 23 þúsund manns lífið.

**1997** 23 bíla árekstur á Kringlumýrarbraut undir göngubrúnni í Fossvogi í mikilli hálku. Meiðsl á fólki minniháttar.

**1998** Yfir 600 þúsund plantekruverkamenn fara í verkfall á Srí Lanka og snúa aftur til vinnu tíu dögum síðar.

## ANDLÁT

**Stefán Ólafsson**, háloftaathugunarmaður, Vesturgötu 50a, lést laugardaginn 22. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Viggó Emil Magnússon**, slökkviliðsmaður og húsasmíðameistari, Heiðarási 4, lést mánudaginn 24. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Ingibjörg Guðjónsdóttir**, Hrafnistu, Hafnarfirði, lést þriðjudaginn 1. febrúar.

**Björg Ebenesersdóttir**,frá Harrastöðum, lést miðvikudaginn 2. febrúar.

**Hólmfríður Þorláksdóttir**, Lindasíðu 47, Akureyri, lést miðvikudaginn 2. febrúar.

**Vilhjálmur S. Heiðdal** lést á Droplaugarstöðum fimmtudaginn 3. febrúar.

## JARÐARFARIR

11.00 **Hákon Jónsson**, frá Brettingsstöðum í Laxárdal, verður jarðsunginn frá Húsavíkurkirkju.

14.00 **Hannes Gestur Sigurbjörnsson**, Auðbrekku 12, Húsavík, verður jarðsunginn frá Húsavíkurkirkju.

14.00 **Hjalti Guðmundsson**, Bæ, Árneshreppi, verður jarðsunginn frá Árneskirkju.

14.00 **Jónína Þórunn Jónsdóttir**, ljósmóðir, á Keldum, verður jarðsungin frá Keldnakirkju.

14.00 **Stefán Ásbjarnarson**, frá Guðmundarstöðum, Vopnafirði, verður jarðsettur að Hofi, Vopnafirði.

14.00 **Steinvör Jónsdóttir**, Garðarsvegi 14, Seyðisfirði, verður jarðsungin frá Seyðisfjarðarkirkju.

14.00 **Þorbjörg Árnadóttir**, frá Raufarhöfn, verður jarðsungin frá Raufarhafnarkirkju.

14.00 **Þóra Friðjónsdóttir**, Sauðármýri, Sauðárkróki, verður jarðsungin frá Sauðárkrókskirkju.

TÍMAMÓT: LJÓSMENGUN SÖGÐ STRÍÐ Á HENDUR

# Milljónum sólundað árlega

„Það er víða pottur brotinn í þessum efnum,“ segir Sverrir Guðmundsson stjörnufræðiáhugamaður. Hann og Sævar Helgi Bragason ritstýra Stjörnufræðivefnum stjornuskodun.is og finnst freklega gengið á rétt sinn til að horfa til himins og sjá það sjónarspil sem stjörnur og norðurljós bjóða gjarnan upp á. Sökudólgarnir eru þeir sem bera ábyrgð á að lýsa upp byggingar og önnur mannvirki á höfuðborgarsvæðinu. Ekki er nóg með að viðkomandi megi hafa á samviskunni að spilla almennilegri stjörnusýn heldur telja Sverrir og Sævar að öryggi vegfarenda sé ógnað, ljósin geti blindað ökumenn. Þá er milljónum króna sólundað árlega því ekki er rafmagnið ókeypis.

„Menn hanna þessar lýsingar ekki nógu vel. Það er enginn á móti því að lýsa upp hús en stundum er þetta ekki hugsað til enda,“ segir Sverrir og nefnir dæmi. „Ljósin á nýju gervigrasvöllunum í borginni varpa birtunni langt út fyrir vellina og lýsa til dæmis upp Safamýrina og Frostaskjólið og allt í kring. Þá eru hús eins og Háskólinn og Stjórnarráðið mjög vel lýst en talsverður hluti af ljósinu fer út í loftið eða í augu ökumanna. Sama má segja um Þjóðleikhúsið, ljósin þar kastast beint í augu ökumanna á Hverfisgötunni.“

Sverrir nefnir líka lýsingu

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**SÆVAR OG SVERRIR BAÐAÐIR Í LJÓSUM HÁSKÓLA ÍSLANDS** „Þeir sem hanna lýsinguna þurfa að huga að þessum þáttum. Hver og einn þarf að athuga málin hjá sér og kanna hvað hægt sé að lagfæra. Þannig breytast hlutirnir, en ekki með tilskipun að ofan.“

olíutankanna úti á Granda og fleiri byggingar á þeim slóðum þar sem megnið af ljósinu fer upp í loft. Hið sama á við um Gróttuvita sem nýlega var baðaður ljósi. „Þar fer ljósið upp í himingeiminn en þetta er náttúrulega spurning um smekk. Sumum finnst þetta örugglega mjög fallegt.“

„Upphaflega höfðum við Sævar áhyggjur af þessu vegna stjörnuáhuga okkar en svo sáum við að þetta er miklu víðtækara vandamál. Þetta er spurning um öryggi og er því heilbrigðismál og svo er þetta mikil sóun á orku. Milljónum er sólundað á hverju ári.“

Til að sjá himininn í sínu rétta ljósi þurfa Sverrir og Sævar, og vitaskuld aðrir stjörnufræðiáhugamenn, að fara út fyrir höfuðborgina. „Við förum yfirleitt í Kaldársel eða að Kleifarvatni til að sjá stjörnurnar. Eins var hægt að fara í Bláfjöll en ljósin á skíðasvæðinu og ljósviti á Sandskeiði spilla þar fyrir.“

Í huga Sverris er eitt ráð við vandanum. „Þeir sem hanna lýsinguna þurfa að huga að þessum þáttum. Hver og einn þarf að athuga málin hjá sér og kanna hvað hægt sé að lagfæra. Þannig breytast hlutirnir en ekki með tilskipun að ofan.“ **bjorn@frettabladid.is**

Sverrir og Sævar halda fyrirlestur um ljósmengunina á opnum fundi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í dag. Hann er haldinn í höfuðstöðvum flokksins að Suðurgötu 3 og hefst klukkan 14. Að framsögu lokinni verða almennar umræður um efnið. Frekari upplýsingar er að finna á vefnum stjornuskodun.is.

## AFMÆLI



**Friðjón Þórðarson**, fyrrum þingmaður og ráðherra, er 82 ára í dag.



**Jónas Kristjánsson** ritstjóri er 65 ára í dag.



**Óli H. Þórðarson**, formaður Umferðarráðs, er 62 ára í dag.

**Gils Stefánsson** í Hafnarfirði er sextugur í dag og tekur á móti gestum í Fjörugarðinum milli kl. 12 og 15.



**Karl Sigurbjörnsson** biskup er 58 ára í dag.

**Bessí Jóhannsdóttir** sagnfræðingur er 57 ára í dag.

**Bolli Héðinsson**, formaður Tryggingaráðs, er 51 árs í dag.



**Friðrik Rafnsson** ritstjóri er 46 ára í dag.

**Ari Vésteinsson** verkfræðingur er 33 ára í dag.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG

**1788** Sir Robert Peel, enskur stjórnmálamaður eftir hverjum enskar löggur eru nefndar „Bobbies“.

**1804** Johan Ludvig Runeberg, þjóðskáld Finna.

**1799** John Lindley, grasafræðingur.



**1917** Zsa Zsa Gabor, leikkona.

**1919** Andreas Papandreou, fyrrum forsætisráðherra Grikkja.

**1940** H. R. Giger, myndlistarmaður og hönnuður.



**1948** Christopher Guest, leikari og leikstjóri (þekktur sem Nigel Tufnel úr Spinal Tap).



**1962** Jennifer Jason Leigh, leikkona.



**1969** Bobby Brown, tónlistarmaður.



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Valgerður Þórðardóttir**

Funalind 13, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð, miðvikudaginn 2. febrúar. Útförin verður frá Kópavogskirkju, föstudaginn 11. febrúar kl. 13.00.

Guðni B. Guðnason,
Gunnar Guðnason, Erna Olsen,
Þórólfur Guðnason, Sara Hafsteinsdóttir,
Guðni B. Guðnason, Ásta Björnsdóttir og barnabörn.

15% afsláttur
af legsteinum
gegn staðgreiðslu
í janúar og febrúar

Sendum myndalista



MOSAIK
Hamarshöfði 4, 110 Reykjavík, s: 587 1960, www.mosaik.is

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**JAFNRÉTTISFULLTRÚI HÍ** Berglind Rós Magnúsdóttir, jafnréttisfulltrúi Háskólans, er ein fjögurra kvenna sem flytja erindi á ráðstefnu Kvenréttindafélags Íslands í dag.

# Horft til 30 ára baráttu

Jafnrétti 1975 til 2005: Hefur eitthvað áunnist? Er eitthvað eftir?, er yfirskrift ráðstefnu sem Kvenréttindafélag Íslands hefur boðað til í Ráðhúsi Reykjavíkur klukkan ellefu fyrir hádegi í dag og ráðgert er að ljúki klukkan tvö.

„Efni ráðstefnunnar er hvað hefur áunnist síðan 1975 þegar konur tóku sér frí frá störfum 24. október og hvað er eftir,“ segir í tilkynningu félagsins, en erindi flytja Sjöfn Ingólfsdóttir formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, Kristín Ástgeirsdóttir sagnfræðingur, Berglind Rós Magnúsdóttir jafnréttisfulltrúi Háskóla Íslands og Hólmfríður Sveinsdóttir forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvarinnar á Bifröst. Þegar lokið hefur verið við flutning erindanna verða, að því er fram kemur í tilkynningu Kvenréttindafélagsins, frjálsar umræður og ályktanir. ■

# GSA með heimasíðu

Samtökin GSA, eða *Greysheeters anonymous*, hafa starfað hér á landi í fimm ár og hafa af því tilefni opnað heimasíðu á slóðinni gsa.is. Í samtökunum er fólk sem sameiginlega hefur leyst átröskunarvandamál sín.

Í tilkynningu samtakanna kemur fram að byggt sé á „Cambridge Gráu síðunni og 12 spora kerfi AA-samtakanna til að byggja upp fráhald frá hömlulausu ofáti“ og að boðið verði upp á félagsskap fólks þar sem hægt er að deila reynslu sinni og njóta stuðnings. Sagt er að ekki þurfi annað en löngunina til að láta af því til að gerast félagi í GSA, inntöku- eða félagsgjöld séu engin. ■

# 12 MILLJÓNIR Í FYRSTA VINNING

333 Nú er potturinn þrefaldur!

Náðu þér í Lottómiða á næsta sölustað eða á lotto.is – þú gætir unnið litlar 12 milljónir króna.

Það getur allt gerst.

ENNEMM / SÍA / NM15054

# Ljúfur Kári

**Um síðustu helgi birtist í Fréttablaðinu grein eftir Kára Stefánsson, forstjóra Íslenskrar erfðagreiningar, þar sem hann gagnrýndi áramótaannál Hallgríms Helgasonar rithöfundar. Hér svarar Hallgrímur pistli Kára.**



KÁRI STEFÁNSSON Honum fannst ekki „sómi“ að áramótaannál sem Hallgrímur skrifaði fyrir Fréttablaðið.

Fyrir síðustu áramót bað Fréttablaðið mig að skrifa uppgjör ársins 2004 sem verður að telja eitt mesta átakaár í íslenskri samtímasögu. Greinin birtist á gamlársdag. Viðbrögðin voru í samræmi við árið og efnið og vil ég byrja á því að þakka þann hlýja stuðning sem ég hef á undanförnum vikum fundið í biðröðum og bönkum sem og þann ískalda yfirhelling sem fylgt hefur í bland. Öll viðbrögð eru rithöfundi dýrmæt. Fáir hafa hins vegar stungið niður penna en þó mun Jónína Benediktsdóttir hafa skrifað í Morgunblaðið um miðjan mánuðinn og um síðustu helgi birtist síðbúin en föðurleg ádrepa frá Kára Stefánssyni hér í Fréttablaðinu. Þetta er ekki dónalegur félagsskapur og vil ég þakka þeim Jónínu og Kára fyrir þeirra framlag.

### Raunasjóður rithöfunda

Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, hefur um nokkurt skeið verið einn svipmesti karakter landsins og er nánast orðinn þjóðasagnapersóna. Allir kunna nokkrar sögur af Kára. Hann er þekktur fyrir sín þrumuskot og sinn sérstæða framburð á íslensku máli sem hefur getið af sér mörg nýyrðin. Það skemmtilegasta sem ég man eftir er líklega orðið „hugmynt“ sem Káramunnur framkallaði úr orðinu „hugmynd“. Þessi framburðarafleiðing er auðvitað ákveðin snilld. Hún er bæði táknræn fyrir lífvísindamann sem að auki er snjall í viðskiptum en fangar einnig vel það andrúmsloft sem ríkti á verðbréfamörkuðum laust fyrir síðustu aldamót. Ég man hins vegar ekki eftir því að hafa lesið neitt eftir Kára áður. Við hljótum þó að fagna því að svo merkur maður tjái sig um þjóðmál. Alltof margir Íslendingar kjósa öryggi þagnarinnar.

### Grein Kára er hófstillt og málefnaleg.

Reyndar hefur hann skrif sín á vinsamlegum ráðleggingum til höfundarins um að halda sig fremur við skáldskap en tjá sig of mikið um þjóðmál. Þetta er gömul plata og slitin sem Kári sækir í hinn ævaforna raunasjóð rithöfunda. En því miður dansa nú nánast allir meðlimir Rithöfundasambandsins eftir þeim nótum. Sá félagsskapur virðist að auki orðinn það stór að höfundarnir þurfa nú ekki lengur að leita út fyrir hann um söguefni. Á meðan samtíminn gerist æ pólitískari snúa íslenskir rithöfundar nöflum saman og eru nú ekki lengur á móti neinu nema Bókmenntaverðlaunum Forseta Íslands. Að minnsta kosti á meðan þeir fá þau ekki sjálfir.

Það er samt dapurlegt að sjá svo greindan mann sem Kára Stefánsson hampa þeirri klisju að rithöfundar geti ekki greint á milli ímyndunar og raunveruleika og því sé ekki hlustandi á þá í þjóðfélagsumræðu. Sjálfum dettur mér ekki í hug að saka Kára um að hafa meira vit á genum og peningum en plottum og pólitík. Ég held því fram að hann hafi mikið vit á þessu öllu saman, eins og vel kemur fram í grein hans.

### Kári í jötumóð

Það óvæntasta við grein Kára er þó hversu ljúf hún er og laus við læti. Og má minn þar margt af læra. Hér situr allt annar Kári við skriftir en sá sem við þekkjum úr þjóðsögunum. Hér er enginn Kári í jötunmóð. Hann er fremur í jötumóð.

En auðvitað er minna mál að breyta vöðvafjalli en öðrum fjöllum og sannast hér hið fornkveðna að þeir sem lóðunum lyfta eru ljúfastir penna.

Sem áður segir er grein Kára afar hófstillt. Það er í henni fallegur og föðurlegur tónn sem ber að þakka. Það sama verður hins vegar ekki sagt um áramótagrein mína. Stórar misgjörðir kalla á stór orð. Mig dreymir þó um að geta einhvern tíma orðið eins og Kári: Vitringurinn sem heilastur mælir og engan spælir, ber klæði á vopn og beitir sínu vöfðu í silki. Kannski einhvern tíma – þegar ég á orðið hundrað milljónir á banka og vakna á hverjum morgni í 500 fermetrum, með heitan bíl í stæðinu fyrir utan og einkaritara og kaffiþjóna á hverjum fingri – mun ég loks öðlast þá hugarins ró sem ekkert raskar, hvorki lögfræðingar sem afhjúpa hórueðli sitt á torgum, né forsætisráðherrar sem orðnir eru offorsætisráðherrar. Það er eðli eignamanna að vilja engan æsing. Þeir rugga ekki bátum. Hluturinn er öruggastur í logni. Kári er því hættur að blása. Sem bendir til þess að innistæður hans séu ekki allar í hugmynt.

### Átta lífsýni

Vísindamaðurinn tekur átta lífsýni úr tólf mánaða langri grein minni, bregður þeim undir smásjá og greinir af þeirri skarpskyggni sem hann er þekktur fyrir. En til að hjálpa fólki að þreyja þorrann kemur þetta:

**1.** Ég held því fram að ég hafi aldrei haldið því fram að utanríkisráðherra væri geðveikur. Ef til vill hefur Kári, sökum áralangrar búsetu sinnar erlendis, misst úr nokkra kafla í þróun íslenskunnar. Vonandi geta krakkarnir hans þó skýrt fyrir honum hvað orðalagið ìgeðveikur leiðtogiî í raun þýðir. Í grein minni sagði að um vorið hefði það HVARFLAÐ AÐ OKKUR að skilja þau orð Káraskilningi, upp á gamla mátann, en síðsumars hefði komið í ljós að sjúkleikinn var annars eðlis.

**2.** Ég held því fram að sá ágæti maður sem nú gegnir embætti utanríkisráðherra hafi vorið 2004 gert sig að minni manni með því að draga dóttur forsetans inn í pólitískar deilur. Þó svo að tjónelskar títiprjónssálir hafi unun af því að steikja menn upp úr því smjöri sem af þeim sjálfum drýpur, í skjóli þess móralska múrs sem stendur vestanhafs og þess ógnarmikla smáborgaraveldis sem Bretland heitir, hafa það hingað til verið óskráð lög á Íslandi að blanda opinberu lífi manna ekki saman við kynlíf þeirra og afleiðingar þess. Og þó annað gildi um fjármál manna ætla ég ekki að gerast sú drusla að saka jötumóðan um að beita sínu dúðaða stílvopni til varnar þeim sem fyrstur á garðann gaf.

**3.** Ég held því fram að allir menn geti haft allar (eða engar, eins og Kári segist hafa) skoðanir á stjórnarskrá sinni en verði þó að fylgja henni hverju sinni eins og hún er prentuð á pappírinn. Leiðin fram hjá bókstafnum er breytingu háð.

**4.** Ég held því fram að Kári hafi rétt fyrir sér þegar hann segir utanríkisráðherra hafa verið óbilgjarnan og smekklausan í málflutningi sínum á liðnu ári. Ég held því líka fram að það orðalag hans sé hófstilltara og öllu boðlegra en að kalla þann hinn sama druslu, sem reyndar er tilvitnun í annan mann. (Ég get þó ekki neitað því að ég er örlítið hissa á því að sannur Eminem-aðdáandi eins og Kári láti slíkt orðalag fara fyrir brjóstið á sér.)

> **„Mig dreymir þó um að geta einhvern tíma orðið eins og Kári: Vitringurinn sem heilastur mælir og engan spælir, ber klæði á vopn og beitir sínu vöfðu í silki. Kannski einhvern tíma – þegar ég á orðið hundrað milljónir á banka og vakna á hverjum morgni í 500 fermetrum, með heitan bíl í stæðinu fyrir utan og einkaritara og kaffiþjóna á hverjum fingri – mun ég loks öðlast þá hugarins ró sem ekkert raskar, hvorki lögfræðingar sem afhjúpa hórueðli sitt á torgum, né forsætisráðherrar sem orðnir eru offorsætisráðherrar.**

**5.** Ég held því fram að Kári sé að grínast þegar hann segir forsætisráðherra hafa staðið með utanríkisráðherra af heilindum liðið sumar, nema þá að heilasérfræðingurinn eigi við að menn geti verið haldnir stólaþrá af heilum hug. Það getur þó sjálfsagt verið mögulegt. Allt er hægt í heilindum af slíku tagi. En ég er auðvitað ekki jafn sjúkdómsgreindur og doktorinn.

**6.** Ég held því fram að sonur roðans sé ekki svo grænn að hann skilji ekki hvernig bláminn virkar. Ég held því fram að Kári hafi einfaldlega dvalið of lengi vestur í Bástúni til að vita það sem allir vita að stjórnarflokkarnir hafa í hálfa öld skipt íslensku þjóðfélagi á milli sín. Sjallarnir áttu Shell og Shell átti Sjallana. Frammarar áttu Essó og Essó átti Frammara. Þetta eru jafn alkunnar staðreyndir og þær að Sjálfstæðisflokkurinn á enn þá Moggann og Framsókn Tímann punktur is. (Þetta var til dæmis ástæðan fyrir því að er-lendir olíumenn sem leituðu fótfestu hér hrökkluðust jafnan úr landi. Spillt viðskiptaumhverfi kölluðu þeir það.) Menn geta svo látið sig dreyma um að olíufélögin hafi aldrei deilt samráðsgróðanum með flokkunum sínum, en ég trúi því ekki að maður sem eyðir dögum sínum í leit að alkageninu sé svo trúaður á viljastyrk mannskepnunnar.



HALLGRÍMUR HELGASON „Það er samt dapurlegt að sjá svo greindan mann sem Kára Stefánsson hampa þeirri klisju að rithöfundar geti ekki greint á milli ímyndunar og raunveruleika og því sé ekki hlustandi á þá í þjóðfélagsumræðu.“

**7.** Ég held því fram að auglýsingin góða í New York Times hafi gert okkur öllum gott. Hún varð til þess að efla umræðu og undirstrika þá staðreynd að Ísland er fremur vanþróað ríki hvað lýðræði varðar. Forsætisráðherra er til dæmis enn ekki laus úr því sjálfskaparvíti sínu sem Íraksmálið er. Ég held því ekki fram að Kári hafi einhverju sinni sjálfur auglýst í NYT en ég held að hann og allir þeir sem létu þetta grasrótarframtak fara í sínar þöndustu taugar ættu að hugleiða orð utanríkisráðherra sem sagði í áramótagrein að óþarft væri að agnúast út í það þó menn auglýstu skoðanir sínar í erlendum blöðum. Og mælti þar manna heilastur. Það er alltaf jafn undarlegt þegar menn leggjast gegn því að fólk komi skoðunum sínum á framfæri.

**8.** Ég held því fram að ég hafi farið yfir strikið í ummælum varðandi veikindi fyrrum forsætisráðherra. Það var ósmekklegt af mér að líkja þeim við sumarfrí fyrir okkur sem heima sátum. Ég bið forláts á því að hafa vegið svo ósmekklega að jafn háttvísum einstaklingi. Ég held því hins vegar fram að setningin „Vonandi tækist læknunum að skera af honum mestu gallana,“ sé ekki ósmekkleg. Hún þýðir í raun: Batnandi manni er best að lifa. En margir höfðu á orði að sjúkdómslegan hefði breytt ráðherranum: Hann væri annar maður eftir. Hafi einhverjir aðrir skilið þetta Káraskilningi vona ég að þessi orð verði þeim bindi á sár. Og að lokum skulu hér endurteknar óskir til ráðherrans um góðan bata.

### Við hinir hárlausu

Heilasérfræðingurinn lýkur svo grein sinni á því að sjúkdómsgreina mig: Ég er kalinn á heila. Þar sé komin skýring á villum mínum. Verra gæti það verið. Ég má vera feginn á meðan hjartað sleppur. En þó starfsmönnum Íslenskrar erfðagreiningar hafi tekist að einangra gríngenið í forstjóra sínum, og stækka með góðum sterskammti, vonum við, hinir hárlausu, að hann og þeir gleymi samt ekki að leita að skallageninu.

**Með kveðju.**
**–HH**


Bókaðu fjölskylduna í skemmtilegasta & ódýrasta sumarfríið ár eftir ár í vagni eða húsbíl frá Evró.



Dæmi:

Jóhann & Svana og 2 börn þeirra lögðu dæmið upp:

| Nýr ferðavagn hjá Evró | Sólarlandarferð m/ferðaskrifstofu |
|---|---|
| Fleetwood Yuma 9 fet | Marmaris Sólarströndin. |
| 995.000.- | 600.000.- |
| Notkun: maí-okt. | 2 vikur og framlengd um eina viku |
| Frjáls ferðamáti | Hótelið og ströndin |
| Bjartar sumarnætur | Myrkur á kvöldin |
| Nægt rými | Fullt af fólki |
| Félagsskapur | Túristar |
| Útivera | Sólbruni |
| Sumar eftir sumar | 3 vikna sæla. |
| Fasteign á hjólum | Myndaalbúmið fullt af myndum |

Nýtt! Upplýsingar um öll tjaldstæði á Íslandi fyrir þá sem kjósa að ferðast um landið allt á www.evro.is

EVRÓ SKEIFAN • Reykjavík Sími: 533 1414 • Símbréf: 533 1479

Landsins mesta úrval

Tjaldvagnar-Fellihýsi-A-hús-Hjólhýsi-Húsbílar



Model 3022 - Sessalong í vönduðu leðri. - Litur: Cream. - Verð kr. 179.800,-

## Ný sending af glæsilegum vörum

# Ótrúlegt verð!



Model 3023
3+1+1: Verð kr. 197.200,- Vandað leður, litir: Cream og brúnn.



Model 558
3ja+2ja sæta: Verð kr. 199.800,- Vandað leður, litir: Cream og brúnn.



Model 3050
3+2+1: Verð kr. 189.800,- 3+1+1: Verð kr. 169.800,- Vandað leður, litur: Brúnn.



Model 585
Sessalong: Verð kr. 249.800,- 2ja sæta: Verð kr. 139.900,- Vandað leður, litur: Cream.



Model 3055
3+1+1: Verð kr. 179.800,- Vandað leður, litur: Brúnn.



Model 601
3+1+1: Verð kr. 298.000,- Vandað leður, litir: Cream og brúnn.

Opið: Virka daga kl. 10 - 18, laugardaga kl. 11 - 16.

Öndvegi

HÚSGAGNAVERSLUN

Síðumúla 20 | sími 568 8799 | www.ondvegi.is | ondvegi@ondvegi.is

Grafíska smiðjan ehf. 01-05

g ` ^WSeZ2
fZW b a i Wd2
i [ f Z[ ` 3



X|Ìy¨¥s2vsys2¢x¨¥¡¹ ¦}w|Ã2 wÃ2z©s§¡|¡ys¥Ã|¹·xs¥s¡¨ 2 ¢y2 w§¦Ì·¨zÌx¨¡v|¡¨ 2S¡§z¢¡¬2 d¢tt|¡¦2Ì2^¢¡v¢¡2H@?K@2 s2DBBG@ `¹¡s¥|2¨££·ä¦|¡ys¥2¢y2¦}¥¹¡|¡y2 ¹2ª ª ª@uzs¡yw¬¢¨¥~{xw@¦2 wÃs2Ì2¦Ì s2HKK?HHCI282GCI?GCIC@
S¡§z¢¡¬2d¢tt|¡¦



heimili o.fl.
Á FIMMTUDÖGUM
Auglýsingasíminn er 550 5000
auglysingar@frettabladid.is
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesna blað landsins -

Leiklist
Undirbúningur fyrir inntökupróf í listaháskóla hérlendis sem erlendis
● Hefst 9. febrúar n.k.
● Kennt á mánudags- og miðvikudagskvöldum frá kl. 18
Sími 585-5860
SVIÐSLISTADEILD - MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR

TILBOÐ
HESTAR & MENN




25% afsláttur
Ef þú kaupir 4 ganga af Mustad skeifum og hóffjöðrum.
Auk þess eru járningaverkfærin frá Mustad á tilboðsverði.

Right Balance



Besta bætiefnið fyrir hóf og hárvöxt
Tilboðsverð kr. 5.990 80 daga skammtur

FLUG OG HNAKKUR



Enn er hægt að tryggja sér Hrímni á hinu ótrúlega „Flug og hnakk“-tilboði.
Kynntu þér tilboðið betur í versluninni eða á heimasíðunni.
Lynghálsi 4 • 110 R. S: 567 3300
info@hestarogmenn.is • www.hestarogmenn.is
OPIÐ ALLA HELGINA
LAUGARDAG 10-16 OG SUNNUDAG 12-15


## STUÐ MILLI STRÍÐA | Baráttan milli Eastwood og Scorsese

FREYR BJARNASON SKRIFAR UM RIMMU EASTWOOD OG SCORSESE Á NÆSTU ÓSKARSVERÐLAUNAHÁTÍÐ.



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Óskarsverðlaunin verða afhent við hátíðlega athöfn í Hollywood þann 27. febrúar. Mikið verður um dýrðir sem fyrr og margar stjörnur eiga eftir að skína.

Það sem vekur mesta eftirvæntingu hjá mér er rimma gamla jaxlsins Clints Eastwood og Martins Scorsese, sem eru tilnefndir sem bestu leikstjórar, ásamt öðrum minni spámönnum. Eastwood gerði boxmyndina Million Dollar Baby en Scorsese hina sannsögulegu The Aviator með uppáhaldsdrenginn sinn, Leonardo DiCaprio, í aðalhlutverki.

Eastwood er kominn með forskot í kapphlaupinu. Hann var nýverið valinn leikstjóri ársins af kollegum sínum í Bandaríkjunum og þykja þau verðlaun gefa sterka vísbendingu um það sem koma skal á Óskarnum. Þetta var hins vegar í sjötta sinn sem Scorsese var tilnefndur til Directors Guild verðlaunanna en þurfti eins og áður að lúta í lægra haldi. Greyið Scorsese. Hann hefur gert frábærar myndir á sínum ferli á borð við Taxi Driver, Raging Bull og Goodfellas en hvorki fengið leikstjóraverðlaunin né Óskarinn fyrir frammistöðu sína, þrátt fyrir að hafa einnig verið tilnefndur sex sinnum til hans. Alltaf er litið fram hjá honum.

Eastwood er einhvern veginn svalari týpa sem virðist hafa minna fyrir þessu. Hann hlaut Óskarinn fyrir Unforgiven og ætli hann endurtaki bara ekki leikinn núna og steli senunni? Auðvitað gætu einhverjir sagt að þetta kapphlaup um Óskarinn væri tímasóun enda Scorsese löngu búinn að sanna sig. Ég held að hann sé ekki á sömu skoðun, því Óskarsverðlaunin eru virtustu verðlaun kvikmyndaheimsins og allir sem starfa í geiranum vilja sjá styttuna glóandi uppi á hillu hjá sér.

Þann 27. febrúar verður vonandi sá verðlaunaður sem stóð sig betur í stað þess að valið byggist á einhverri góðgerðastarfsemi. Ég held með Scorsese en Eastwood kallinn; hann er svalur og gæti tekið þetta. ■

# myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Överli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA

Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



NÁMSKEIÐ

# Sailesh heldur námskeið




**SAILESH** Hinn vinsæli skemmtikraftur og dávaldur Sailesh mun halda tvö námskeið hér á landi í apríl.

Vegna mikillar eftirspurnar hefur verið ákveðið að bjóða upp á tvö námskeið með dávaldinum Sailesh sem heldur sýningar á Broadway dagana 17. og 18. apríl.

Sailesh, sem sló í gegn hér á landi á síðasta ári með sýningum sínum, er menntaður dávaldur. Síðastliðin tíu ár hefur hann hjálpað fjölda fólks að losna við ýmiss konar vandamál, svo sem reykingar, offitu, drykkju, minnisleysi og síþreytu.

Bæði námskeiðin fara fram á Hótel Íslandi. Laugardaginn 16. apríl mun Sailesh reyna að hjálpa fólki að hætta að reykja og síðar sama dag mun hann hjálpa fólki að losna við aukakílóin. Aldurstakmark er 18 ár og er verð 15 þúsund krónur. Fer salan eingöngu fram í síma 575 1522. ■

TÖLVULEIKIR

# Tölvuleikur um Guðföðurinn



**DON CORLEONE** Takmark tölvuleiksins er að verða „Don" í New York á árunum 1945-1955.

Tölvuleikur byggður á Godfathersögunni og myndunum sem voru gerðar eftir henni verður gefinn út í haust. Í leiknum ganga leikmenn til liðs við Corleone-fjölskylduna og þurfa að afla sér þar virðingar með því að beita ótta á ferð sinni upp metorðastigann. Takmarkið er að verða „Don" í New York á árunum 1945-1955.

Leikmenn þurfa að búa til sinn eigin mafíósa í leiknum og fá síðan að taka þátt í hasarnum og upplifa á ný klassísk atriði úr Godfathersögunni. Einnig fá þeir að taka að sér ný verkefni í slagtogi með eftirminnilegum persónum úr myndinni.

Godfather-myndin skartaði mörgum bestu leikurum Hollywood og munu nokkrir þeirra koma fram í leiknum, þeirra á meðal James Caan sem Sonny Corleone og Robert Duvall sem Tom Hagen. Einnig verður rödd Marlons Brando sem Don Vito Corleone notuð í leiknum. ■

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

2 3 4 **5** 6 7 8

### Laugardagur

Dómsmáli barnastjörnunnar fyrrverandi, **Macaulay Culkin**, hefur verið frestað fram í apríl svo lögfræðingar hans geti unnið betur að málinu en taka átti það fyrir í fyrradag. Hinn 24 ára gamli leikari, sem sló í gegn í Home Alone myndunum, þarf að svara til saka fyrir eiturlyfjaeign en í september síðastliðnum fundust um sautján grömm af marijúanna í fórum hans. Leikarinn segist vera saklaust af öllum ákærum.



Þokkadísin **Nicole Kidman** segist hlæja að ummælum tískumógúlsins **Karls Lagerfelds** sem lýsti því yfir fyrir skömmu að hún liti ekki vel út. Í viðtali við breskt tímarit var haft eftir Lagerfeld að Kidman væri „með endalausa fótleggi og lítið pláss fyrir brjóstin." Ummælin féllu eftir að Kidman klæddist kjól frá mógúlnum í ilmvatnsauglýsingu. Talsmaður Kidman reynir að gera lítið úr málinu og segist ekki trúa því að Lagerfeld hafi látið þessi ummæli falla.



Jack Nicholson ætlar að slást í hópinn með **Matt Damon** og **Leonardo DiCaprio** og leika írskan glæpaforingja í myndinni The Departed. Nicholson hittir þar fyrir gamla vin, leikstjórann **Martin Scorsese** en myndin er endurgerð kínversku myndarinnar Internal Affairs, sem fjallar um spilltar löggur. **Mark Wahlberg** mun einnig leika í myndinni en ekki hefur verið ráðið í hlutverk kvenkyns geðlæknis.



Svo gæti farið að Bretar fái óvæntan glaðning þegar undankeppni Eurovision verður haldin þar í landi. Hin brjóstgóða **Jordan** hefur tilkynnt þátttöku sína og hvetur fólk til að kjósa sig þegar í keppnina er komið. „Það væri frábært að fá að syngja fyrir land og þjóð," sagði Jordan í samtali við breska blaðið The Sun. Jordan þarf að keppa við fimm aðra kandídata um hver þeirra mun flytja lagið fyrir hönd Bretlands. Hún hefur áður reynt fyrir sér með söng en í desember á síðasta ári söng hún meðal annars lagið When I Fall in Love, eftir **Nat King Cole**, í sérstökum jólaþætti í sjónvarpi.





**!** **Kl. 22.00**
***Raftónleikar – fjölvíðir og fjölbreyttir í Salnum** Kópavogi. Leikin verða verk eftir **Hilmar Þórðarson, Ríkharð H. Friðriksson, Camillu Söderberg, Harald Sveinbjörnsson** og **Úlfar Inga Haraldsson.***

# menning

menning@frettabladid.is

# *Málþing tónskáldanna*

**Skökk staða nútímatónlistar í dag** er umræðuefni á málþingi og í pallborðsumræðum **Tónskáldafélags Íslands** sem haldin verða í **Norræna húsinu** í dag klukkan **13.00.**
Þátttakendur eru **Sten Melin** formaður Sænska tónskáldafélagsins, **Anders Beyer** ritstjóri Nordic Sounds/ NOMUS, **Patrick Kosk** tónskáld frá Finnlandi og **Kolbeinn Bjarnason** flautuleikari CAPUT. Fundarstjóri er Bjarki Sveinbjörnsson
Rætt verður um tónlist á hátíðum – einlitt efnisval út frá forneskjulegum fagurfræðilegum forsendum, áhrif mennturnar á tónsköpun í dag og spurt hvort úreltar tónsmíðakennsluaðferðir í skólum séu að takmarka tónsköpun í dag.
Einnig verður rætt um tónlist á geisladiskum og í útvarpi, þar sem spurt er hvort markaðsþenkjandi útsendingarstjórar og útgáfustjórar séu að úthýsa framsækinni nútímatónlist.



Umræðurnar fara fram á skandinavísku og verða hljóðritaðar af RÚV til flutnings á norrænum vettvangi.

## EKKI MISSA AF…



… Gítartónleikum **Péturs Jónassonar** á Myrkum músíkdögum í **Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi** á morgun klukkan **15.00.** Pétur leikur verk eftir **Svein Lúðvík Björnsson, Jónas Tómasson, Huga Guðmundsson, Per Nörgaard, Einojuhani Rautavaara** og **Anders Nilsson**.

… Allra síðustu sýningu á hinu sprellfjöruga og fyndna verki, **Faðir vor,** í **Iðnó** annað kvöld.

…Heimildarmynd um **Ragnar í Smára** í sjónvarpinu annað kvöld.

# Birgitta og Jónsi í Ávaxtakörfunni

Söngleikurinn vinsæli, Ávaxtakarfan, verður frumsýndur á morgun með nýjum leikendahóp þar sem Birgitta Haukdal leikur hina réttsýnu Geddu gulrót og Jónsi er kominn í hlutverk Imma ananas, sem vill verða konungur ávaxtanna.

„Nú eru bráðum liðin sjö ár síðan þetta var sýnt síðast og nýir áhorfendur komnir í heiminn,“ segir Kristlaug María Sigurðardóttir, annar tveggja höfunda Ávaxtakörfunnar. Hún gerði textann en Þorvaldur Þorvaldsson samdi lögin.

„Við Þorvaldur höfum orðið vör við mikla eftirspurn. Fólk hefur hringt í okkur og spurt hvenær við ætlum að setja þetta upp aftur eða hvort við ætlum ekki að gera framhald.“

Eins og margir muna gerist þessi söngleikur í ávaxtakörfu þar sem Mæja litla jarðarber verður fyrir stanslausu einelti meðan Immi ananas býr sig undir að verða krýndur konungur ávaxtanna.

„Þetta er náttúrlega hápólitískur söngleikur þar sem ekkert er verið að skafa utan af hlutunum, og krökkunum finnst það ágætt. Þau þekkja alveg einelti og eru voða glöð að geta talað hreint út um það.“

Selma Björnsdóttir, sem var í örlitlu hlutverki í fyrri uppfærslunni, leikur nú Evu appelsínu en með hlutverk Mæju litlu jarðarbers, sem sífellt sætir einelti, fer nú Lára Sveinsdóttir.

Þorvaldur hefur auk heldur samið tvö ný lög og Kristlaug hefur raunverulega endurskrifað allt leikritið.

„Ég byrjaði með tóma tölvu og skrifaði þetta alveg upp á nýtt, en held samt í kjarnann úr gömlu uppfærslunni. Auðvitað má ég ekki breyta of miklu, en nú er meiri húmor í þessu og ég er búin að mýkja aðeins pólitíkina. En hún er þarna samt.“



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**ÁVAXTAKARFAN LIFNUÐ Á NÝ** Birgitta Haukdal leikur Geddu gulrót í nýju Ávaxtakörfunni, sem frumsýnd verður á morgun.

# Minn eigin kennari

**Hörður Ágústsson listamaður segist hafa þurft að vera gagnrýninn á sjálfan sig þegar hann stúderaði myndlist hér heima á stríðsárunum.**



**HÖRÐUR ÁGÚSTSSON** Myndlistarmaður, hönnuður, kennari, gagnrýnandi, rithöfundur, fræðimaður á sviði sjónvísinda og brautryðjandi í rannsóknum á íslenskri húsagerðarsögu.

Sýning á verkum Harðar Ágústssonar stendur nú yfir í vestursal Kjarvalsstaða. Hörður er fyrir löngu orðinn kunnur sem einn af fremstu listamönnum þjóðarinnar. Á ferli sem spannar meira en hálfa öld hefur hann skilað margföldu lífsstarfi sem myndlistarmaður, hönnuður, kennari, gagnrýnandi, rithöfundur, fræðimaður á sviði sjónvísinda og brautryðjandi í rannsóknum á íslenskri húsagerðarsögu. Síðast en ekki síst er hann einn helsti baráttu- og hugsjónamaður á sviði íslenskra sjónlista, talsmaður þess að umbúnaðurinn sem slíkur eigi sér innihald og að mennt og menningararfur forms og lita sé engu síðri en orðsins list.

Á sýningunni er leitast við að varpa ljósi á framlag Harðar Ágústssonar á sviði myndlistar, hönnunar og byggingarlistar og hvernig hinir ólíku þættir fléttast saman í einstæðu lífsverki, þar sem enginn þeirra verður skilinn án vitundar um hina.

Hörður segist mjög sáttur við uppsetninguna á sýningunni. Hún spannar tímabilið frá 1941 til dagsins í dag – en Hörður varð 83 ára 4. febrúar.

Ekki segist Hörður eiga neitt uppáhaldsverk á sýningunni. „Þetta er eins og að eiga mörg börn,“ segir hann. Maður hefur sama álit á þeim öllum. Sérstöðu listsköpunar sinnar segir Hörður mega rekja aftur til þess tíma sem hann var beðinn um að kenna formfræði. „Ég fór að rannsaka hvað væri formfræði. Guðmundur Finnbogason hafði skrifað rit, óþekkt og mjög merkilegt, þar sem hann rannsakar og spyr sjálfan sig og aðra að því hvers vegna sum form séu merkileg og ómerkileg. Ég fór að spyrja mig að því sama í samvinnu við mína nemendur og upp úr því varð til hinn formræni hlutur sýningarinnar til. En það var svo mikið verk að mála ferhyrninga, þríhyrninga og hringa að mér leist ekki á blikuna. En svo varð mér gengið framhjá Málaranum einn daginn og sá þar límbandsrúllur. Ég hugsaði með mér að þetta væri einmitt það sem vantar í formfræðina og litafræðina og keypti rúllur í mismunandi litum. Þetta hef ég notað fram til dagsins í dag.“

Áhugi Harðar á arkitektúr hefur átt stóran þátt í því að vekja Íslendinga til vitundar um íslenska byggingarlist. „Ég hef nú sagt við vini mína að ég hafi ætlað að vera listamaður fyrir hádegi og arkitekt eftir hádegi. Ég stefndi að því þegar ég var ungur að verða arkitekt. En stríðið kom í veg fyrir það, lokaði fyrir samgöngur til meginlandsins og norðurlandanna – og til Bandaríkjanna vildi ég ekki fara. Ég fékk lánað lítið herbergi í kjallara á Laufásvegi og setti upp skóla fyrir sjálfan mig. Það eina góða við stríðið var að þá opnaðist markaður fyrir listaverkabækur frá Bandaríkjunum. Í gegnum þær kynntist ég módernismanum sem kom sér vel þegar ég fór til Parísar. Ég hef alltaf litið svo á að ég hafi verið minn eigin kennari – vegna þess að þegar ég bar verk mín saman við þau sem voru í listaverkabókunum, þurfti ég að vera gagnrýninn á sjálfan mig.



# Gamalt og nýtt

**TÓNLIST**

FINNUR TORFI STEFÁNSSON
Háskólabíó

**Verk eftir íslensk tónskáld**
Sinfóníuhljómsveit Íslands
/Skólakór Kársness
**Einleikari:** Una Sveinbjarnardóttir
**Kórstjóri:** Þórunn Björnsdóttir
**Stjórnandi:** Esa Heikkila

Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands sl. fimmtudagskvöld voru flutt verk eftir íslensk tónskáld. Una Sveinbjarnardóttir lék einleik á fiðlu og Skólakór Kársness undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur söng. Stjórnandi var Esa Heikkila frá Finnlandi.

Venite ad me eftir Jón Nordal er samið í minningu Halldórs Hansens barnalæknis. Verkið er fyrir kór og hljómsveit, sungið á latínu og byggist á texta Nýja testamentisins „Leyfið börnunum að koma til mín...“ Það er mjög skýrt að byggingu og höfuðlitum verksins, málmblæstri, strengjum og kór er mjög haldið aðskildum, eins og hóparnir talist á. Þetta er fallegt, dramatískt verk sem lýsir einlægum söknuði. Skólakór Kársness, sem tók þátt í frumflutningi verksins á sínum tíma, skilaði sínu hlutverki mjög vel. Það er gaman að heyra hve hið unga söngfólk á auðvelt með að syngja óhefðbundið tónmál. Ný kynslóð virðist ekki bundin dúr og moll einum saman.

Annað verk á þessum tónleikum var Draumnökkvi eftir Atla Heimi Sveinsson frá árinu 1987. Að sögn tónskáldsins er það hugleiðing um Sólfarið, mynd Jóns Gunnars Árnasonar, og texti þar um er ritaður í raddskrána. Þetta er raunverulega konsert í einum þætti fyrir fiðlu og kammersveit. Dreginn er upp fallegur hljóðheimur strengjahljóðfæranna með glissando, tremolando, pizzicato, col legno og fleira tilheyrandi. Þar er gott að dvelja um hríð. Á sínum tíma var það nánast krafa tíðarandans að semja svona tónlist. Ekki spillti fyrir að Una Sveinbjarnardóttir lék einleikshlutverkið með miklum glæsibrag og sýndi að ekki verður skortur á góðum fiðluleikurum hér á landi í bráð.

Tvö verk voru flutt eftir Hauk Tómasson. Gildran – brot úr Fjórða söng Guðrúnar, óperu Hauks frá árinu 1996 og Ardente, sem frumflutt var í Kaupmannahöfn á síðasta ári. Gildran er stuttur kafli, ógnvekjandi og tættur, sem lýsir voveiflegum atburðum í óperunni. Hann fór í rauninni vel sem eins konar andstæða við verkið sem á eftir kom og hefði ef til vill mátt leika án hlés á milli. Ardente er í þremur samtengdum hlutum, sem hver hefur sinn skýra lit hljómfræðilega og í útsetningunni fyrir hljóðfærin. Stefrænar línur halda öllu saman og gefa svigrúm til andstæðna í vef og lit. Þetta er vel samið verk sem sýnir góð tök höfundarins á hljómsveitinni.

Síðasta verkið á tónleikunum var Sólófónía eftir Kjartan Ólafsson, sem stjórnað hefur Tónskáldafélagi Íslands af miklum dugnaði um árabil. Þetta verk er samið með tölvuforritinu Calmus, sem Kjartan hefur hannað og þróað. Að sögn tónskáldsins er notast við efni úr íslenskum þjóðlögum auk heimasmíðaðs efniviðar í verkinu. Það er í einum kafla en heyra mátti greinileg hlutaskil þar sem skiptist á þéttskipaður vefur og vefur skýrra þríhljóma. Ekki er unnt að gera sér grein fyrir hlutdeild Calmusar í verkinu, sem skiptir sennilega ekki máli því að hann er einnig höfundarverk tónskáldsins. Ef til vill mátti heyra þarna eins konar tvíhyggju og átök manns og vélar, hugsunar og sjálfvirkni.

Hlutur hljómsveitarinnar var yfirleitt með miklum ágætum á þessum tónleikum og hinn finnski hljómsveitarstjóri sýndi að hann kann sitt fag til hlítar.



**UNA SVEINBJARNARDÓTTIR** Ekki spillti fyrir að Una lék einleikshlutverkið með miklum glæsibrag.

> **„Hlutur hljómsveitarinnar var yfirleitt með miklum ágætum á þessum tónleikum og hinn finnski hljómsveitarstjóri sýndi að hann kann sitt fag til hlítar.**

# Hljómsveit TR í Neskirkju

Hljómsveit Tónlistarskólans í Reykjavík heldur tónleika í Neskirkju í dag klukkan 17.00. Á efnisskrá eru Marosszeki Tancok eftir Zoltan Kodály, Zigeunerweisen op. 20 fyrir fiðlu og hljómsveit eftir Pablo de Sarasate, Meditation úr Thais fyrir fiðlu og hljómsveit eftir Jules Massenet og Sinfónía nr. 3 Eroica eftir Beethoven. Einleikari á fiðlu er Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir, konsertmeistari er Sólrún Gunnarsdóttir og stjórnandi er Gunnsteinn Ólafsson.


Útsölulok!



Barnabuxur/pils 1000
Barnapeysur 1000/1500
Barnabolir 500
Kvenbuxur/pils 1500
Peysur 1000/2000
Jakkar 3000/5000
Kápur 5000

Vorvörurnar komnar - frábærir litir.

UNITED COLORS OF BENETTON.
SISLEY
Smáralind

LANGUR LAUGARDAGUR
HÁMARKS AFSLÁTTUR
ALLT AÐ 75%
OPIÐ 11-17




sautján jeans
gs skór
eva
gallerisautján
Kjallarinn

- í Kjallaranum Laugavegi 91 er fatamarkaður
með merkjavöru nú á 75% afslætti

LAUGAVEGI 89-91

VODKAKÚRINN
Helga Braga Steinn Ármann
AUSTURBÆR
Lau. 05/02 2005 kl: 20:00 Örfá sæti laus
Lau. 12/02 2005 kl: 20:00 Sæti laus
Pantanir í síma 551 4700
miðasala opin 14 - 18 Alla daga
www.vodkakurinn.is og www.midi.is

Frumsýning 11. febrúar kl. 20 – UPPSELT
TOSCA
Landsbankinn
2. sýning 13.feb. kl. 19.00 – ÖRFÁ SÆTI LAUS
3. sýning 18.feb. kl 20.00 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
4. sýning 20. feb. kl. 19.00 – 5. sýning 25. febrúar kl. 20.00 – 6. sýning 27. febrúar kl. 19.00 – 7. sýning 4. mars kl. 20.00
8. sýning 6. mars kl. 19.00 – 9. sýning 12. mars kl. 19.00
Miðasala á netinu: www. opera.is
www.opera.is | midasala@opera.is | Sími miðasölu: 511 4200
ÍSLENSKA ÓPERAN
Miðasalan er opin kl. 14–18 virka daga, kl. 13–18 lau. og sun. og fram að sýningu sýningardaga. Símasala frá kl. 10 virka daga.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
ÖXIN OG JÖRÐIN
GLÆSILEG SÝNING!
Stóra sviðið kl. 20.00
ÖXIN OG JÖRÐIN - Ólafur Gunnarsson. Leikgerð: Hilmar Jónsson.
8. sýn. í kvöld lau. 5/2 örfá sæti laus, 9. sýn. lau. 12/2 nokkur sæti laus, 10. sýn. fim. 17/2, 11. sýn. fös. 25/2.
DÝRIN Í HÁLSASKÓGI - Thorbjörn Egner
Sun. 6/2 uppselt, sun. 13/2 uppselt, sun. 20/2 örfá sæti laus, sun. 27/2 nokkur sæti laus. Síðustu sýningar.
MÝRARLJÓS - Marina Carr
Frumsýning fim. 10/2 örfá sæti laus, 2. sýn. fös. 11/2 örfá sæti laus, 3. sýn. fös. 18/2 örfá sæti laus, 4. sýn. sun. 20/2 örfá sæti laus, 5. sýn. fim. 24/2 örfá sæti laus, 6. sýn. sun. 27/2 örfá sæti laus.
EDITH PIAF - Sigurður Pálsson
Sun. 13/2 uppselt, lau. 19/2 uppselt, lau. 26/2 uppselt, fös. 4/3 uppselt, fös. 11/3 örfá sæti laus, fös. 18/3 örfá sæti laus.
Smíðaverkstæðið kl. 20.00
NÍTJÁNHUNDRUÐ - Kaffileikhús - Alessandro Barrico
Fös. 11/2, lau. 19/2 nokkur sæti laus.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!
Litla sviðið kl. 20.00
BÓNDIN Á MILLI OKKAR - Kristján Þórður Hrafnsson
Fös. 11/2 nokkur sæti laus, sun. 20/2 nokkur sæti laus.
Sýningum fer fækkandi. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!
Miðasölusími: 551 1200 Netfang: midasala@leikhusid.is Veffang: www.leikhusid.is
Opið kl. 13:00-18:00 mán.-þri. Aðra daga kl. 13:00-20:00. Símapantanir frá kl. 10:00 virka daga.
Þjóðleikhúsið sími 551-1200

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík
STÓRA SVIÐ
HÍBÝLI VINDANNA
leikgerð Bjarna Jónssonar á vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar
Í kvöld kl. 20 - UPPSELT,
Sun 6/2 kl 20 - UPPSELT,
Fi 10/2 kl 20 - UPPSELT, Fö 11/2 kl 20
Lau 12/2 kl 20 - UPPSELT, Fi 17/2 kl 20,
Fö 18/2 kl 20 - UPPSELT,
Lau 19/2 kl 20 - UPPSELT,
Fö 25/2 kl 20, Lau 26/2 kl 20
HÉRI HÉRASON
e. Coline Serreau
Su 13/2 kl 20
Síðasta sýning
LÍNA LANGSOKKUR
e. Astrid Lindgren
Su 6/2 kl 14, Su 13/2 kl 14,
Su 20/2 kl 14 - AUKASÝNING,
Su 27/2 kl 14 - AUKASÝNING Síðustu sýningar
HOUDINI SNÝR AFTUR
Fjölskyldusýning um páskana.
Forsala aðgöngumiða hafin.
Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna
- gildir ekki á barnasýningar
NÁMSKEIÐ UM VESTURFARNA STENDUR YFIR Í BORGARLEIKHÚSINU
Kennarar: Viðar Hreinsson, 2/2 Upphaf vesturferða Gísli Sigurðsson, 9/2 Sagnalist Vestur Íslendinga Helga Ögmundardóttir, 16/2 Lífskjör og aðstæður frumbyggjanna Böðvar Guðmundsson, 23/2 Bréfin frá Vestur-Íslendingum. Skráning hjá Mími Símenntun á www.mimi.is eða í síma 5801800. Þátttakendum verður boðið á sýningu á Híbýlum vindanna
NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ
ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN SÝNIR:
VIÐ ERUM ÖLL MARLENE DIETRICH FOR
e. Ernu Ómarsdóttur og Emil Hrvatin
Hátíðarsýning Su 6/2 kl 20
Mi 9/2 kl 20, Fi 10/2 kl 20,
Fö 11/2 - LOKASÝNING
BELGÍSKA KONGÓ
e. Braga Ólafsson, Gríman fyrir besta leik í aðalhlutverki
Í kvöld 5/2 kl 20 - UPPSELT,
Lau 12/2 kl 20 - UPPSELT,
Su 13/2 kl 20 - UPPSELT,
Fi 17/2 kl 20, Su 20/2 kl 20,
Fi 24/2 kl 20, Fö 25/2 kl 20
Sýningum lýkur í febrúar
AUSA eftir Lee Hall
Í samstarfi við LA.
Su 6/2 kl 20 Umræður á eftir, Fö 11/2 kl 20,
Lau 19/2 kl 20, Lau 26/2 kl 20
Ath: Miðaverð kr. 1.500
SVIK
eftir Harold Pinter
Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA
Su 13/2 kl 20, Su 27/2 kl 20
SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR
eftir Agnar Jón Egilsson. Í samstarfi við TÓBÍAS.
Í kvöld kl 20, Lau 12/2 kl 20, Fö 18/2 kl 20
Miðasölusími 568 8000
midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga,
10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudaga

TÓNLIST

# Pantaði fimm píanóverk



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**TINNA ÞORSTEINSDÓTTIR** Frumflytur fimm íslensk píanóverk á Myrkum músíkdögum í Salnum í kvöld.

Myrkum músíkdögum, hinni árlegu tónlistarhátíð íslenskra tónskálda, lýkur nú um helgina. Fjöldi tónleika er á dagskránni bæði í dag og á morgun, auk þess sem málþing um stöðu nútímatónlistar verður haldið í Norræna húsinu og hefst það klukkan 13 í dag.

Meðal þeirra tónleika, sem haldnir verða í dag, eru píanótónleikar í Salnum í Kópavogi þar sem Tinna Þorsteinsdóttir frumflytur fimm íslensk verk fyrir píanó eftir jafn mörg tónskáld.

Verkin eru öll samin fyrir Tinnu, sem segist lengi hafa gengið með þá hugmynd að helga eina tónleika eingöngu frumflutningi á nýjum íslenskum verkum fyrir píanó.

„Ég fékk þessa hugmynd fyrir mörgum árum og var svo heppin að fá styrk frá Tónskáldasjóði ríkisútvarpsins til að panta verk og borga tónskáldunum.“

Þetta var árið 2002, og hún hófst þegar handa við að velja sér tónskáld og bera þessa hugmynd upp við þau. Valið var ekki svo erfitt, segir hún.

„Ég valdi þau fyrst og fremst út frá því að þau væru ólík.“

Niðurstaðan varð sú að Mist Þorkelsdóttir, Áskell Másson, Þorsteinn Hauksson, Kolbeinn Bjarnason og Steingrímur Rohloff fengu pöntun frá Tinnu og hafa verið að skila inn verkum fyrir hana allt fram á þetta ár.

„Ég gaf þeim algerlega frjálsar hendur og sagði að þau mættu skrifa hvað sem er, ég myndi bara æfa það.“

Hún segist vera virkilega ánægð með útkomuna. „Það komu ótrúlega fjölbreytt verk út úr þessu. Öll þessi verk eru kraftmikil og persónuleg, það er sterkur karakter yfir þeim hverju fyrir sig og mikil dramatík í gangi. Mér finnst virkilega gaman að stilla þeim upp svona hlið við hlið og sjá hvað svona ólík tónskáld semja fyrir píanó nú til dags.“

Öll verkin eru einleiksverk fyrir píanó, en í tveimur þeirra er notuð tölva sem gefur frá sér hljóð í samspili við píanóið.

„Í verkinu hans Steingríms eru tölvuhljóðin tilbúin fyrir fram og ég hef þess vegna voða lítið frelsi, en í verkinu hans Kolbeins eru tölvuhljóðin gagnvirk þannig að tölvan pikkar upp hljóðin frá mér og varpar þeim breyttum út í sal.“ ■

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

2 3 4 **5** 6 7 8

Laugardagur

### KVIKMYNDIR

☐ 16.00 **Kvikmyndasafn Íslands** sýnir myndina **Nafn rósarinnar** frá 1986 eftir Jean-Jaques Annaud í Bæjarbíói, Strandgötu 6, Hafnarfirði.

### TÓNLEIKAR

☐ 12.00 **Björn Steinar Sólbergsson** organisti heldur hádegistónleika í Akureyrarkirkju. Á efnisskránni eru verk eftir Charles Marie Widor og César Franck.

☐ 15.00 **Geir Draugsvoll** harmonikuleikari kemur fram á tónleikum á Myrkum músíkdögum í Norræna húsinu.

☐ 15.00 **Bob Justman** flytur lágstemmt og þjóðlagaskotið kassagítarpopp í Smekkleysu Plötubúð.

☐ 16.00 **Ögmundur Þór Jóhannesson** gítarleikari flytur verk eftir Mauro Giuliani, Leo Brouwer, Agustin Barrios Mangoré, Johann Sebastian Bach, Roberto Gerhard og Alberto Ginastera á fyrstu tónleikum sínum í Salnum.

☐ 17.00 Tónlistarhópurinn **Aton** leikur á Myrkum músíkdögum í Klink og Bank.

☐ 20.00 **Tinna Þorsteinsdóttir** píanóleikari flytur verk eftir **Mist Þorkelsdóttur, Kolbein Einarsson, Áskel Másson, Þorstein Hauksson** og **Steingrím Rohloff** á Myrkum músíkdögum í Salnum, Kópavogi.

☐ 21.00 Austurríski gítarleikarinn og raftónlistarmaðurinn **Christan Fennesz** og íslenska tónskáldið **Jóhann Jóhannsson** leiða saman hesta sína í Klink og Bank. **DJ Musician** lokar kvöldinu með ógleymanlegu stuði og diskói.

☐ 22.00 **Lights On the Highway** spilar á Dillon. Síðan þeytir **Andrea** skífum.

☐ 22.00 Verk eftir **Hilmar Þórðarson, Rikharð H. Friðriksson, Camillu Söderberg, Harald Sveinbjörnsson** og **Úlfar Inga Haraldsson** verða flutt á raftónleikum Myrkra músíkdaga í Salnum, Kópavogi.

☐ 22.30 Alvöru rokkveisla verður á Gauknum með **Mínus, Drep, Vonbrigðum** og **Future Future**.

### LISTOPNANIR

☐ 15.00 **Bjarni Sigurbjörnsson** og **Haraldur Karlsson** opna sýningu í Hafnarborg.

☐ 17.00 Sýningin **Sjúkleiki Benedikts** eftir **Magnús Árnason** verður opnuð í Kling og Bang, Laugavegi 23.

☐ Myndlistarmaðurinn **Óli G. Jóhannsson** sýnir málverk á Sólon.

### SKEMMTANIR

☐ 22.00 Grínararnir **Snorri Hergill** og **Taffeta Wood** verða með uppistand á ensku í Stúdentakjallaranum.

Vetrarhátíð
Grímuball Bardukha og Andrea Jónsdóttir
laugardaginn 19. febrúar.

Ástandið
Sögur kvenna frá hernámsárunum
Fumsýning 13. febrúar kl.14.00
Miðvikudaga kl.14.00
Sunnudaga kl.14.00
IÐNÓ Miðasala í síma 562 9700 www.idno.is

Ávaxtakarfan
AUSTURBÆR
Forsýning : Lau 05.feb kl. 15:00 Uppselt
Frumsýning : Sun 06.feb kl. 14:00 Örfá sæti laus
Sýning : Sun 13.feb kl. 14:00 Sæti laus
Pantanir í síma 551 4700
miðasala opin 14 - 18 alla daga
www.midi.is

BROADWAY www.broadway.is Sími: 533-1100
Veislusalir fyrir öll tilefni
Grundfirsk STJÖRNUMESSA
11. febrúar á BROADWAY
SALSA SOUL
Íslenskar söngperlur
í flutningi 12 manna stórhljómsveitar og 27 söngvara
Kynnar Brynhildur Ólafsdóttir og Róbert Marshall. Hljómsveitin VOR

SPÍTALASKIPIÐ
NEMENDALEIKHÚSIÐ
eftir Kristínu Ómarsdóttur
9. sýn. lau. 5. feb. kl. 20
10. sýn. mið. 9. feb. kl. 20
11. sýn. fim. 10. feb. kl. 20
12. sýn. fös. 11. feb. kl. 20
13. sýn. lau. 12. feb. kl. 20
14. sýn. fim. 17. feb. kl. 20
Miðaverð 1000 kr.
Sýnt í Smiðjunni - Sölvhólsgötu 13
552-1971 - leiklistardeild@lhi.is
LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS

☐ 23.00 **Mannakorn** með dansleik á Kringlukránni.

☐ Hljómsveitin **Sex volt** skemmtir á Classic Rock í Ármúla.

☐ Rokkbandið **Oxford** frá Selfossi spilar valinkunna slagara á Café Amsterdam.

☐ Dansleikur með hljómsveitini **Kung Fú** í Klúbbnum við Gullinbrú.

☐ **Hermann Ingi** yngri spilar og syngur á Catalinu í Kópavogi. Frítt inn!

☐ Hljómsveitin **Sixties** heldur uppi dúndrandi stemmningu í Vélsmiðjunni á Akureyri.

☐ **Atli skemmtanalögga** og **Áki Pain** á Pravda.

☐ Hljómsveitin **Tilþrif** spilar á Lundanum í Vestmannaeyjum.

## FUNDIR

☐ 11.00 „Jafnrétti 1975-2005. Hefur eitthvað áunnist? Er eitthvað eftir?“ nefnist ráðstefna sem Kvenréttindafélag Íslands efnir til í Ráðhúsi Reykjavíkur. Erindi flytja **Sjöfn Ingólfsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Berglind Rós Magnúsdóttir** og **Hólmfríður Sveinsdóttir**.

☐ 11.00 Í tilefni sýningar Rúríar á verki sínu, Archive - Endangered Waters, í Listasafni Íslands, verður haldið málþing þar sem listferill hennar verður skoðaður í alþjóðlegu samhengi.

☐ 12.00 Fjölmiðlamiðstöð Reykjavíkurakademíunnar efnir til málþings um umfjöllun fjölmiðla um innflytjendur, hælisleitendur og um málefni útlendinga á Íslandi almennt. Framsöguerindi flytja **Atli Viðar Thorstensen, Georg Kr. Lárusson** og **Tatjana Latinovic**. Málþingið verður haldið í fundarsal RA á fjórðu hæð JL-hússins að Hringbraut 121.

☐ 13.00 Pallborðsumræður um stöðu nútímatónlistar verða haldnar á Myrkum músíkdögum í Norræna húsinu. Þátttakendur eru **Sten Melin, Anders Beyer, Patrick Kosk** og **Kolbeinn Bjarnason**.

## SAMKOMUR

☐ 19.30 Hið árlega þorrablót **Kvæðamannafélagsins Iðunnar** verður haldið á Grand hóteli Reykjavík. Á borðum verður íslenskur matur af ýmsu tagi, hefðbundinn og nýtískulegur. Meðal skemmtiatriða má nefna **Báru Grímsdóttur** og **Chris Foster. Guðmundur Haukur** leikur fyrir dansi að dagskrá lokinni. Frú **Vigdís Finnbogadóttir** verður heiðursgestur kvöldsins.

## SÝNINGAR

☐ **Aðföng, gjafir og önnur verk eftir Sigurjón**, er ný sýning sem sett hefur verið upp í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar. Þar má meðal annars sjá listaverk Sigurjóns sem safnið hefur eignast undanfarinn áratug.

**hvar@frettabladid.is**












Háskólabíó
FRUMSÝNING
Meet the Fockers
Sýnd kl. 3.30, 6, 8.30 og 11
HLAUT TVENN GOLDEN GLOBE VERÐLAUN
7 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA
MILLION DOLLAR BABY
Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 b.i. 14
AVIATOR
★★★★ - HL, MBL
★★★★ - Baldur, Popptíví
11 tilnefningar til Óskarsverðlauna, þ.á.m. besta mynd, besti leikstjóri, besti leikari: Leonardo Dicaprio.
Sýnd kl. 2.45, 6 og 9.10
Bridget Jones Sýnd kl. 3 Síð. sýningar.
THE INCREDIBLES kl. 3 ísl. tal
ALEXANDER
Epísk stórmynd sem fólk verður að sjá. Frá leikstjóranum Oliver Stone.
Kl. 5.30 og 10.05
OCEAN'S TWELVE
Sýnd kl. 10.30
FRÖNSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ
Langa trúlofunin (Un long dimanche de fiancailles)
Kl. 5.30 og 8
Grjóthaltu kjafti (Tais Toi) B.i. 12
Sýnd kl. 8.30

SMÁRABÍÓ
FLIGHT OF THE PHOENIX
Frumsýnd 11. febrúar
FRÁ FRAMLEIÐANDA TRAINING DAY
ASSAULT ON PRECINCT 13
Þeir þurfa að standa saman til að halda lífi! Frábær spennutryllir!
Kl. 3, 5.30, 8 og 10.30 B.i. 16 ára
Sýnd í Lúxus kl. 3, 5.30, 8 og 10.30
ELEKTRA
Svakalega flott ævintýraspennumynd með hinni sjóðheitu Jennifer Garner
Kl. 3.40, 5.50, 8 og 10.10 Bi. 14 ára
5 Tilnefningar til Óskarsverðlauna þ.á.m. besta mynd, leikstjóri og handrit
★★★★ Þ.P FBL
SIDEWAYS
„Fullkomlega ómissandi mynd" S.V. MBL ★★★★★
Sýnd kl. 8 og 10.40
Kl. 2, 4, 6, 8 og 10
TAXI
Kl. 1.30, 3.45 b.i. 10
FINDING NEVERLAND
Sýnd kl. 5.50
BÚI OG SÍMON Sýnd kl. 2 ÍSL.TAL VERÐ 400 KR.

FRÁBÆR SKEMMTUN
SAMBÍÓIN ÁLFABAKKI
FRUMSÝNING
Meet the Fockers
Sýnd kl. 1.30, 4, 5.30, 8 og 10.30
Sýnd í Lúxus VIP kl. 5.30, 8 og 10.30
Bangsímon og Frillinn
Forsýning kl. 2 og 3.45 m/ísl.tali.
ALEXANDER
Kl. 8.30 b.i. 14
★★★ DV
Kl. 2, 4, 6.20, 8.30 og 10.30 B.i. 14.
Sýnd kl. 1.30, 3.45, 6, 8.15 og 10.30
THE INCREDIBLES
Yfir 36.000 gestir
1.30, 3.45 og 6 ísl. kl. 6 & 8.15 enska
NATIONAL TREASURE Sýnd kl. 10.30

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Jennifer Garner** er að spá í að hætta sem leikkona til þess að uppfylla aðra framtíðardrauma. „Mig langar að mennta mig meira og fá gráðu í einhverju. Mig langar að vera viðskiptakona, fjárfestari, rithöfundur og píanóleikari. Ég vildi óska að ég kynni að elda," sagði leikkonan.



**Drew Barrymore** hefur slitið samningi við umboðsmann sinn Patrick Whitesell. „Drew ætlar að leita annað en hefur ekki enn tekið ákvörðun um hvert. Þau hittust á fundi í síðustu viku og ákváðu að hætta samstarfi. Þau eru þó enn góðir vinir og hann gerði margt gott fyrir hana," sögðu talsmenn leikkonunnar. Meðal viðskiptavina Whitesell eru **Matt Damon, Ben Affleck, Hugh Jackman og Christian Bale**.




## LISTASÝNING



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**MAGNÚS Í MARTRAÐARSKÓGI SÍNUM** Hann opnar sýningu sína, Sjúkleiki Benedikts, í gallerí Kling og Bang í dag klukkan 17.

# Ekki fyrir viðkvæma

Sjúkleiki Benedikts nefnist sýning Magnúsar Árnasonar myndlistarmanns, sem opnuð verður í galleríinu Kling og Bang í dag.

„Benedikt er fjarskyldur frændi hans Sveinbjarnar, sem er látinn einstaklingur," segir Magnús og vill ekki gefa frekari skýringar á heiti sýningarinnar.

„En það er mikil útilífsstemning hérna," bæti hann við. „Hér er möl á gólfinu og tré út um allt og í trjánum eru uppstoppaðir fuglar. Þetta eru svolítið veikir fuglar, bólgnir og sprungnir með einhvers konar kýlapest. Þetta er hálfgerð ævintýramartröð. Sannkallað horrorhús."

Sýning Benedikts er sem sagt innsetning þar sem myrkrið ræður ríkjum, með skúlptúrum, hljóðum og frekar óþægilegri lykt sem leggur fyrir vitin um leið og komið er inn í sýningarsalinn, þar sem áður var til húsa verslun Boltamannsins að Laugavegi 23.

Um Magnús hefur verið sagt að hann sé ein myrkasta von íslenskrar myndlistar. Sömuleiðis hefur orðið „dramadurgur" heyrst nokkrum sinnum meðan hann hefur verið að setja upp sýningu sína undanfarna daga.

„Það er ekki oft sem ég verð kjaftstopp, en núna á ég ekki orð," segir Erling Þ.V. Klingenberg, einn aðstandenda gallerísins, sem hefur verið að fylgjast með vinnu Magnúsar að sýningunni.

Magnús Árnason er menntaður í Vínarborg og hafa sýningar hans vakið mikla athygli hér heima sem og erlendis. ■

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Imelda Staunton** er tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir aukahlutverk í myndinni Vera Drake. „Það sem ég hef mestar áhyggjur af í sambandi við verðlaunaafhendinguna er að skórnir mínir eigi eftir að meiða mig. Ég botna ekkert í fólki sem segist ekki trúa því að það hafi unnið. Auðvitað trúir þú því – líkurnar á að þú yrðir sigurvegari voru einn á móti fimm!" sagði Staunton.



**Jennifer Lopez** mun leika rithöfund í næstu mynd sinni. Leikstjóri myndarinnar verður Gregory Nava sem leikstýrði henni einnig þegar hún lék mexíkósku söngkonuna Selenu Perez í myndinni Selena árið 1997. Í myndinni leikur J-Lo amerískan rithöfund sem er sendur að landamærum Mexíkó og Bandaríkjanna til þess að rannsaka dularfull dauðsföll kvenna í nágrenninu. Tökur hefjast í mars.










## TÓNLEIKAR

# Þreytir frumraun sína í Salnum

Ögmundur Þór Jóhannesson gítarleikari ætlar að spila verk eftir Mauro Giuliani, Leo Brouwer, Agustin Barrios Mangoré, Johann Sebastian Bach, Roberto Gerhard og Alberto Ginastera á tónleikum sínum í Salnum í Kópavogi sem hefjast klukkan 16 í dag.

Ögmundur lauk burtfararprófi í gítarleik með láði frá Tónlistarskóla Kópavogs vorið 2000. Kennarar hans þar voru Kristinn H. Árnason, Einar Kristján Einarsson, Kristinn Gestsson, Kristján Eldjárn og Anna Hansen. Þaðan lá leið hans til framhaldsnáms á Spáni í Escola Luthier d'arts Musicals í Barcelona 2000-2002 þar sem hann var meðal annars nemandi Arnaldar Arnarssonar. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ÖGMUNDUR ÞÓR JÓHANNESSON** Heldur fyrstu opinberu tónleika sína á Íslandi í Salnum í Kópavogi.

## TÖLVULEIKIR

# Lego Star Wars á leiðinni

Tölvuleikurinn Lego Star Wars er væntanlegur í apríl. Þar mætast ein eftirminnilegasta sería kvikmyndaheimsins og eitt vinsælasta leikfang í heimi í einum leik.

Í leiknum er Lego-kubbunum blandað saman við hinar ógleymanlegu persónur, sögur og farartæki Star Wars-veraldarinnar. Meðal annars er hægt að spila eftirminnilegustu og mest spennandi atriðin úr Stjörnustríðsmyndunum The Phantom Menace, Attack of the Clones og hinni væntanlegu Episode III: Revenge of the Sith. ■



**SVARTHÖFÐI** Darth Vader er ein ógleymanlegasta persónan í Stjörnustríðsmyndunum.






## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** 61 **8.05** Monty Python's The Meaning Of Life **10.00** Blue Crush **12.00** Alice In Wonderland **14.00** 61 **16.05** Monty Python's The Meaning Of Life **18.00** Alice In Wonderland **20.00** Blue Crush **22.00** The Mask of Zorro (Bönnuð börnum) **0.15** Wild Man Blues **2.00** Behind Enemy Lines (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** The Mask of Zorro (Bönnuð börnum)

## AKSJÓN

**7.15** Korter **18.15** Korter **19.15** Korter **20.15** Korter **21.00** Bravó **22.15** Korter

## OMEGA

**18.00** Robert Schuller **19.00** Jimmy Swaggart **20.00** Billy Graham **21.00** Believers Christian Fellowship **22.00** Kvöldljós með Ragnari Gunnarssyni (e) **23.00** Robert Schuller **0.00** Miðnæturhróp C. Parker Thomas **0.30** Nætursjónvarp Blönduð innlend og erlend dagskrá

## POPP TÍVÍ

**7.00** Meiri músík **14.00** Sjáðu (e) **16.00** Game TV (e) **17.00** Íslenski popp listinn (e) **21.00** Skrekkur 2005 **23.00** Meiri músík

## Í TÆKINU

**MICHAEL J. FOX LEIKUR Í THE SECRET OF MY SUCESS Á SKJÁEINUM KL. 21.00 Í KVÖLD.**

# *Greindist með Parkinsons*

Michael Andrew Fox fæddist 9. júní árið 1961 í Edmonton í Alberta í Kanada. Foreldrar hans eru Bill og Phyllis Fox, sem starfaði sem leikkona. Þegar Michael var tíu ára flutti fjölskyldan til Vancouver í British Columbia eftir að faðir hans fór á eftirlaun.
Á þessum árum fékk Michael ástríðu til þess að leika og koma fram. Þegar hann var fimmtán ára fór hann í áheyrnarprufu fyrir tíu ára strák í þáttum sem hétu Leo and Me. Hann nældi í hlutverkið og var brátt talin skærasta stjarnan í kanadísku sjónvarpi og myndum.
Michael hætti í miðskóla áður en hann útskrifaðist og sér eftir því og stimplar það sem ungæðisleg mistök.
Michael flutti til Los Angeles þegar hann var átján ára og bauðst nokkur hlutverk í sjónvarpsþáttum en frægðin fór á bið þegar hlutverkin hættu að streyma. Í dágóðan tíma lifði Michael á loftinu þangað til hann fékk hlutverk Alex Keaton í þáttunum Family Ties árið 1982. Eftir það var brautin greið og fékk hann hlutverk í myndum eins og Teen Wolf árið 1985, High School U.S.A. árið 1983, Poison Ivy árið 1985 og Back to the Future árið 1985 sem hann er hvað þekktastur fyrir.
Árið 1991 greindist Michael með Parkinsons en hélt því leyndu þangað til 1998. Hann þurfti að hætta í sjónvarpsþáttum Spin City sökum sjúkdómsins.
Michael er kvæntur Tracy Pollan frá 16. júlí árið 1988 og eiga þau saman fjögur börn. Michael er grænmetisæta og hefur skrifað bók um Parkinsons og annað sem hefur hent hann í lífinu.



**Þrjár bestu myndir Michaels:** **Poison Ivy** – 1985. **Back to the Future** – 1985. **Doc Hollywood** – 1991.






**13.50 & 16.20** *Íþróttamót*

**HM í handbolta. Sjónvarpið sýnir beina útsendingu frá undanúrslitaleikjunum en baráttan er vitaskuld hörð.**



**21.15** *Bíó*

**X-2. Ofurmennin eru komin aftur og barátta góðs og ills heldur áfram eftir að forsetanum er sýnt banatilræði.**



**17.10** *Enski boltinn*

**Aston Villa – Arsenal. Arsenal þarf að berjast til að halda sætu sínu í deildinni því Manchester United er ekki langt undan.**

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Bú! **8.13** Brandur lögga **8.23** Bubbi byggir **8.37** Bitti nú **9.02** Ævintýri H.C Andersens **9.28** Gæludýr úr geimnum **9.55** Stundin okkar **10.25** Siggi og Gunnar **10.30** Krakkar á ferð og flugi **11.00** Viltu læra íslensku? **11.20** Kastljósið **11.45** Íþróttir/HM í handbolta

▶**13.50** HM í handbolta. Bein útsending frá fyrri undanúrslitaleiknum. **15.40** Handboltakvöld **16.20** HM í handbolta. Bein útsending frá seinni undanúrslitaleiknum. **18.00** Táknmálsfréttir **18.10** Geimskipið Enterprise

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.40 Laugardagskvöld með Gísla Marteini** Gísli Marteinn Baldursson tekur á móti gestum í myndveri Sjónvarpsins. Stjórn upptöku: Egill Eðvarðsson.

**20.30 Spaugstofan** Karl Ágúst, Pálmi, Sigurður, Randver og Örn bregða á leik. Stjórn upptöku: Björn Emilsson. Textað á síðu 888 í Textavarpi.

**21.00 Opið hús** (Open House) Bandarísk sjónvarpsmynd frá 2003 um miðaldra konu sem þarf að endurskoða tilveru sína eftir að maðurinn hennar fer frá henni. Leikstjóri er Arvin Brown og meðal leikenda eru Christine Lahti, Daniel Baldwin, Mark Rendall og Chris Potter.

**22.30 Dóttir hershöfðingjans** (The General's Daughter) Bandarísk spennumynd frá 1999 um lögreglumenn sem eru sendir til að rannsaka dularfulla nauðgun og morð í herstöð. Leikstjóri er Simon West og meðal leikenda eru John Travolta, Madeleine Stowe, James Cromwell, Timothy Hutton og Leslie Stefanson. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**0.25** Bette frænka **2.10** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (Svampur, Í Erlilborg, Sullukollar, Barney 4 – 5, Með Afa, Véla Villi, Beyblade, Emil í Kattholti)

**12.00** Bold and the Beautiful **13.45** Idol Stjörnuleit (e) **15.15** Idol Stjörnuleit (e) **15.50** Whoopi (9:22) (e) **16.20** Sjálfstætt fólk (e) **16.55** Oprah Winfrey **17.40** 60 Minutes (e)

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.54 Lottó**

**19.00 Íþróttir og veður**

**19.15 Whose Line is it Anyway** (Hver á þessa línu?) Kynnir er Drew Carey og hann fær til sín ýmsa kunna grínista.

**19.40 Beethoven's 4th** (Beethoven 4) Hundurinn Beethoven er sannarlega mikill gleðigjafi. Á ýmsu hefur gengið í samskiptum hans og Newton-fjölskyldunnar en nú virðast allir sáttir. En einmitt þá fer aftur að draga til tíðinda. Beethoven sýnir hegðun sem sæmir ekki góðum fjölskylduhundi og nú er sannarlega úr vöndu að ráða. Aðalhlutverk: Judge Reinhold, Julia Sweeney, Joe Pichler, Michaela Gallo. Leikstjóri: David M. Evans. 2001. Leyfð öllum aldurshópum.

▶**21.15 X-2** (Ofurmennin 2) Hér er á ferðinni sjálfstætt framhald þar sem ofurmennin snúa aftur. Togstreita ríkir í samfélaginu en hinir erfðabreyttu einstaklingar halda sínu striki. Baráttu góðs og ills linnir sjálfsagt seint en banatilræði við forsetann virkar sem olía á eldinn. Aðalhlutverk: Hugh Jackman, Patrick Stewart, Ian McKellen, Halle Berry. Leikstjóri: Bryan Singer. 2003. Bönnuð börnum.

**23.25** Cheech and Chong's Next Movie (Stranglega bönnuð börnum) **1.05** Little Nicky (Bönnuð börnum) **2.30** Taking Care of Business **4.15** Fréttir Stöðvar 2 **5.00** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SKJÁREINN

**12.05** Upphitun (e) **12.40** Crystal Palace – Bolton **14.40** Á vellinum með Snorra Má **15.00** Liverpool – Fulham ▶**17.10** Aston Villa Arsenal

**19.00 Fólk – með Sirrý (e)** Sirrý tekur á móti gestum í sjónvarpssal og slær á létta jafnt sem dramatíska strengi í umfjöllunum sínum um það sem hæst ber hverju sinni.

**20.00 Grínklukkutíminn – Girlfriends**

**20.20 Ladies man** Jimmy Stiles lifir ekki þrautalausu lífi enda eini karlmaðurinn á heimili fullu af konum.

**20.40 The Drew Carey Show** Bandarískir gamanþættir um Drew Carey. Drew og Kate búa sig undir sína fyrstu nótt saman. Hún fer á barinn þar sem allir fyrrverandi kærastarnir hennar sitja að sumbli. Hún kemst að því að hún hafi verið leiðinleg við þá alla og hættir við að sofa hjá Drew.

**21.00 The Secret of my success** Gamanmynd um metnaðarfullan ungan mann sem vill ná langt í viðskiptalífinu. Á aðalhlutverki er Michael J. Fox.

**22.50 The Long Firm – lokaþáttur (e)** Þættirnir fjalla um svindlarann Harry Stark og sögusviðið er London á sjöunda áratug síðustu aldar. Líf aðalsöguhetjunnar er skoðað með augum fjögurra ólíkra karaktera sem hver um sig þekkir Harry Stark og umgengst hann á ólíkum forsendum.

**23.40** Jack & Bobby – nýtt! (e) **0.25** Tvöfaldur Jay Leno (e) **1.55** Óstöðvandi tónlist

## ERLENDAR STÖÐVAR

### SKY NEWS

**6.00** Sunrise **10.00** News on the Hour **17.00** Live at Five **19.00** News on the Hour **22.00** SKY News at Ten **22.30** SKY News **23.00** News on the Hour **0.30** CBS **1.00** News on the Hour **5.30** CBS

### CNN

**7.00** World News **7.30** Diplomatic License **8.00** World News **8.30** International Correspondents **9.00** Larry King **10.00** World News **10.30** World Sport **11.00** World News **11.30** Next@CNN **12.00** World News **12.30** People In The News **13.00** World News **13.30** World Report **14.00** World News **14.30** Diplomatic License **15.00** World News **15.30** World Sport **16.00** World News **16.30** Design 360 **17.00** World News **17.30** Inside Africa **18.00** World News **18.30** World Business This Week **19.00** World News **19.30** Inside the Middle East **20.00** World News **20.30** The Daily Show With Jon Stewart: Global Edition **21.00** World News **21.30** World Sport **22.00** World News **22.30** International Correspondents **23.00** World News **23.30** World Sport **0.00** World News **0.30** People In The News **1.00** World News **1.30** Design 360 **2.00** Larry King Weekend **3.00** World Business This Week **3.30** Global Challenges **4.00** World News **4.30** World Report

### EUROSPORT

**7.30** Xtreme Sports: Yoz Mag **8.00** Ski Jumping: World Cup Sapporo Japan **9.45** Football: Top 24 Clubs **10.15** Alpine Skiing: World Championship Bormio Italy **10.30** All Sports: Casa Italia **10.45** Alpine Skiing: World Championship Bormio Italy **12.15** Tennis: WTA Tournament Tokyo **13.30** Tennis: ATP Tournament Milan Italy **15.00** Snooker: Malta Cup Malta **17.00** Ski Jumping: World Cup Sapporo Japan **18.30** Football: UEFA Champions League Last 16 **19.00** All Sports: Casa Italia **19.15** Snooker: Malta Cup Malta **22.00** Xtreme Sports: Yoz Mag **22.30** News: Eurosportnews Report **22.45** Boxing **0.45** News: Eurosportnews Report

### BBC PRIME

**7.00** Big Strong Girls **7.30** To Buy or Not to Buy **8.00** Cash in the Attic **8.30** Ready Steady Cook **9.15** Antiques Roadshow **9.45** Bargain Hunt **10.15** Flog It! **11.00** Animal Hospital **11.30** Animal Hospital **12.00** Doctors **12.30** Doctors **13.00** Doctors **13.30** Doctors **14.00** Teletubbies **14.25** Tweenies **14.45** Bits & Bobs **15.00** Captain Abercromby **15.15** The Story Makers **15.35** The Story Makers **15.55** The Really Wild Show **16.20** Blue Peter Flies the World **16.45** S Club 7: Viva S Club **17.10** Top of the Pops **17.40** The Generation Game **18.40** Casualty **19.30** Parkinson **20.30** Placido Domingo – The King of Opera **21.30** The League of Gentlemen **22.00** The Fast Show **22.30** Linda Green **23.00** Linda Green **23.30** Top of the Pops **0.00** Supernatural Science **1.00** Masterclass **1.40** Personal Passions **2.00** Governing Europe **2.30** Governing Europe **3.00** Back to the Floor... Again **3.30** Money Money Money **4.00** Follow Me **4.15** Follow Me **4.30** Spelling With the Spellits

### NATIONAL GEOGRAPHIC

**16.00** Air Crash Investigation **17.00** Norway's Hidden Secrets **18.00** Built for the Kill **19.00** Seconds from Disaster **20.00** Battlefront **20.30** Battlefront **21.00** The Heroes of Telemark **23.30** Battlefront **0.00** The Siege of Firebase Gloria

### ANIMAL PLANET

**16.00** Crocodile Hunter **17.00** Pet Star **18.00** King of the Jungle **19.00** Jungle Orphans **20.00** Cousins **21.00** Tracking Deadly Vipers **22.00** The Jeff Corwin Experience **23.00** Shark Shrinks **0.00** Feast of Predators **1.00** Kandula – An Elephant Story **2.00** The Bear Whisperer **3.00** The Crocodile Hunter Diaries **4.00** Crocodile Hunter

### DISCOVERY

**16.00** Building the Ultimate **16.30** Massive Machines **17.00** Secret Submarine **18.00** Nazi Grand Prix **19.00** Ultimates **20.00** American Chopper **21.00** Rides **22.00** World Biker Build-Off **23.00** Trauma – Life in the ER **0.00** Murder Trail **1.00** Rides **2.00** Rex Hunt Fishing Adventures **2.30** Mystery Hunters **3.00** Future Shark **4.00** Ray Mears' Extreme Survival

### MTV

**7.00** Just See MTV **8.00** World Chart Express **9.00** Top 10 at Ten **10.00** Fight for Your Rights – Diary of Bono and Chris Tucker in Africa **11.00** U2 Weekend Music Mix **11.30** MTV Jammed **12.00** U2 Weekend Music Mix **12.30** U2 Makes a Video **13.00** U2 Weekend Music Mix **13.30** U2 on Tour – Leaving Nothing Behind **14.00** The Essential U2 **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Globally Dismissed **17.00** Dance Floor Chart **18.00** European Top 20 **19.00** Green Day Makes a Video **19.30** New Found Glory Make a Video **20.00** Viva La Bam **20.30** The Assistant **21.00** Top 10 at Ten **22.00** Dirty Sanchez **22.30** MTV Mash **23.00** Just See MTV **2.00** Chill Out Zone **4.00** Just See MTV

### VH1

**9.00** Then & Now **9.30** VH1 Classic **10.00** Granddad's of Rock Top 10 **11.00** Smells Like the 90s **11.30** So 80's **12.00** 20 Best Movie Soundtracks **14.00** Super Secret Movie Rules **15.00** Super Secret Movie Rules **16.00** So 80's **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** Smells Like the 90s **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **20.00** Super Secret Movie Rules **21.00** Super Secret Movie Rules **22.00** Scary Videos! **22.30** Viva la Disco

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## LAUGARDAGSKVÖLD

*Sjónvarpið* **kl. 19.40**

***Gísli Marteinn var kynnir á íslensku tónlistarverðlaununum miðvikudaginn 2. febrúar.***

### *Tónlist alls ráðandi*

Það er aldeilis tónlistarþema hjá Gísla Marteini Baldurssyni í kvöld. Gísli fær Einar Örn Benediktsson í heimsókn en hann er þjóðkunnur eftir feril sinn í hljómsveitinni Sykurmolunum með Björk okkar Guðmundsdóttur. Hann hefur haldið sér í tónlistarbransanum síðan meðal annars með hljómsveitinni Ghostigital. Ellen Kristjánsdóttir mætir líka í myndverið en hún fékk verðlaun á íslensku tónlistarverðlaununum fyrir bestu plötuna í flokknum ýmis tónlist. Þriðji gesturinn er síðan Hjálmar Árnason þingmaður.

Um tónlist þáttarins sér hljómsveitin Hjálmar sem var einnig afskaplega sigursæl á íslensku tónlistarverðlaununum. Þeir unnu sem bjartasta vonin og fyrir bestu rokkplötu, Hljóðlega af stað, en hljómsveitin flytur létta reggí-tónlist.



Hjálmar sjá um tónlistina í kvöld.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Now look what you did, you turned my own sprout against me!"**

**Svar:** Charlie Hinton úr kvikmyndinni Daddy Day Care frá árinu 2003.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Samfélagið í nærmynd **8.05** Músík að morgni dags **9.03** Út um græna grundu **10.15** Af heimaslóðum **11.00** Í vikulokin

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Laugardagsþátturinn **14.00** Til allra átta **14.30** Í uppáhaldi **15.20** Með laugardagskaffinu **15.45** Íslenskt mál **16.10** Orð skulu standa **17.00** Rökkurrokk

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Í þjónustu hennar hátignar **19.00** Íslensk tónskáld **19.30** Stefnumót **20.15** Maður lifandi **21.05** Fimm fjórðu **22.15** Lestur Passíusálma **22.22** Konungleg tónlist

**23.10** Danslög

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.08** Með grátt í vöngum

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** PZ-senan **22.10** Næturgalinn

**2.03** Næturtónar **6.05** Morguntónar

## BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Reykjavík Síðdegis - Það Besta Úr Vikunni **9.00** Sunnudagsmorgunn á Bylgjunni

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson **16.00** N á tali hjá Hemma Gunn

**18.30** Kvöldfréttir **19.00** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**10.03** Lífsleikni (Ásdís Olsen) **11.00** Morgunstund með Rósu Ingólfs **11.03** Rósa Ingólfs

**12.25** Smáauglýsingar **13.00** Heil og sæl (endurfl.) **14.00** Menningaþátturinn **16.00** Endurfluttningur frá vikunni sem er að líða



**▶ 20.50**

*Íþróttir*

**Spænski boltinn. Heil umferð fer fram um helgina en meðal annars má nefna leik Barcelona og Atlético Madrid.**

## SÝN

**12.15** Bestu bikarmörkin **13.10** Ítalski boltinn (Juventus – Sampdoria) **14.50** NBA – Bestu leikirnir **16.30** Bestu bikarmörkin **17.25** World's Strongest Man 2004 **17.55** World Supercross

**18.54 Lottó**

**19.00 Inside the US PGA Tour 2005** (Bandaríska mótaröðin í golfi) Vikulegur fréttaþáttur þar sem fjallað er um bandarísku mótaröðina í golfi ánýstárlegan hátt. Hér sjáum við nærmynd af fremstu kylfingum heims og fáum góð ráð til að bæta leik okkar á golfvellinum. Ómissandi þáttur fyrir golfáhugamenn.

**19.25 Tiger Woods (3:3)** Tiger Woods er einn besti kylfingur allra tíma. Nafn hans er þegar skrifað gylltu letri í golfsöguna en afrekaskrá Tigers er bæði löng ogglæsileg. Hæfileikar hans komu snemma í ljós en í þáttaröðinni fá sjónvarpsáhorfendur að kynnast kappanum frá ýmsum hliðum. Rætt er við fjölskyldu og vini Tigers sem og þekktar stjörnur úr íþróttunum og skemmtanaheiminum sem allareigaþað sameiginlegt að dást eindregið að þessum snjalla kylfingi.

**20.20 The World Football Show** (Fótbolti um víða veröld)

▶ **20.50 Spænski boltinn** (Real Madrid – Espanyol) Bein útsending frá leik Real Madrid og Espanyol. Heimamenn eru ósigraðir ídeildinni á nýju ári og gefa ekkert eftir í toppslagnum. Gestirnirhafa líka átt góðu gengi að fagna og eru í 4. sæti deildarinnar.

**23.00** Hnefaleikar (Mike Tyson – Danny Williams) **0.35** Dagskrárlok

### CARTOON NETWORK

**5.00** Tom and Jerry

### FOX KIDS

**7.15** Digimon II **7.40** Pokémon **8.05** New Spiderman **8.30** Medabots **8.55** NASCAR Racers **9.20** Eerie, Indiana **9.45** Black Hole High **10.10** Pokémon **10.35** Pokémon **11.05** Pokémon **11.30** Pokémon **11.55** Pokémon **12.20** Pokémon **12.45** Pokémon **13.10** Pokémon **13.35** Pokémon **14.00** Three Friends and Jerry II **14.15** Hamtaro **14.40** Ubos **15.05** Goosebumps **15.30** Goosebumps

### MGM

**7.05** Young Billy Young **8.35** Raiders of the Seven Seas **10.05** Silence of the Heart **11.40** Marty **13.10** Still of the Night **14.40** Hornets' Nest **16.30** Interiors **18.00** Number One with a Bullet **19.40** Flight from Ashiya **21.20** Foxes **23.05** Blood Games **0.35** Wheels of Terror **2.20** Keaton's Cop **3.55** Odds Against Tomorrow

### TCM

**20.00** The Dirty Dozen **22.25** Brass Target **0.15** Sitting Target **1.45** Night Must Fall **3.25** The Subterraneans

### HALLMARK

**8.15** Back to the Secret Garden **10.00** Picture Perfect **11.30** McLeod's Daughters **12.15** Mrs. Lambert Remembers Love **13.45** The Ascent **15.15** Back to the Secret Garden **17.00** Picture Perfect **18.45** McLeod's Daughters **19.30** Night of the Wolf **21.00** Who Killed Atlanta's Children? **22.45** Larry McMurtry's Dead Man's Walk






**HRÓSIÐ**

*... fær hljómsveitin Jan Mayen, fyrir frumlegt nafn og góða tónlist. Vonandi nær sveitin að slá í gegn á erlendri grundu.*

# Biskupssonur bjargar áhorfanda

Betur fór en á horfðist á sýningu Nemendaleikhússins á Spítalaskipinu á dögunum. „Þetta leit ekki vel út en við náðum að afstýra stórslysi,“ segir Guðjón Davíð Karlsson biskupssonur eða Gói eins og hann er oftast kallaður. „

Sviðsmyndin er talsvert hár og mjór pallur og vegna þess hversu mikið er af kösturum og hliðarlýsingu er stundum erfitt að reikna út hvar maður er. Einn leikarinn okkar, Ólafur Steinn Ingunnarson, á að stökkva í hring í sýningunni og lenda í fanginu á mér. Nema hvað, hann misreiknar sig svona hrapallega og stefnir út í sal þar sem er allt fullt af fólki og hann er alveg að fara að lenda á einum áhorfandanum.“

„Hann rétt náði að krækja í mig og ég bjargaði bæði Ólafi og áhorfandanum. Hann slapp nú óhultur en meiddi sig aðeins. Áhorfendur geta greinilega verið óhultir á leiksýningu ef ég er meðal leikenda,“ segir hann og hlær.

Spítalaskipið er leiksýning eftir Kristínu Ómarsdóttur sem var frumsýnd á dögunum. „Leikritið gerist á spítalaskipi sem er starfrækt í styrjöld í heiminum. Þetta gerist á óákveðnum tíma og hið ríkjandi kerfi í heiminum er karlaveldi. Karlmenn stjórna öllu og konurnar eru sendar í fæðingarbúðir og það eina sem er ætlast til af þeim er að fæða börn og þá sérstaklega drengi. Konurnar mynda svo skæruliðasveit og gera árás á karlaveldið. Það er gífurleg spenna og stuð í leikritinu, miklar bardagasenur og aksjónatriði.“



**SPÍTALASKIPIÐ** Guðjón Davíð Karlsson náði að afstýra slysi á sýningu Nemendaleikhússins þegar minnstu munaði að Ólafur Steinn Ingunnarsson dytti á einn áhorfandann.



**Lárétt:** **1** fantar, **6** leiði, **7** hlotnast, **8** tónn, **9** snjókomu, **10** vinnuvél, **12** skel, **14** samið, **15** hreyfing, **16** leit, **17** vörutegund, **18** geð.

**Lóðrétt:** **1** ílát, **2** hljóma, **3** fimmtíu og einn, **4** fiskaðir, **5** á fætur!, **9** borða, **11** fituskán, **13** einkum, **14** þf. af vér, **17** gat.

**Lausn**

**Lárétt:** **1** dólgar, **6** ami, **7** fæ, **8** la, **9** éls, **10** ýta, **12** aða, **14** ort, **15** ið, **16** sá, **17** ora, **18** skap.

**Lóðrétt:** **1** dall, **2** óma, **3** li, **4** aflaðir, **5** ræs, **9** éta, **11** brák, **13** aðal, **14** oss, **17** op.

allt - sem þig vantar
✓ Smáauglýsingasíminn er 550 5000
✓ auglysingar@frettabladid.is
FRÉTTABLAÐIÐ

**ÞORSTEINN GUNNARSSON**: NETVERJAR SÝNA ÍÞRÓTTAFRÉTTAMANNI GULA SPJALDIÐ

# Brjálaðir út af boltanum

Ekki virðast allir vera á eitt sáttir með kæru Þorsteins Gunnarssonar, íþróttafréttamanns á Stöð 2 og Sýn, sem hann lagði fram á hendur Skjá einum vegna útsendinga þeirra á enska boltanum með enskum þulum.

Útvarpsréttarnefnd tók málið fyrir og hefur ákveðið að banna útsendingarnar frá og með þessari helgi vegna þess að ekki fylgir texti á íslensku með enska talinu. Á heimasíðunni malefni.com er Þorsteinn gagnrýndur harðlega fyrir kæruna af fótboltaáhugamönnum sem segja hann beita mikilli forræðishyggju í málinu. Meðal annars er þar gefið upp netfang Þorsteins fyrir neðan ljósmynd af honum og fólk hvatt til að senda honum bréf. Í textabroti á spjallsíðunni kemur meðal annars fram: „Ef menn skilja ekki málið eða er illa við enska tungu þá bara skipta þeir um rás... hvaða hætta stafar af því að einkastöð sé að sjónvarpa á ensku????? ótrúleg heimska og þröngsýni.“ Annars staðar stendur: „Hef horft á boltann í nokkrum löndum og verð að viðurkenna að íslensku þulirnir hreinlega sökka. Sennilega eru bestu íslensku þulirnir þeir sem þegja mest.“



**ÞORSTEINN GUNNARSSON** Þorsteinn kærði útsendingar Skjás eins á enska boltanum með enskum þulum. Hann segist hafa fengið mjög góð viðbrögð frá almenningi eftir að Útvarpsréttarnefnd dæmdi í málinu.

Þorsteinn Gunnarsson kannaðist ekki við þessi ummæli á heimasíðunni þegar Fréttablaðið ræddi við hann. „Ég er búinn að fá mikil viðbrögð og síminn hefur ekki stoppað. Það hafa allir verið að láta í ljós ánægju með þessa niðurstöðu,“ segir Þorsteinn. „Ég er búinn að fá fjögur bréf þar sem menn eru ekki sáttir.“

Hann gefur lítið út á ásakanir um forræðishyggju. „Lögin eru skýr og það verður að fara eftir þeim. Ef menn vilja breyta þessu þá verður að breyta útvarpslögum. Mér er mjög annt um starf íþróttafréttamanna og þess vegna ákvað ég að láta reyna á þetta. Mér fannst vegið að okkar starfsheiðri með því að vera með enska þuli,“ segir hann.

Hvað varðar ummælin um að íslenskir íþróttafréttamenn séu lakari en þeir ensku segist Þorsteinn alltaf vera að reyna að bæta sig, rétt eins og kollegar hans. „Það telst reyndar til tíðinda hér ef gerðar eru athugasemdir við lýsingar hjá okkur.“

freyr@frettabladid.is



**Á ÍSLENSKU** Samkvæmt úrskurði Útvarpsréttarnefndar verða íslenskir þulir að lýsa leikjum frá ensku deildarkeppninni. Skjár einn verður að bregðast við því á einn eða annan hátt við líta hrifningu netverja.




# Doktorinn aftur á DV

Gunnar Hjálmarsson, betur þekktur sem Dr. Gunni, hefur hafið störf á DV þar sem hann sinnir ýmiss konar menningar- og dægurmálum. „Ég er bara í einhverri prósentuvinnu en ekki fullu starfi,“ segir Doktorinn, sem hefur skrifað kjallaragreinar fyrir blaðið síðustu mánuði. „Ég er samt lítið í fréttum og að herja á níðinga.“

Gunni hefur áður verið viðloðandi DV en hann skrifaði meðal annars í Fókus, fylgiriti DV, fyrir nokkrum árum. Hann býst þó ekki við því að fara dæma plötur að nýju eins og hann gerði á gamla Fókus. „Ég er nú eiginlega hættur því. En maður á aldrei að segja aldrei. Ég ætlaði að fara skrifa dóma á heimasíðuna mína en þá komst ég að því að ég er hættur að hlusta á plötur. Hlusta frekar á einstök lög – er með mikið efni og hef á random.“

Gunni hefur stýrt hinum vinsæla spurningaþætti Popppunkti á Skjá einum og fyrir síðustu jól gaf hann út borðspil tengt þættinum. Þátturinn hefur verið í fríi síðustu mánuði en Gunni stefnir á að fara aftur í sjónvarpið innan skamms.

„Skjárinn ætlaði að setja þáttinn aftur í gang í vor og ég gerði ráð fyrir því en þeir frestuðu því og nú tala þeir um haustið. Þess vegna er ég nú kominn á DV. Þátturinn í vor á að vera svona All-star þáttur, þar sem bestu liðunum verður safnað saman,“ segir Doktor Gunni. ■



**DOKTOR GUNNI** Er kominn á DV en ætlar að fara með Popppunkt í loftið næsta haust.





TILKYNNING
TIL ALLRA AÐDÁENDA ENSKA BOLTANS.
Útsendingar SKJÁSEINS á fótboltaleikjum með enskum þulum hafa verið kærðar til útvarpsréttarnefndar af starfsmanni Sýnar. Í kjölfarið úrskurðaði nefndin að óheimilt sé að senda út leiki með enskri lýsingu án íslenskrar endursagnar. Útsendingar SKJÁSEINS verða því með breyttu sniði núna um helgina.
Nánar verður fjallað um kæruna og úrskurðinn í þættinum Á vellinum með Snorra Má kl. 14:40 í dag og í Sunnudagsþættinum á morgun kl. 11:00.
SKJÁREINN
Fíton/SÍA FI11919 LJÓSMYND: BJÖRG VIGFÚSDÓTTIR

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000









BAKÞANKAR


GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR


## Tilkynning

Ég vil nota tækifærið og minna á það að fyrir rúmu ári síðan lýsti ég því yfir á þessum vettvangi að ég hygðist bjóða mig fram til formanns Samfylkingarinnar árið 2009. Þetta var gert vegna þess að ég taldi mig þá hafa greint ákveðna breytingu á starfsháttum í íslenskum stjórnmálum, þar sem fólk væri farið að tilkynna áætlanir sínar með góðum fyrirvara – sem mér fannst til eftirbreytni – en þá voru þær kringumstæður fyrir hendi að Ingibjörg Sólrún hafði lýst yfir framboði árið 2005, sem er núna, og fyrirfram var vitað að breytt yrði um forsætisráðherra í september árið 2004, sem hefur gerst, og að vissir einstaklingar yrðu ráðherrar og aðrir ekki á ákveðnum tímapunkti, sem hefur líka gengið eftir.

**ÉG** taldi þetta ákaflega þægilegar kringumstæður, að slík vissa væri fyrir hendi um það hvað myndi gerast í hinu annars sviptivindasama umhverfi stjórnmálanna þar sem hefðin er frekar sú að enginn veit neitt um neitt fyrr en eitthvað gerist sem enginn vissi að myndi gerast fyrr en það gerðist.

**ÉG** vildi leggja mitt lóð á vogarskálarnar til þess að viðhalda þessari vissu og mig minnir að ég hafi meira að segja lagt það til að þegar yrði hafist handa við að finna vænlegan frambjóðanda til formannsins árið 2013 og 2017. Ég hef hins vegar ekki orðið var við neina hreyfingu í þá átt og vil ég lýsa yfir vonbrigðum mínum með það. Verulegum vonbrigðum.

**HJÁ** því verður ekki komist að lýsa yfir eftirfarandi með hliðsjón af þróun mála: Í ljósi þess að framboðsyfirlýsing mín hefur ekki fengið neinar undirtektir aðrar en ómerkilegar háðsglósur, verð ég að segja, á öldurhúsum frá mjög svo ómálefnalegu fólki sem gert hefur ítrekað persónulega atlögu að mér og minni persónu – þó aðallega mér – hef ég nú ákveðið að draga framboð mitt til baka. Er ég þar með fyrsti maðurinn sem hættir í stjórnmálum áður en hann byrjaði.

**ÉG** vil óska núverandi kandídötum velfarnaðar í komandi formannsslag og þótt ég taki undir það, með trega í hjarta, að formannsstóllinn er auðvitað ekki merktur neinni ákveðinni persónu til eða frá – sem var misskilningur af minni hálfu – að þá vil ég nú samt leggja áherslu á það að mér hugnaðist nokkuð vel sú nýja hugsun, sú nýja sýn, sem í því fólst að áskorandi núverandi formanns, sem er góður maður, skyldi komast að þeirri niðurstöðu að henni nægði ekki einungis að vera leiðtogi flokksins í kosningum, forsætisráðherraefni í hugsanlegum stjórnarmyndunum, atkvæðasegull í kjördæmunum, kjölfesta hans í málefnastarfi og fulltrúi hans í lykilkappræðum í sjónvarpssal á ögurstundu, heldur þyrfti hún að vera formaður flokksins líka. Það fannst mér nokkuð smart pæling, í rauninni svo smart að ég sé það kristaltært núna að ég sjálfur á ekkert erindi.


